

MJÖLL HÓLM

Gaman að blanda saman gömlu og nýju

heimili jól
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Stutt í skóla og leikskóla

Sérblað um fasteignir
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SIGURJÓN KJARTANSSON

Kemur að gerð nýrra spennuþátta

Sakamálaæðið færast á sjónvarpsskjáinn
Fólk 42



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. desember 2007 — 329. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR


Danir í meiri-hluta í upphafi
Lyfjafræðingafélag Íslands er 75 ára.
TÍMAMÓT 26

Lokar ólöglegri vefsíðu
Leoncie lenti í útistöðum við óprúttu náunga á MySpace.
FÓLK 42

Einn og hálfur sigur
Íslendingarnir í dönsku vinsældar-kosningunni Byens bedste fengu allir eitthvað.
FÓLK 34

Góður sigur Vals
Valur komst í undanúrslit Eimskipsbikarsins í gær þegar liðið lagði Hauka að Hlíðarenda, 23-22, í æsispennandi leik.
ÍÞRÓTTIR 36

VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA Í dag verður norðlæg átt, 10-15 úti við austur- og suðausturströndina, annars hægari. Eljagangur norðan og austan til en bjart veður syðra. Frost 0-8 stig, mildast með suðurströndinni.
VEÐUR 4

Grunur um að málamyndahjónaböndum fari fjölgandi

Talið er að málamyndahjónaböndum hafi fjölgað mjög. Fjöldi dvalarleyfa fyrir maka frá löndum utan EES hefur þrefaldast á þremur árum. Nær víst að menn hagnist á að ganga í og koma á slíkum hjónaböndum.

ÚTLENDINGAR Fjöldi útgefna makaleyfa til ríkisborgara utan evrópska efnahagssvæðisins hefur þrefaldast síðan 2004. Nær öll makaleyfi, eða dvalarleyfi fyrir maka íslenskra ríkisborgara, eru nú veitt einstaklingum utan EES. Fyrir þremur árum átti þessi hópur um helming allra makaleyfa.

Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, segir þessar tölur benda til þess að svokölluðum málamyndahjónaböndum sé að fjölga hérlendis. „Við sjáum vísendingar um það þótt sjaldnast sé grunurinn nægilega rökstuddur til

að hægt sé að synja fólki um leyfi vegna hans.“ Haustið 2005 tóku gildi lög þar sem ríkisborgarar EES voru settir í forgang hvað varðar úthlutun dvalarleyfa. Þar af leiðandi var borgurum utan EES gert erfiðara um vik að fá dvalarleyfi. „Við sáum í kjölfarið mikla aukningu í hjúskaparleyfunum og einmitt líka mun fleiri tilfelli þar sem grunur vaknaði um málamyndahjónabönd,“ segir Hildur.

Tveimur hefur verið synjað um dvalarleyfi vegna gruns um málamyndahjónaband á þessu ári, og að sögn Hildar eru fleiri mál í skoðun


sem gætu leitt til sömu niðurstöðu.

Þá segir Hildur næsta víst að hér á landi hagnist einhverjir á slíkum hjónaböndum, bæði þeir sem taka greiðslu fyrir að ganga í málamyndahjónaband sem og menn sem hafi milligöngu um að koma slíkum hjónaböndum á. Slíkar greiðslur geti nálgast milljón krónur. Aldrei hafi þó tekist að sanna slíkt brot.

Nútíu og nú prósent makaleyfa sem veitt hafa verið í ár fóru til ríkisborgara utan EES. Árið 2004 var sama hlutfall fimmtíu prósent.

- sps / sh

ÚTGEFIN DVALARLEYFI MILLI ÁRA FYRIR MAKÁ ÍSLENSKRA RÍKISBORGARA



BÖRNUNUM HEILSAD Dorrit Moussaieff forsetafrú kveikti á jólatrénu í Kringlunni í gær. Athöfnin markaði upphaf árlegrar göðgerðasöfnunar á jólapökkum fyrir Mæðrastyksnefnd og Fjölskylduhjálpi Íslands. Dorrit heilsar hér krökkum í kór Kársnesskóla sem söng við athöfnina ásamt Margréti Eir Hjartardóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Uppstokkun á FL Group: Hannes hættir Jón tekur við

VIÐSKIPTI Hannes Smárason hættir sem forstjóri FL Group og Jón Sigurðsson, aðstoðarforstjóri, tekur við starfinu. Jón

Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, Hannes Smárason og Jón Sigurðsson hittust í höfuðstöðvum Baugs við Túngötu í Reykjavík í gærkvöldi og ræddu framtíð félagsins. Mikil endurskipulagning stendur fyrir dyrum hjá FL Group. Sú vinna hefur staðið yfir í meira en viku. Í Markaðnum á miðvikudaginn kom fram að eigendur hyggjast auka hlutafé félagsins og styrkja það til sóknar. Baugur gegnir þar lykilstöðu en nýir hluthafar munu væntanlega bætast í hópinn.

- bg

Taktu þátt í skemmtilegum jólaleik á www.jolamjolk.is Frábærir vinningar!

Þjóðaratkvæðagreiðsla í Venesúela um umtalsverðar stjórnarskrárbreytingar:

Kosið um aukin völd Chavez

VENESÚELA, AP Venesúelamenn kusu í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær um 69 stjórnarskrárbreytingar sem snerust meðal annars um umtalsverða aukningu á völdum Hugos Chavez, forseta Venesúela, og að takmörk verði afnumin á því hve lengi hann getur setið sem forseti þessa stærsta olíuútflutningsríki Suður-Ameríku. Andstæðingar Chavez óttast að

verði breytingarnar samþykktar fá hann of mikil völd sem geti ógnað grundvallarréttindum borgara. Til andstæðinga Chavez teljast meðal annars leiðtogar kaþólsku kirkjunnar þar á landi, samtök um fjölmiðlafrelsi, mannréttindahópar og þekktir viðskiptamenn. Kjósundur í höfuðborginni, Karakas, vöknudu í dögun í gær-

morgun við flugelda og lúðrablastur frá hátölurum vörubíla sem keyrðu um borgina. Þessi leið stjórnvalda til að stuðla að aukinni kjörsókn virtist hafa skilað sér þar sem langar raðir mynduðust við kjörstaði og sagði upplýsingamálaráðherra Venesúela, Willian Lara, að kjörsókn væri gríðarleg. Skoðanakannanir bentu til að mjótt gæti orðið á mununum. - sgd

DESEMBER Kafbátur mánaðarins **TÚNFISKBÁTUR** **SUBWAY** 6 tommu bátur **kr. 299** Gildir í desember 2007 Gildir ekki með öðrum tilboðum Gildir ekki í Stjórnunni

21 DAGUR TIL JÓLA

SPURNING DAGSINS



Sölvi, er það þér að kenna að markaðurinn missti taktinn?

„Nei, ég myndi ekki missa taktinn svona.“

Sölvi Blöndal er fyrrverandi trommari og forsprakki hljómsveitarinnar Quarashi. Þegar hljómsveitin hætti skráði hann sig í hagfræðinám og starfar nú hjá greiningaræild Kaupþings.

Bók um Pólstjörnumálið svokallaða kemur út í næstu viku:

Saga smyglskútunnar gefin út

FÓLK Bók um Pólstjörnumálið svokallaða kemur út hjá forlaginu Skugga í lok vikunnar. Ragnhildur Sverrisdóttir blaðamaður skrifaði bókina. „Þetta er stærsta aðgerð sem fíkniefnalögreglan hefur nokkurn tímann staðið í. Rannsóknin fór fram hér og þar um Evrópu og þetta er ótrúleg spennusaga þegar maður nær að rekja hana,“ segir Ragnhildur.

Hún segir hugmyndina að bókinni hafa kviknað skömmu eftir að málið, sem er stærsta fíkniefnamál Íslandssögunnar, kom upp. Vinnslutíminn hafi því verið stuttur, þar sem málið kom upp 20. september síðastliðinn.



RAGNHILDUR SVERRISDÓTTIR
Ný bók hennar um umfangsmestu rannsókn fíkniefnalögreglunnar kemur út í lok vikunnar.

Ragnhildur segir margt nýtt koma fram í bókinni, þó að vissulega hafi eitthvað komið fram í

fréttum af málinu. „Svona bók hefur mér vitanlega ekki verið skrifuð áður, um lögreglumál sem rannsókn stendur yfir á. Mennirnir sitja auðvitað enn í gæsluvarðhaldi,“ segir Ragnhildur. Hún segir lögregluna hafa veitt sér upplýsingar um sínar starfsaðferðir. „Ég held að það sé mjög áhugavert fyrir almenning að lesa um hvernig þeir vinna þessir menn, þetta er alvöru lið. Við höldum svo oft að íslenska lögreglan sé eitthvað vanmáttug, það er svo fjarri lagi. Þetta var svo flott aðgerð. Þetta er sönn spennusaga.“

- þeb

Ísing olli nokkrum bílveltum: Ökumenn óviðbúnir hálkunni

LÖGREGLUMÁL Nokkuð var um umferðaróhöpp á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt og í gær. Bíll fór á hliðina á Þingvallavegi eftir að ökumaður sofnaði undir stýri. Hann slapp ómeiddur.

Þá ók ungur ökumaður á tvo vörubíla við bílaumboð Ingvars Helgasonar. Hann slapp einnig ómeiddur.

Í gær valt bíll á Reykjanesbraut í ísingu og hafnaði á hvolfi úti í Kapelluhrauni.

Ökumaður lemstraðist lítilega. Þá valt einnig bíll í Salahverfi í Kópavogi í ísingu en ökumaður og farþegi sluppu án teljandi meiðsla.

- sh

Lést eftir umferðarslys



Drengurinn sem varð fyrir bíl í Reykjanesbæ síðdegis á föstudag lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi á laugardag.

Hann hét Kristinn Veigar Sigurðsson og átti heima á Birkiteig 17 í Reykjanesbæ. Hann var fæddur 30. september 2003.

Ólvaður drengur á Selfossi: Sparkaði og beit í lögreglu

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók ungan dreng aðfaranótt sunnudags eftir að hópslagmál brutust út við Draugabarninn á Selfossi.

Drengurinn, sem er ekki orðinn átján ára, var verulega ólvaður að sögn lögreglu. Við handtökuna sparkaði hann og beit í lögregluþjóna, auk þess sem hann hafði í hótunum við þá. Þá virðist sem drengurinn hafi verið inni á barnum og hafi getað keypt sér áfengi þar. Vegna ungs aldurs hans voru bæði foreldrar hans og barnaverndaryfirvöld viðstödd skýrslutöku vegna málsins. - þeb

SÚDAN

Náðun kennslukonu rædd

Bresk sendinefnd mun hitta forseta Súðans í dag til að ræða mögulega náðun bresku kennslukonunnar Gillian Gibbons sem var dæmd í fimmtán daga fangelsi fyrir að hafa móðgað islamstrú eftir að hún leyfði nemendum sínum að nefna bangsa Múhammed. Þúsundur Súðana mótmæltu vægum dómi á föstudag og kröfðust dauðarefsingar.

Áform um Bitruvirkjun gætu breyst

Borgarstjóri segir að Landsvirkjun hafi létt mjög á þrýstingi sem var á Orkuveitunni um að virkja á Bitru. Því hafi borgin óskað eftir upplýsingum um stöðu allra samninga og framkvæmda. Farið verði vandlega yfir allar athugasemdir.

UMHVERFISMÁL „Bitruvirkjun er í umhverfismati og við höfum óskað eftir upplýsingum um stöðu allra samninga og framkvæmda hjá Orkuveitunni,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.


Hann segir þetta gert í ljósi þess að Landsvirkjun hafi ákveðið að selja ekki til stóriðju á Suður- og Vesturlandi.

„Þessi ákvörðun [Landsvirkjunar] gæti haft þau áhrif að létta verulega á framkvæmdaþrýstingi hjá Orkuveitunni. Þessi mikli þrýstingur um að fara í alla áfanga Hellisheiðarvirkjunar, þar á meðal Bitruvirkjun, það kann að breytast,“ segir hann. Síðast en ekki síst þurfi að hafa umhverfissjónarmið í huga. Hvergerðingar hafa lýst yfir miklum áhyggjum af Bitruvirkjun og leggst bæjarstjórn eindregið gegn henni. Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri þar, hefur bent á að lyktarmengun verði í bænum, sjöttu daga á ári. Um þetta segir Dagur að farið sé í umhverfismatsferli einmitt til að fá slíkar athugasemdir.

„Og Orkuveitan er metnaðarfullt fyrirtæki, ekki síst á umhverfissviðinu. Það verður því farið mjög vandlega yfir þessar athugasemdir.“

Svandís Svavarsdóttir, staðgengill borgarstjóra, hefur áður lýst því yfir að fyrrnefndar athugasemdir hafi verið „margar, þungar og afgerandi.“

Náttúruverndarsamtök Íslands hafa krafist þess að borgarstjórn „grípi í taumana“ og stöðvi áformin. Landvernd hefur lýst yfir áhyggjum af ýmsu varðandi gerð



ÖLKELDUHÁLS Áhöld hafa verið um fyrirhugaða Bitruvirkjun á Ölkelduhálsi. MYND RAFN HAFNEIÐÓR

Þessi ákvörðun gæti haft þau áhrif að létta verulega á framkvæmdaþrýstingi hjá Orkuveitunni.“

DAGUR B. EGGERTSSON
BORGARSTJÓRI

samninga Orkuveitunnar og Ölfuss, nágrennasveitarfélagsins sem á landið sem virkjunin rís á og gefur því út framkvæmdaleyfið. Talsmenn Orkuveitunnar hafa hins

vegar bent á að hönnun virkjunarinnar hafi tekið miklum stakka skiptum, aðrir kunni að virkja á svæðinu hverfi Orkuveitan frá.

klemens@frettabladid.is



MOSFELLSBÆR Leiguverð félagslegs húsnæðis fært nær almennri leigu.

Félagslegt húsnæði:

Leigan hækkar í Mosfellsbæ

SVEITARSTJÓRNIR Húsaleiga í félagslegum íbúðum í Mosfellsbæ verður hækkuð til samræmis við verðbólgu. Meirihluti fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar segir þetta gert vegna mikils munar sem orðinn sé á leigu í félagslegu leiguhúsnæði bæjarins og leigu á almennum markaði. Fólki sé einnig hjálpað til sjálfshjálpar með því að minnka þann mun.

Fulltrúi minnihluti Samfylkingarinnar segir grundvallar misskilning að tilgangur útleigu félagslegs húsnæðis sé að afla bæjarfélaginu tekna. Tilgangurinn sé að útvega því fólki húsnæði sem getur ekki keypt eða leigt húsnæði á almennum markaði. - gar

Samtökin Betra Breiðholt:

Gatnamótin endurhönnuð

SKIPULAGSMÁL Stjórn íbúasamtakanna Betra Breiðholt vill láta endurhanna mismög gatnamót við Reykjanesbraut og Bústaðarveg þannig að miðpunktur gatnamótanna verði um tíu metrum vestar en núverandi gatnamót. Með þessu vilja samtökin hlfa græna svæðinu í Elliðaárdal og síðan vilja þau að gerð gatnamótanna verði snarlega boðin út.

Samtökin hafa barist fyrir gerð gatnamótanna og segja þau þjóðþrífamál sem hefur verið gert ráð fyrir í öllum skipulagsáætlunum Reykjavíkurborgar í tuttugu til þrjátíu ár. -fb

Einn í gæsluvarðhald grunaður um að hafa verið valdur að dauða 4 ára drengs:

Meintur banamaður neitar sök

LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Reykjanes úrskurðaði í gær 34 ára karlmann í gæsluvarðhald til fimmtudags, en hann er grunaður um að hafa ekið á fjögurra ára dreng á föstudag og síðan flúið af vettvangi. Drengurinn lést á laugardag. Maðurinn neitar sök og segist hvergi hafa komið nærri slysinu.

Dæld er á bíl mannsins að framanverðu og annað framljósið brotið sem þykir benda til þess að hann hafi ekið á eitthvað. Þá hafa fundist trefjar á bílnum sem taldar eru vera úr fötum drengsins. Þær verða sendar til útlanda til rannsókna. Maðurinn hefur orðið missaga um ástæðu þess að bíll hans er dældaður.

Lögregla fór fram á gæsluvarðhald yfir manningum fram á næsta mánudag, en dómari lét nægja að úrskurða hann í varðhald til klukkan fjögur á næsta fimmtudag.

Maðurinn var handtekinn síðdegis á laugardag. Hann er pólskur ríkisborgari og ekki er vitað til þess að hann hafi áður komið við sögu lögreglu. Lögregla hefur rætt við fjölda vitna vegna málsins og rannsakar málið áfram.



NEITAR SÖK Hinn grunaði sést hér leiddur úr héraðsdómi. Hann neitar sök. MYND / VIKURFRÉTTIR

Drengurinn lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi á laugardag. - sh

VÖNDUÐ HÚSGÖGN

SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORDSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA



Calia Italia Premium hvíldarsófi (Stærð: 222 sm)
Óll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
Verð kr. 179.900,-

OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 - 16:00
SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI: 534 1400 • WWW.SETT.IS

NOVA

www.nova.is

ET ÞÆFFTI Í HEIMIL

innandi

Langar þig að komast litlu fyrsti í spegil

Mundu að þú ert á degi í hverri

Þú myndu að líta vel út í myndunni

Þeir gætu líka bara verið

Þú ferð þú til toxa

Þú gagna þessu verio að þú taktu eftir á þessu tundi

Þú gagna þessu verio að þú taktu eftir á þessu tundi

Þú gagna þessu verio að þú taktu eftir á þessu tundi

ef þú veist ekki simann hjá Nova þá ert þú annað hvort lélegur starfsmaður eða eigandi.

Þú gagna þessu verio að þú taktu eftir á þessu tundi

Þú gagna þessu verio að þú taktu eftir á þessu tundi

Þú gagna þessu verio að þú taktu eftir á þessu tundi

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	60,80	61,10
Sterlingspund	125,78	126,40
Evra	89,76	90,26
Dönsk króna	12,034	12,104
Norsk króna	11,056	11,122
Sænsk króna	9,576	9,632
Japanskt jen	0,5492	0,5524

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,6192
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áformuð eldsneytisframleiðsla í Svartsengi úr koltvísýringi og jarðhitaorku:

Marsfarataækni beitt á Íslandi

ORKUMÁL Tækni sem íslenskbandaríska sprotafyrirtækið Carbon Recycling International (CRI) ætlar að beita til að framleiða eldsneyti á bíla úr koltvísýringi er að hluta til ættuð frá bandarísku geimvísindastofnuninni NASA. Þar er um að ræða búnað sem þróaður hefur verið í því augnamiði að gera Marsförum kleift að framleiða eldsneyti til heimferðar til jarðar úr því hráefni sem til staðar er á Mars.



G.K. SURYA PRAKASH

Technology sem unnið hefur að þróun þessarar tækni fyrir NASA.

Aðalræðumaður á ráðstefnunni

var annars G.K. Surya Prakash, prófessor við Loker Hydrocarbon Institute við Háskóla Suður-Kaliforníu, en sú stofnun hefur í áratugi unnið að því að beita efnafræði til að framleiða eldsneyti sem komið geti í stað jarðefnaeldsneytis. Prakash er boðberi þess að koltvísýringur verði nýttur í stórum stíl í þessum tilgangi, með framleiðslu metanóls. Metanólið sé síðan hægt að nota sem eldsneyti ekki aðeins á bruna-hreyflaknúin heldur líka efnafrafalskúin ökutækni.

CRI ætlar sér að reisa tilrauna-metanólverksmiðju í Svartsengi.

- aa

Krapi olli slysum á Akureyri: Ók niður fjóra staura í krapa

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri fékk nokkrar tilkynningar um umferðaróhöpp í krapanum þar í gær.

Ungur ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Eyjafjarðarvegi og hafnaði úti í Eyjafjarðará. Sjúkrabíll ók honum á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Akureyri en hann reyndist ekki alvarlega meiddur.

Annar ungur ökumaður ók niður fjóra ljósastaura við Eyrarlandsveg hjá Akureyrarkirkju. Hann slapp ómeiddur. Þá missti ökumaður stjórn á bíl sínum á Vaðlaheiði og ók á mannláusan bíl, sem hafnaði utan vegar. Engan sakaði.

- sh

Audjofurinn Berezovskí: Rússar sakfella Berezovskí

RÚSSLAND, AP Rússneski audjofurinn Boris Berezovskí, sem býr í útlegð í Bretlandi, hefur verið dæmdur fyrir fjársvik og á yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi. Berezovskí var ekki viðstaddur réttarhöldin.

Rússnesk stjórnvöld hafa árum saman viljað fá Berezovskí framseldan, en Bretar jafnan hafnað því. Rússar hafa meðal annars kennt Berezovskí um að hafa látið myrða njósnarann fyrrverandi, Alexander Litvinenko, og blaðakonuna Önnu Polítovskóju, í þeim tilgangi að láta líta svo út sem Vladímír Pútín Rússlandsforseti standi á bak við þessi morð.

- gb



FANNEY Á KAFI Báturinn sökkt í aftaka-veðri. MYND / GUDBJARTUR ÁSGEIRSSON

Bátur sökkt í Stykkishólmshöfn: Fanneyju bjargað upp á þurrt

BJÖRGUN Bátinum Fanneyju RE 31 var bjargað á þurrt í fyrrinótt eftir að hafa sokkið í höfnina við Stykkishólm aðfaranótt laugardags. Báturinn, sem er 30 tonn að þyngd, sökkt í aftaka-veðri eftir að hafa slegist utan í höfnina og farið á hliðina.

Köfunarþjónusta Ásgeirs og Marteins frá Akranesi sá um neðansjávarvinnuna.

Fyrirhugað er að senda bátinn í slipp á Akranesi. Þar mun eiga að breyta honum í fullbúinn skemmtibát.

- sh

Þvingunum beitt á rússneska kjósendur

Sameinað Rússland, flokkur Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta, vann fyrirséðan stórsigur í þingkosningunum í gær samkvæmt fyrstu útgönguspám. Fregnir bárust víða að um kosningavindl til að tryggja sigur Sameinaðs Rússlands.

RÚSSLAND, AP Milljónir Rússa gengu að kjörborðinu í gær í þingkosningum sem kosningaefirlitsstofnanir segja markaðar af kosningavindli til að tryggja sigur stjórnmalaflokksins Sameinaðs Rússlands þar sem Vladímír Pútín Rússlandsforseti situr í efsta sæti.

Samkvæmt fyrstu útgönguspám fékk Sameinað Rússland yfir 60 prósent atkvæða. Næstmest fylgi fékk Kommúnistaflokkurinn með 11,5 prósent. Tveir flokkar í viðbót, sem báðir styðja Sameinað Rússland, náðu sjö prósent atkvæða þröskuldinum: Frjálslyndir demókratar og Réttlátt Rússland.

Þó að kosningarnar í gær hafi formlega séð snúist um að skipa í 450 sæti Dúmunnar, neðri deildar rússneska þingsins, lögðu stjórnvöld þær upp sem þjóðaratkvæðagreiðslu sem snerist um áframhaldandi völd Pútíns með því loforði að stórsigur Sameinaðs Rússlands myndi gera Pútín kleift að sitja áfram við stjórnvölinn eftir að seinna kjörtímabilinu hans lýkur í maí.

Margir kjósendur kvörtuðu yfir því að hafa verið beittir þvingunum sem kosningaefirlitsstofnanir sögðu hluta af skipulagðri herferð til að auka kjörsókn og stuðla að sigri Sameinaðs Rússlands. Alexander Kynev, sérfræðingur hjá óháðu kosningaefirlitsstofnuninni Golos, sagði skráð dæmi um að kjósendur hefðu fengið greitt fyrir að kjósa Sameinað Rússland. Í einum bæ sögðust kjósendur hafa fengið



STUÐNINGSMADUR PÚTÍNS Dæmi voru um kosningaáróður á kjördag þrátt fyrir að það sé bannað á kjördag samkvæmt kosningalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í dag er allt skýrt og stöðugt í tilverunni.

RAISA TRETYKOVA
61 ÁRS Í SANTKI PÉTURSBORG

kjörséðla þar sem búið var að merkja við Sameinað Rússland og í Tsjetsjeníu, þar sem kjörsókn var 99 prósent, sögðust vitni hafa séð kosningastarfsmenn fylla út atkvæðaseðla. Einnig voru dæmi um að starfsfólki var skipað að kjósa Sameinað Rússland ella yrði það rekið.

Samkvæmt könnun frá því í nóvember styðja tveir af hverj-

um þremur Rússum áframhaldandi völd Pútíns. „Ég kaus Sameinað Rússland vegna þess að frá því hann tók við völdum hefur mér byrjað að líða eins og manneskju í samanburði við hversu illa okkur leið á dökkunum upp úr 1990,“ sagði Raisa Tretyakova, 61 árs gömul kona sem kaus í Sankti Pétursborg. „Í dag er allt skýrt og stöðugt í tilverunni. Orð forsetans eru alltaf í samræmi við gerðir hans. Hvað aðra frambjóðendur varðar vitum við enn ekki á hvaða braut þeir myndu leiða okkur.“

sdg@frettabladid.is

ERLENT

KÍNA: Kínversk ungfrú heimur

Zhang Zilin, sem var kjörin Ungfrú heimur í heimalandi sínu Kína á laugardag, er fyrst keppanda frá austurhluta Asíu sem ber sigur úr bytum í keppninni. Ungfrú Angóla lenti í öðru sæti og í því þriðja lenti ungfrú Mexíkó. Alls tóku 106 stúlkur þátt í keppninni, þar á meðal Jóhanna Vala Jónsdóttir sem keppti fyrir Íslands hönd.



SERBÍA: Framtíð Kosovo í uppnámi

Á miðvikudag slitnaði upp úr við-ræðum um framtíð Kosovo-héraðs, en 10. desember rennur út frestur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa til þess að tryggja samkomulag Serba og Kosovo-Albana. Fulltrúar Kosovo féllust ekki á að draga úr kröfum sínum um fullt sjálfstæði héraðsins, en reynt hafði verið að finna málamiðlun á þriggja daga fundi í Austurríki. Bæði Serbar og Kosovo-Albanir fengust þó til að heita því að grípa ekki til ofbeldis til að leysa deiluna.

NEPAL: Fótspor snjómannsins


Bandarískur þáttastjórnandi, Josh Gates, telur sig hafa fundið sönnun þess að snjómaðurinn ógurlegi sé í raun til og búi á Mount Everest. Gates segist hafa fundið þrjú fótspor 28. nóvember þegar hann var að rannsaka slóðir þar sem fólk hefur sagst hafa séð snjómanninn. Sýndu fótsporin 33 sentimetrar langan fót með fimm tær. Ang Tshering, forseti nepölsku fjallgöngusamtakanna, segir líklega um bjarnarfótspor að ræða og bendir á að lýsing heimamanna á snjómanninum bendi til að hann sé með fjórar tær.



★★★★★
„ÞETTA ER FRÁBÆR SKÁLDSAGA“
-JÓN YNGVI, ÍSLAND Í DAG

★★★★★
„JÓN KALMAN ER KOMINN Í RÖÐ OKKAR MESTU OG MIKILVÆGUSTU HÖFUNDA“
-PÁLL BALDVIN, FRÉTTABLAÐIÐ

6. SÆTI
Á METSÖLULISTA
EYMUDDSSON




„MIKIÐ ÓSKAPLEGA ER ÞETTA GÖÐUR SKÁLDSKAPUR“
KOLBRÚN BERGÞÓRSÓTTIR KILJAN

BJARTUR

VEÐURSPÁ


um hádegis



um hádegis

Kaupmannahöfn	6°C rigning	London	11°C heiðskirt	Friedrichshafen	5°C rigning
Billund	7°C skúrir	Paris	11°C hálfskýjað	Lúxemborg	7°C skúrir
Oslo	2°C skúrir	Amsterdam	10°C skúrir	Alicante	19°C hálfskýjað
Stokkhólmur	5°C rigning	Frankfurt	9°C skúrir	Róm	15°C skúrir
Gautaborg	5°C rigning	Berlin	7°C skúrir	Las Palmas	22°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Tónlist beint í símann

Milljón íslensk og erlend lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn



vodafone

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskrri tónlist.

Tónlistarklúbburinn

- Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
- Íslensk tónlist innifalin (almennt verð 149 kr.)
- Kaupu **erlenda tónlist** á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – **99 kr.** lagið (almennt verð 149 kr.)
- 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbum fylgir útvöldum tónlistarsímum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)

Sony Ericsson W910i

Fullkominn Walkman tónlistarspilari. Örpunnur sleðasími. 3G, EDGE, 1 GB minniskort. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í "Havana Gold" og svörtu.



39.900 kr.

Gríptu augnablikið og lifðu núna





Finnst þér ný útgáfa þjóðsöngsins betri en sú gamla?

Já	42,5%
Nei	57,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgdist þú með keppninni um ungrú heim?

Segðu skoðun þína á visir.is



Almenningur fær aðgang að stóru skjalasafni frá seinni heimsstyrjöldinni:

50 milljón síður um helförina

ÞÝSKALAND, AP Gríðarstórt skjalasafn frá seinni heimsstyrjöldinni hefur nú verið opnað almenningi í Þýskalandi. Hafa sumir eftirlifendur helfararinnar beðið í sextíu ár eftir að fá að leita upplýsinga í skýrslum frá útrýmingarþáttum þar sem grimmdarverk nasista eru skjalfest.

Alþjóðlega leitarþjónustan (ITS) hefur umsjón með skjalasafninu, sem hefur hingað til einungis verið notað til að hafa uppi á týndu fólki, sameina fjölskyldur og veita upplýsingar til fórnarlamba helfararinnar vegna skaðabótamála. ITS heyrir undir Alþjóðanefnd Rauða krossins.

Ellefu ríki sem hafa umsjón með skjalasafni ITS þurftu að staðfesta samkomulag um að opna mætti fyrir aðgang almennings að fimm tíu milljón blaðsíðum sem eru geymdar í

þýska bænum Bad Arolsen að sögn forstjóra ITS, Reto Meister. Grikkland var síðasta ríkið til að staðfesta samkomulagið.

Ekki er talið að skjalasafnið muni breyta almennri vitneskju um helförina og valdatíma nasista, sem er eitt mest rannsakaða tímabil 20. aldarinnar. Fjöldi eftirlifenda helfararinnar og aðstandenda getur hins vegar fræðst um bakgrunn sinn og órlög ástvina. Alls eru nöfn 17,5 milljóna manna skráð í skjalasafninu, sem bandamenn byrjuðu að safna saman fyrir stríðslok og var að lokum afhent Rauða krossinum til varðveislu.

- sdg

SKJALASAFNIÐ Safnið er gríðarstórt og verður hægt að fletta upp í því fimm tíu milljón blaðsíðum.

NORDICPHOTOS/AFP



FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is

Vinsælustu húsbílararnir

T 650 FLC Siest

Hobby T 500, T 600, T 650.

Bæklingarnir komnir fyrir húsbíla 2008.

Pantanir óskast staðfestar.

Hobbyhúsið ehf • Dugguvogi 12 • s: 517 7040

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga 10 - 18
Laugardaga og sunnudaga Lokað

Jólalestin kemur eftir 5 daga

Jólin Coke megin í lífinu

Aðskotadýr alvarleg ógn við lífríki sjávar

Flutningur lífvera með kjölfestuvatni skipa er alvarleg ógn við umhverfi hafsins á heimsvísu. Aðskotadýr ógna nú þegar vistkerfum víða um heim. Umhverfisráðuneytið undirbýr að setja reglur sem kveða á um losun vatns langt frá landi.

UMHVERFISMÁL Flutningur lífvera með kjölfestuvatni skipa er ógn sem stöðjar að umhverfi hafsins á heimsvísu. Hætta er á að í kjölfestuvatni séu lífverur sem lifa af siglingu um langa leið og nái að þrífast í nýjum heimkynnum, með alvarlegum afleiðingum fyrir vistkerfi svæðisins.

Sesselja Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá umhverfisráðuneytinu, segir að lífverur sem berist með kjölfestuvatni eigi oft enga náttúrulega óvini þar sem þær séu losaðar út í umhverfið. Þær geti breytt viðkomandi vistkerfi og haft langvarandi áhrif á lífríki og nýtingu lifandi auðlinda. „Lengi var talið að hafinu við Ísland stafaði ekki mikil ógn af losun á kjölfestuvatni vegna þess að sjór hér við land er tiltölulega kaldur, auk þess sem fátítt var að skip kæmu ólestuð til landsins. Þetta hefur breyst og á ekki lengur við vegna aukinnar iðnaðarstarfsemi hér á landi og hlýnunar sjávar.“

Sesselja segir að nokkur mjög alvarleg umhverfisspjöll af völdum framandi tegunda séu nú þegar staðreynd. „Eitt versta dæmið er



Á **LANDLEIÐ** Skip geta borið með sér sjúkdóma og óæskilegar dýrategundir sem valda miklum skaða í vistkerfinu.

af völdum amerísku kambhveljunnar, sem er marglyttutegund. Hún étur dýrasvif, sem er mikilvæg undirstaða fæðukeðjunnar, og eyðir því algjörlega á stórum svæðum. Hún er talin eiga stóran þátt í hruni fiskistofna í Svartahafinu árið 1990. Hún hefur nýlega fundist í Eystrasaltinu fyrir utan strönd Danmerkur og ógnar þar

lífríkinu í heild.“ Sesselja segir fiskeldismenn hafa miklar áhyggjur af sjúkdómum sem geti borist í eldisstöðvar með þessum hætti. „Sjúkdómar geta einnig borist í villta laxastofna á þennan hátt,“ segir Sesselja.

Leiðbeiningar um losun á kjölfestuvatni skipa verða væntanlega samþykktar á vegum Samnings um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR) í febrúar á næsta ári. Í umhverfisráðuneytinu er að hefjast undirbúningur að reglum um losun á kjölfestuvatni í anda OSPAR. „Samkvæmt fyrirhuguðum leiðbeiningum ættu skip að losa kjölfestuvatn í að minnsta kosti 200 sjómílna fjarlægð frá landi og þar sem er 200 metra dýpi hið minnsta“, segir Sesselja.

svavar@frettabladid.is

FLUNDRA - NÝR LANDNEMI Á ÍSLANDI

Flundra er flatfiskur af kolaætt. Heimkynni flundru eru með ströndum Evrópu frá Marokkó til Færeyja og allt norður á Kólaskaga. Flundra getur náð allt að 60 sentimetra lengd en er sjaldan lengri en 30 sentimetrar. Flundra er nýr landnemi á Íslandi, en fyrsta flundran sem greind var hér á landi veiddist í Ölfusárósi í september 1999. Ekki er þekkt hvernig flundra barst hingað en vitað er að hún hefur borist til Ameríku með kjölfestuvatni í skipi þótt hún hafi ekki náð þar fóttfestu. Talsvert virðist nú um flundru í ósum og sjávarlönnum á Suðurlandi og jafnvel víðar á landinu. Rannsóknir héraendis hafa sýnt að ósar og ísól lón eru mjög mikilvæg



búsvæði fyrir bleikju og urriða. Því er þörf á mun víðtækari rannsóknunum til að afla meiri vitneskju um lífnaðarhætti flundru þannig að hægt sé að átta sig á hver áhrif tilkoma hennar í íslenskt vistkerfi eru gegnum afrán og samkeppni.

Heimild: Magnús Jóhannsson, Veiðimálastofnun

SKILGREINING ORÐSINS KJÖLFESTUVATN

Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölrístu, stöðugleika eða álagi.

Tekjuskattsgreiðslur stóriðjufyrirtækja nam sex milljónum króna í fyrra:

Straumsvík laut öðrum reglum

VÍÐSKIPTI „Það kann að blekkja að álverið í Straumsvík hefur ekki verið inni í almenna skattkerfinu,“ segir Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku að stóriðjufyrirtækin greiða svo til engan tekjuskatt, þegar rýnt er í yfirlit sem birt var í Vefriti fjármálaráðuneytisins. Samanlagðar tekjuskattsgreiðslur þeirra í fyrra nemi sennilega um sex milljónum króna.

Tekjuskattar á lögaðila í heild nemi um 40 milljörðum króna. Þar af greiði fjármálafyrirtækin um helming.

Álverið í Straumsvík var þangað til 1. janúar 2005 utan við almenna skattkerfið, samkvæmt lögum sem samþykkt voru í sumar. Það greiddi sérstakt framleiðslugjald sem í hittíðfyrra nam 990 milljónum króna.

Áætlað var, þegar allt væri til tekið, að tekjur ríkissjóðs af álver-

inu árið 2005, myndu rýrna um hálfan milljarð króna, eftir breytinguna.

Baldur bendir á að þótt stóriðjufyrirtækin séu í eigu erlendra aðila, þá eigi að greiða tekjuskatt innanlands.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að mikill fjárfestingakostnaður þar skýri lágur skattgreiðslur. Hann bendir jafnframt á að fyrirtækið greiði há fasteigna og hafnargjöld. - ikh



N1



NÚ GETUR ÞÚ EKKI VILLST

Ótrúlegt verð á Garmin GPS staðsetningartækjum



TILBOÐ

42.900 ~~59.900~~

GARMIN Nüvi 660

Garmin 660 er eitt fullkornasta GPS tækið á markaðnum. 4,3" snertiskjár, SIRF móttakari, innbyggð Evrópukort, vegtölva, innbyggð rödd, Bluetooth, 260 mb minni, rauf fyrir SD kort, miklir uppflattimöguleikar, MP3 spilari, hljóðbók, myndskoðari o.fl.



TILBOÐ

22.490 ~~33.000~~

GARMIN Nüvi 250

Garmin 250 GPS tækið er lítið, einfalt og ódýrt með innbyggðu Evrópukorti, 2,8" snertiskjár, 12 rása móttaka, 500 vegpunktar, innbyggð rödd, vegtölva, 85 mb minni, rauf fyrir SD kort.

Tilboðin gilda til áramóta eða meðan birgðir endast

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200

REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNARFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14

EPSON®



SKANNAR FYRIR ATVINNUMENN

- 4800 x 9600 punkta upplausn
- 48 bita litadýpt
- 4.0 Dmax
- Skanna filmur og slides
- Litaleiðrétting
- OCR hugbúnaður fylgir

Verð frá
59.900 kr.

PÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is



Á tilboði í desember 2007

- Valdar gerðir af Pillivuyt postulíni

Einar Kristjánsson,
framreiðslumaður
sólumaður hjá RV



Ferkantaður diskur, 25cm
3 stk 3.185 kr.

Opnunartími í
verslun RV í desember:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 – 18:00
Laugardaga
frá kl. 10:00 – 16:00

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Ehud Olmert segir Ísraelsríki í hættu ef Palestínnumenn geta ekki stofnað ríki: Ísraelar vantrúaðir á árangur

ÍSRAEL, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, líkir stöðu gyðinga í Ísrael við stöðu hvíttra manna í Suður-Afríku og segir nauðsynlegt að Palestínnumenn fái að stofna sitt eigið ríki svo gyðingar verði ekki hreinlega undir í baráttunni við araba.

„Ef sá dagur kemur að tveggja ríkja lausnin fellur um sjálfa sig og við stöndum frammi fyrir baráttu um jafnan atkvæðisrétt svipað því sem gerðist í Suður-Afríku, þá eru dagar Ísraelsríkis taldir,“ segir Olmert í viðtali við ísraelska dagblaðið Haaretz, nýkominn heim frá fundinum í Annapolis í Bandaríkjunum þar sem reynt var að koma



EHUD OLMERT Í ANNAPOLIS
Á fundinum samþykktu hann og Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, meðal annars að ræða saman á hálf mánaðar fresti og stefna að samningi fyrir lok næsta árs.

fríðarsamningum við Palestínnumenn af stað á ný.

Þetta segir hann ef til vill til að

sannfæra trúbræður sína um nauðsyn þess að ná fríðarsamningum við Palestínnumenn sem allra fyrst, en samkvæmt tveimur skoðanakönnunum, sem birtar voru í ísraelskum fjölmiðlum í gær, eru innan við 20 prósent Ísraela þeirra skoðunar að árangur hafi náðst í Annapolis. Meira en 80 prósent telja engar líkur á því að fríðarsamningur verði að veruleika fyrir lok næsta árs.

Rússar hafa nú boðist til að halda framhaldsfund um málefni Mið-Austurlanda, þótt enn sé óljóst um tímasetningu slíks fundar. Rússar segjum að vel hafi verið tekið í þá tilögu á fundinum í Annapolis. - gb

Hertari reglur um byssueign í Evrópu

Ítarlegri skráning skotvopna og hærra aldurstakmark til að kaupa skotvopn eru meðal reglna sem búist er við að taki gildi í janúar hjá Evrópusambandinu. Tæpur mánuður er síðan átján ára nemandi skaut átta til bana í Finnlandi.

BRUSSEL, AP Lög um hertari reglur um byssueign í 27 ríkjum Evrópusambandsins hlutu yfirgnæfandi stuðning þegar kosid var um þau á Evrópuþinginu í síðustu viku. Nýju reglurnar eru háðar samþykki stjórnvalda aðildarríkjanna en búist er við að þær gangi í gildi strax í janúar. Eftir það hafa aðildarríkin tvö ár til að koma þeim í framkvæmd. Samkvæmt nýju reglunum, sem verið er að uppfæra frá árinu 1991, mega aðeins átján ára og eldri kaupa og eiga skotvopn. Undanþegin því eru skotvopn notuð til veiða eða skotfimi undir eftirliti þar til bærra fullorðinna.

Aðildarríki skuldbinda sig til að halda tölvuskrá með upplýsingum um sérhvert skotvopn þar sem fram kemur gerð, árgerð, hlaupvídd, raðnúmer ásamt nöfnum og heimilsföngum bæði seljanda og kaupanda. Upplýsingarnar verða geymdar í að minnsta kosti 20 ár.

Tæpur mánuður er síðan átján ára gamall nemi skaut átta til bana í finnskum skóla. Þó að frumvarpið hafi verið í vinnslu síðustu átján



SKOTÁRÁS Í Finnlandi geta fimmtán ára fengið skotleyfi og í Bretlandi mega sautján ára kaupa haglabyssu. NORDICPHOTOS/AFP

mánuði sögðust þingmenn sjá brýna þörf á að koma nýju reglunum á sem fyrst til að fyrirbyggja slíka harmleiki í framtíðinni. Nýju reglurnar eru í samræmi við reglur Sameinuðu þjóðanna um skotvopn.

Mismunandi reglur eru um byss-

ueign í Evrópu. Í Finnlandi mega fimmtán ára vera með skotleyfi á veiðiriffla. Um 5,3 milljónir manns búa í Finnlandi og eru 1,6 milljón skráð skotvopn þar í landi. Í Bretlandi mega sautján ára kaupa skotvopn. sdg@frettabladid.is

Aðgerðaáætlun tilbúin fyrir kennarasamningana 2008:

Vilji til umbóta

SVEITARFÉLÖG Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa komið sér saman um aðgerðaáætlun fyrir kjarasamningana í vor. Karl Björnsson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir að báðir aðilar hafi lært af slæmri reynslu sinni og samskiptaerfiðleikum síðustu ára og nú sé fullur vilji beggja til að bæta úr. Karl flutti erindi um samningaviðræður við kennara síðustu ár á Skólalþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í síðustu viku. Þar kom fram að samskipti hefðu verið erfið og of miklu þúðri hafi verið eytt í að deila um staðreyndir en skort á sameiginlegan undirbúning. Hvergi hafi verið sameiginlegan flöt að finna. Þessu sé sátt um að breyta.

Búið er að gera aðgerðaáætlun sem á að auka fagmennsku, bæta vinnubrögð, skapa traust og efla



KARL BJÖRNSSON

virðingu milli aðila. „Þegar kjaraviðræður hefjast í febrúar er markmiðið að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar og að sátt ríki um allar tölur þannig að á kjaraviðræðu-

tímabilinu sé ekki eytt þúðri í að deila um tölur og grunnöggn,“ segir Karl. „Aðgerðirnar felast í því að undirbúa kjaraviðræðurnar vel. Í janúar og febrúar reyna menn að setja sér sameiginleg markmið og koma ekki til leiks með ólík markmið sem erfitt er að samræma eins og síðast. Nú er von mín að mönnum heppnist að setja fram sameiginleg markmið,“ segir Karl og telur aðgerðaáætlunina lofa góðu. - ghs

AÐGERÐAÁÆTLUN KENNARA

Skilgreining sameiginlegra markmiða nýs kjarasamnings
Gerð viðræðuáætlunar
Kjaraviðræður
Undirritun kjarasamnings

Tími
janúar 2008
febrúar 2008
febrúar-apríl 2008
maí 2008

Opinber ósk frá formanni Félags grunnskólakennara:

Aðilar stígi raunveruleg skref í þá átt að ná sáttum um að kennarastarfið beri að launa eins og önnur háskólamentuð störf.

ESP
ESPRIT SPORTS



Peysur, buxur og bolir
í jólapakkann

Verð frá

1.990

ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR



Way of Life!

Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.



SJÁLFSKIPTUR GRAND VITARA SPORT

Verð 2.990 þús.

SUZUKI

Kíktu á suzukibilar.is

Skeifunni 17. Sími 568 5100.

Karlmaður dæmdur fyrir vörslu fíkniefna í Héraðsdómi Norðurlands eystra:

Með hass, spítt og e-töflur

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri var í síðustu viku dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu fíkniefna í Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Lögregla leitaði á manninum í kjölfar umferðaróhapps við Bægisá í Hörgárbyggð í nóvember 2006 og fann tæp fjögur grömm af hassi og tæp nítján grömm af amfetamíni í fórum hans. Hinn ákærði hafði verið ásamt tveimur öðrum mönnum í bíl sem ekið var út af veginum við Bægisá í Öxnadal.

Maðurinn var einnig ákærður fyrir að hafa í vörslu sinni ásamt mönnum tveimur 34 e-töflur og tæp tíu grömm af amfetamíni, sem fundust við leit í bílnum.

Samkvæmt framburði lögreglumanna voru mennirnir þrír í annarlegu ástandi þegar lögreglu bar að garði. Þá var hinn ákærði sýnilega ölvaður og bar þess merki að vera undir áhrifum fíkniefna,

en hann hefur hlotið ýmsa refsíðoma frá árinu 1990.

Hinn ákærði játaði að hafa haft í vörslu sinni smáræði af hassi en neitaði að bera ábyrgð á hinum fíkniefnunum, en það féllst dómari ekki á.

Maðurinn kvaðst fyrir dómi vera hættur að neyta fíkniefna og framvísaði þar að auki vottorði frá vinnuveitanda um að hann hefði stundað vinnu og staðið sig með þryði. Það varð honum til refsímildunar. Fíkniefni fundust í fórum mannsins eftir að bíll sem hann var farþegi í lenti í umferðaróhappi. Hann var handtekinn í kjölfarið.

Maðurinn játaði að hafa átt um fjögur grömm af hassi en vildi ekki kannast við fleiri fíkniefni sem fundust í bifreiðinni.

Hann fékk vægari dóm þar sem dómara fannst sannað að maðurinn væri að reyna að bæta sitt ráð.

- æpe

Lengra kennaranám kostar 800 milljónir

Kostnaðarmat sveitarfélaganna vegna frumvarps um lengingu kennaranámsins sýnir árlegan útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin upp á 800 milljónir árið 2018. Þegar lengingin er komin til fullra áhrifa kostar lengingin 1,5 milljarða.

SVEITARFÉLÖG Kostnaðarmat sveitarfélaganna vegna frumvarps um menntun og ráðningu kennara sýnir að árlegur kostnaðarauki sveitarfélaganna vegna lengingar kennaranámsins nemur ríflega 800 milljónum króna árið 2018.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagði á Skólalþingi 2007 á föstudag að það væri varlega áætlað því að kostnaðaráhrifin yrðu þá ekki komin að fullu til framkvæmda. Þegar sú yrði raunin myndu þau nema um 1,5 milljörðum á ári.

„Sambandið gerir að sjálfsögðu kröfu um að teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig sveitarfélög fái þennan kostnaðarauka bættan,“ sagði Halldór.

Á Skólalþinginu var lögð fram Skólaskýrsla 2007. Hún sýnir að rekstrarútgjöld sveitarfélaga vegna leikskóla hafa snarhækkað frá árinu 2004. Rekstrarútgjöldin voru 13,9 milljarðar króna árið 2006 og höfðu þá hækkað um tæplega 4,5 milljarða króna uppreikn-



VIÐRÆÐUR VERÐI TEKNAR UPP Sveitarfélögin hafa látið gera kostnaðarmat sem sýnir að lenging kennaranáms hafi kostnaðaráhrif upp á 1,5 milljarða króna þegar lengingin verður komin til fullra áhrifa. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir kröfu um að teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig sveitarfélög fái þennan kostnaðarauka bættan.

að á verðlagi 2006, eða sem nemur 46 prósentum. Veigamikil skýring aukinna rekstrarútgjalda vegna leikskóla er sú að hlutdeild foreldra í rekstrarkostnaðinum hefur minnkað verulega undangengin ár. Til marks um það má nefna að þjónustutekjur vegna leikskóla hafa lækkað um ellefu prósent frá árinu 2004, þegar hlutdeild foreldra nam 28 prósentum af rekstrarkostnaði. Í fyrra var þetta hlutfall nítján prósent. Rekstrarútgjöld vegna leikskóla námu um þrettán prósentum af skatttekjum sveitarfélaga í fyrra. Leikskólanemendur voru rúmlega sautján þúsund talsins og stöðugildi alls starfsfólk ríflega



HALLDÓR HALLDÓRSSON

fjögur þúsund talsins. Grunnskólanemendur voru tæplega 44 þúsund í fyrra og voru stöðugildi starfsfólks við kennslu tæplega 4.800.

Rekstrarkostnaður vegna grunnskólanna nam tæplega 41 milljarði króna í fyrra og hafði aukist um 5,7 milljarða eða sem nemur 15 prósentum frá 2004.

Launakostnaður vegna grunnskólans nemur tveimur þriðju af rekstrarkostnaði og hafa launahækkningar gegnum kjarasamninga talsverð áhrif. Árið 2006 nam rekstrarkostnaður vegna grunnskóla rúmlega þriðjung af skatttekjum sveitarfélaganna.

ghs@frettabladid.is

HELMINGUR TEKNA Í SKÓLANA

Alls voru ríflega 61 þúsund barn í leikskólum og grunnskólum landsins á síðasta ári. Stofnanir voru 440 talsins, stöðugildi starfsfólks ríflega ellefu þúsund. Rekstrarkostnaður vegna grunnskóla og rekstrarútgjöld vegna leikskóla námu samtals tæpum 55 milljörðum króna eða sem nemur tæplega helmingi af skatttekjum sveitarfélaganna það ár.

F|plús⁴

VÍÐTÆKASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN

TRYGGING SEM VEX MEÐ ÞÉR

F plús hjá VÍS er samheiti yfir tryggingar fyrir fjölskyldur og heimili. Þarfir fólks, fjölskyldu- og heimilishagir eru mismunandi og þess vegna er mikilvægt að hafa tryggingu sem tekur mið af því. Kynntu þér F plús og veldu þá tryggingu sem hentar þér og þínum best.

VÍS – ÞAR SEM TRYGGINGAR SNÚAST UM FÓLK

F|plús



Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is

Óbyggðanefnd braut lög á landeiganda í Jökuldal með úrskurði á málskostnaði:

Greiddi röngum aðila þóknun

DÓMSMÁL Óbyggðanefnd fór ekki að lögum þegar hún úrskurðaði að ríkissjóður ætti að greiða lögmanni jarðeiganda, en ekki landeigandanum sjálfum, kostnað við málarekstur fyrir nefndinni.

Um er að ræða landeiganda í Jökuldal sem ásamt öðrum var að verjast þjóðlendukröfum fyrir óbyggðanefnd. Hann sætti sig ekki við að þóknun vegna málskostnaðar var látin renna beint til lögmanns hans en ekki til landeigendanna eins og krafa var gerð um. Hann kvartaði við Umboðsmann Alþingis.

Lögmaðurinn vann fyrir um þrjátíu jarðeigendur. Óbyggðanefndin sagði vinnu hans á marg-



JÖKULDALUR Landeigandi í Jökuldal á sjálfur að fá greiddan málskostnað fyrir óbyggðanefnd en ekki lögmaður hans beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

an hátt nýtast þeim sameiginlega. Erfitt væri að greina vinnuframlag lögmanns fyrir hvern og einn. Umboðsmaður Alþingis sagðist

hafa vissan skilning á sjónarmiði óbyggðanefndar. Samkvæmt lögum ætti nefndin hins vegar að úrskurða málsaðilum sjálfum, landeigendunum en ekki lögmönnum þeirra, kostnað í slíkum málum.

„Þótt hvorki málsaðilar né lögmen hafi bæði almennt hingað til og í þessu máli gert athugasemd við það fyrirkomulag sem hefur tíðkast hjá nefndinni þá getur það ekki réttlætt það að vikið sé frá efni lagaákvæðis sem Alþingi hefur sett,“ segir Umboðsmaður Alþingis og leggur fyrir óbyggðanefnd að hún taki mál landeigandans til endurskoðunar biðji hann um það.

- gar

Hagkaup

bjóða einfaldlega meira úrval



Jack ávöxtur



Ung kókoshneta



Trétómatur



Broddmelóna



Dreka ávöxtur



Guave



Granatepli



Curuba



Ramboutan



Stjörnu ávöxtur



Grenadilla



Kaktus fíkjur



Maracuya



Ferskar fíkjur



Ástríðu ávöxtur



Durian

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



GLERFLAUTA Japanski flautuleikarinn Gazan Watanabe spilar þarna á forlíta glerflautu. Það tók ellefu manns þrjá mánuði að smíða flautuna, sem er svokölluð shakuhachi-flauta. Slíkar flautur eru venjulega gerðar úr bambus.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýtt endurvinnslusvæði Sorpu í Gufunesi formlega tekið í notkun á föstudag:

Bagga hundruð tonna á dag

UMHVERFISMÁL Sjö stjórnarmenn Sorpu, einn fyrir hvert byggðarlag á höfuðborgarsvæðinu, klipptu á borða til að opna formlega nýtt endurvinnslusvæði hjá Sorpu í Gufunesi á föstudag.

Endurvinnslusvæðið hefur hlotið nafnið Straumur til framtíðar.

Þar eru mismunandi tegundir úrgangs til endurvinnslu aðgreindar betur en verið hefur.

Afkastamiklar vélar sjá um að þjappa úrganginum, hundruðum tonna á dag, áður en baggarir eru sendir áfram í næsta líf, sem í þeirra tilviki hefst í Svíþjóð. - bj



KLIPPT Á BORÐA Sjö stjórnarmenn klipptu á borða til að opna svæðið á föstudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Strandamenn losa eignir:

Broddanesskóli líklega seldur

SVEITARSTJÓRNIR Broddanesskóli í Kollafirði í Strandasýslu verður hugsanlega seldur.

Hjón sem búa á bænum Miðhúsum þar skammt frá ásamt foreldrum annars þeirra hafa falast eftir skólabyggingunni í Broddanesi, sem ekki hefur verið nýtt til skólahalds í þrjú ár.

Hjónin vilja kaupa eða leigja skólann. Sveitarstjórnin samþykkti að kanna möguleika á að setja bygginguna á sölu hið fyrsta.

Broddanesskóli er samtals um 500 fermetrar með íbúð sem fylgir. Húsið var reist árið 1978.

- gar

Ómarktæk aukning milli ára: Of feitum fjölgar hægar í BNA

BANDARÍKIN, AP Lát virðist vera á þeirri miklu aukningu í offitu sem orðið hefur meðal fullorðinna í Bandaríkjunum undanfarin tuttugu ár að því er bandarísk stjórnvöld hafa greint frá.

Um 33 prósent karla og 35 prósent kvenna þjást af offitu á tímabilinu 2005 til 2006 samkvæmt viðamikilli könnun bandarísku sjúkdómavarnastofnunarinnar. Aukningin frá tímabilinu á undan var um tvö prósentustig sem yfirvöld segja ekki tölfærðilega marktækt. - sdg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Nokkur erill hjá lögreglu

Nokkur erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Tveir voru gripnir við ölvunarakstur og upp komu tvö smærri fíkniefnamál. Fjórir gerðust brotlegir við lögreglusamþykktir.

Fyrrum bandalagsflokkarnir:

Nýr þingmeirihluti í Úkraínu

ÚKRAÍNA, AP Brothættur meirihluti var myndaður á úkraínska þinginu á fimmtudag milli flokkanna tveggja sem komust til valda í appelsínugulu byltingunni árið 2004.

Samanstendur meirihlutinn af 227 þingsætum sem er aðeins einu sæti meira en þarf til að ná meirihluta.

Leiðtogar flokkanna tveggja, Viktor Jústsjenko, forseti Úkraínu, og Júlía Týmosjenko, náðu samkomulagi um stjórnarsáttmála þar sem gert er ráð fyrir að Týmosjenko taki við sem forsætisráðherra og flokkur Jústsjenkos fái að velja þingforseta. Hafa flokkarnir nú mánuð til að mynda ríkisstjórn. - sdg



VIKTOR JÚS-JENKÓ OG JÚLÍA TÝMOSJENKÓ

Vernda vatnsból og hafna sumarhúsum

Sveitarstjóri Rangárbings ytra segir sveitarfélagið farið að sporna fótum við nýjum sumarhúsbyggðum, landeigendum til vonbrigða. Hann segir heimamenn vilja tryggja vatnsból og uppbyggingu og falast því eftir kaupum á ríkisjörðum.

SVEITARSTJÓRNIR „Það er töluverð óánægja meðal landeiganda,“ segir Örn Þórðarson, sveitarstjóri Rangárhrepps ytri, sem hefur að undanfögnu hafnað umsóknnum ýmissa jarðeiganda sem vilja skipuleggja sumarhúsabyggingar á landi sínu.

Örn segir ástæðuna fyrir þessari stefnubreytingu vera vatnsverndarmál. „Það hefur verið látið ótalið um allt land að byggja við vatnsból af því að við eigum svo mikið af vatni og við þurfum miklu frekar á fólki að halda en vatni. Nú er þetta að breytast og verðmæti vatns að aukast. Þegar koma inn beiðnir í dag um að fá að byggja sumarhús á vatnsverndarsvæði erum við farnir að segja nei,“ útskýrir sveitarstjórnin.

Örn bendir á að undanfarin ár hafi jarðaverð stöðugt hækkað með vaxandi ásókn. Fjárfestar hafi séð sér leik á borði. „Menn hafi kannski keypt jörð á 200 milljónir króna og síðan skipulagt sumarhúsabyggingu á hluta hennar og selt fyrir 100 milljónir. Landeigendur eru ósattir við að ná ekki þeirri nýtingu á landið sem þeir stefndu að. Það er ómurlagt að leggja stein í götu fólks en við verðum að horfa fimmtíu til hundrað ár fram í tímann. Þegar þar að kemur viljum við ekki vera með sumarhúsabyggingu beinlínis ofan í miðjum vatnsbólunum eins og dæmi eru um,“ segir Örn.

Að sögn Arnar vakna spurningar um skaðabótaábyrgð þegar sveitarfélag neitar landeiganda um breytt skipulag. „Samkvæmt skipulagslögum er ekki bótaskylda en það er slíkt mál ofan úr Hrunamannahreppi í gangi núna fyrir dómstólum sem verður fróðlegt að fylgjast með,“ segir hann

Rangárhreppur ytri hefur þegar gengið frá því við



HELLA Sveitarstjórnarmenn í Rangárhreppi ytri vilja tryggja vatnsból til langrar framtíðar og veita því ekki leyfi fyrir nýrri byggð á vatnsverndarsvæðum.



ÖRN ÞÓRÐARSON Sveitarstjóri Rangárhrepps ytri.

ÁKLYKTUN UM VATNSBÓL

Samtök sunnlestra sveitarfélaga hafa skorað á sveitarfélög að huga í ríkari mæli að framtíðarvatnsbólum og vatnsvernd í kringum þau. Hægt sé að losa verðmætt land undan núverandi vatnsvernd en tryggja um leið öruggt neysluvatn annars staðar frá. „Það á að vera réttur hvers einstaklings að hafa aðgengi að góðu og heilnæmu vatni óháð búsetu hans,“ segir í ályktun frá ársþingi Samtaka sunnlestra sveitarfélaga.

landbúnaðarráðuneytið að fá að kaupa landgræðslujörðina Gröf sem er norðan við Hellu. Ósamið er um kaupverð en upphæðin á að renna til landgræðslu á Gunnarsholti. Ekki er vatnsverndarsvæði á Gröf en Örn segir jörðina ætlaða til stækkunar sveitarfélagsins.

Örn segir að sveitarfélagið hafi falast eftir fleiri ríkisjörðum, meðal annars Geldingalæk ofan Gunnarsholts. „Þar er gróðarlega stórt vatnsból en á þessu stigi málsins féllst landbúnaðarráðuneytið ekki á að selja okkur þá jörð,“ segir Örn Þórðarson.

gar@frettabladid.is

HVER Á ORKULINDIRNAR?

Málþing um eignarrétt á auðlindum í jörðu

Hótel Saga kl. 16:00
Þriðjudaginn 4. desember



Mundur: Halldór Sigurðsson



Þriðjudaginn 4. desember n.k. stendur RSE fyrir málþingi um eignarrétt á auðlindum í jörðu. Fjallað verður um hverjir eigi auðlindirnar og hvernig eignarhaldi á þeim sé best fyrir komið.



Málþingið fer fram á Hótel Sögu (salur Harvard 2) og hefst kl. 16:00.



Framsögumenn verða Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og dósent við Háskóla Íslands og Ragnar Arnason, prófessor við Háskóla Íslands.



Að loknum framsögum verða pallborðsumræður. Auk framsögumanna munu Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, Sigurður Línal, prófessor við Háskólann á Bifröst og Birgir Þór Runólfsson, dósent við Háskóla Íslands taka þátt.



Gert er ráð fyrir að fundi ljúki eigi síðar en kl. 18:00.

Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar á www.rse.is

Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál.



RSE

SIEMENS

Fyrir jólin



Espresso-kaffivélar, bjóðum upp á mikið úrval. Tilvalin jólagjöf handa heimilisfólkinu.

Heimilistæki, stór og smá, ljós, símar, pottar og pönnur.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Vaxtalaus jólatilboð

Við í Betra Bak trúum því að rúm sé ekki bara staður til að sofa á, heldur eitthvað miklu miklu meira.



Jólagjöfin þín

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 45.439



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 12.218



Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gaffi
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 51.663



Senseo: Svefnsofi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán* . kr. 15.516



Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



SONY ERICSSON K810i

Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og háhraðanet. Léttkaupsútborgun:

5.900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 29.900 kr.



SONY ERICSSON Z310i

Léttur og lípur samlokusími með myndavél. Léttkaupsútborgun:

1.900 kr.

750 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 10.900 kr.



NOKIA 6267

Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og háhraðanet. Léttkaupsútborgun:

900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 24.900 kr.



Já ... pápi, lommér snöggvast að segja eitt orð við hana mömmu ...

Góðar ástæður til að endurnýja farsímamann eða uppfæra í 3G:

- Frábær jólatilboð á GSM sínum.
- Farðu á netið í 3G símanum og fáðu þriggja mánaða áskrift að Tónlist.is á 0 kr. í boði Símans.*
- Sjónvarp í 3G símanum á 0 kr. í desember.

Kynntu þér möguleika 3G á siminn.is eða í næstu verslun Símans.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp

* Meðan birgðir endast.

„ORÐRÉTT“

Skilur ekki stressið

„Ég hef alltaf notið mín best í leikjum þar sem mikið er í húfi og margir áhorfendur eru að fylgjast með.“

PÉTUR PÉTURSSON, NÝR AÐSTOÐ-
ARÞJÁLFARI ÍSLENSKA LANDSLIDS-
INS Í KNATTSPYRNU.
Fréttablaðið 2. desember

Peningarnir okkar?

„Við greiðum öll í þessa sjóði. Svo kemur eitthvað upp á og þá erum við bara einskis virði.“

GUDMUNDUR FELIX GRÉTARSSON
ER MEDALÞEIRRA SEM MISSTU
TEKUR ÚR LÍFEYRISJÓÐUM UM
MÁNADAMÓTIN.
Fréttablaðið 2. desember

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

BREYTINGAR Á ÞINGSKÖPUM

Mega tala svolítið lengi

„Ég hef nú ekki fylgst nógu mikið með þessu máli, en það er kannski slæmt ef þingmenn hafa mjög stuttan ræðutíma fyrir mál sem þarf virkilega að fjalla um,“ segir Inga Elín Kristinsdóttir myndlistarmaður spurð um skoðun sína á fyrirhuguðum takmörkunum á ræðutíma á þingi. Lagt hefur verið til að þingskapalögum verði breytt þannig að ótakmarkaður ræðutími verði afnuminn. Þingmenn Vinstri grænna standa einir í andstöðu við breytingar á lögum og kalla þær aðför að málfrelsi þingmanna. „Þeir mega nú alveg tala svolítið lengi, er þetta ekki vinnan þeirra?“ segir Inga. Á þingi hefur einnig verið rætt um að þingmenn fái sérstakan aðstoðarmann, en forsætisnefnd Alþingis fjallar nú um frumvarp þess efnis. Um það segir Inga: „Er ekki nóg að þeir leiti sér bara ráðgjafar í hverju máli fyrir sig í staðinn fyrir að hafa aðstoðarmann í fullu starfi? Annars þekkir maður þetta starf ekkert almennilega, maður veit ekki hversu umfangsmikið það er.“



INGA ELÍN
KRISTINSDÓTTIR
Myndlistamaður

Best að snúa sér að góðu hliðinni

Þeir eru fáir sem hafa komið meiru í verk á sinni ævi en hinn lífsglaði Sveinn Jónsson, betur þekktur sem Sveinn í Kálfskinni. Hann er fullur af fjöri og hefur yndi af lífinu en segir þó hátt sinn lítt til eftirbreytni.

Tekinn í jórdanskri lögsögu

„Mér hefur alltaf þótt gaman að því að sjá eitthvað gerast,“ segir Sveinn eftir að hann er kominn heim eftir vel unnið dagsverk. Hann er orðinn 75 ára gamall en það er engu líkara en unglitur sé þar á ferð. „Það á því vel við mig að eiga við mannvirkjagerð því þá sér maður eitthvað liggja eftir sig.“ Hann á og rekur bygginga-fyrirtækið Katla með syni sínum Jóni Inga en með hinum syninum Marínó rekur hann fjölbætta ferðaþjónustu. Hann er með átta sumarhús og býður ferðamönnum upp á köfun, siglingar, sjóstangveiði og margt fleira sem hægt er að gera í Eyjafirðinum. Þar að auki þvælist hann með ferðamennina um fjöll og firnindi í snjósleðaferðum eða gönguferðum. En eins og verða vill um menn sem eru hamhleypur til flestra verka fara sumir hlutir á annan veg en ætlað var. Eitt sinn var Sveinn til dæmis á seglbretti á



SVEINN VIÐ BERNASKUSTÖÐVAR Hamhleypan kann að slaka á þó að venjulega fari hann mikinn í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hér situr hann á bagga en í baksýn má sjá bæinn Kálfskinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Dauðahafinu í Ísrael þegar kappið varð forsjánni yfirsterka. „Það var nú þannig að ég var ágætur í því að sigla undan vindi en var

ekki búinn að ná lagi á því að fara á móti,“ rifjar hann upp. „Ég var ekki mikið að velta þessu fyrir mér þar sem ég var á góðu róli en þá kemur lögreglubátur að og ég var stöðvaður enda kominn í jórdanska lögsögu. En þeir mega eiga það að ég fékk ókeypis ferð til baka, sem kom sér nokkuð vel því ég hefði sennilegast verið nokkuð lengi að koma mér sjálfur,“ segir hann og hlær við.

Allir eiga sínu góðu hliðar

Þó að Sveinn sé víðförrull er hann vanari því að sinna ferðamönnum en vera sjálfur ferðamaður í háska enda má segja að hann sé frumkvöðull í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. „Það er svo skemmtilegt við ferðamenskuna að þar kynnist þú svo mörgu fólki. Vissulega sé ég líka eitt og annað sem ekki er mikill sómi að. Sérstaklega þykir mér sárt að sjá ungt fólk sem hefur misstigið sig í öldurótinu. En ég lendi þó nær aldrei í neinum vandræðum með mitt ferðafólk enda haga ég venjulega ráðum mínum þannig að ef einhver vill sýna á sér ljóta hlið þá sný ég mér bara að góðu hliðinni; það eiga sér nefnilega allir góðar hliðar.“

En þó að Sveinn eigi ýmis góð ráð handa þeim sem yngri eru eftir erilsama ævi á fjölmörgum vígstöðvum telur hann sig alls enga fyrirmynd. „Ég er náttúrulega ekkert eðlilegur og það er ekkert hollt að miða við mig, því ofan á þetta stúss allt saman hef ég líka verið bóndi með stórt bú í fjöruári. Þetta er alls ekki til eftirbreytni. Hvernig heldur þú til dæmis að það sé fyrir hana Ásu mína að vera gift svona manni?“

Þó að einhverjum finnist oft nóg um hamanganginn í Sveini hafa enn fleiri notið góðs af verkum hans. Meðal þeirra er fyrir-

verandi prestur í Hrísey en Sveinn gerði fyrir hann heilan flugvöll.

„Hann Helgi Hróbjartsson prestur í Hrísey var einnig flugmaður og hann vantaði flugvöll svo hann kæmist nú á milli sóknarbarna sinna. Þá fékk ég leyfi til að laga gamla þjóðveginn, það þurfti bara að fletja hann út og slétta aðeins, þá var það komið. En guðsmaðurinn naut þessa ekki lengi því hann var ekki hjá okkur nema tvö ár blessaður karlanginn, þá var hann farinn til Afríku.“

Vilja gera krá á Hlíðarfjalli

En þó að margt hafi verið gert og ýmislegt sýslað segir Sveinn margt eftir enn. „Mig langar til dæmis að gera miklu meira í ferðaþjónustunni eins og að gera eigin hitaveitu og jafnvel heilsuhótel í framhaldinu. Svo geng ég enn með þann draum í maganum að byggja krá á Hlíðarfjalli og svo kláfferju þangað upp.“

Þetta myndi auka ferðamannastrauminn á sumrin og á veturna mætti nota hana við skíðaiðkun. Svona eru nú tækifærin óteljandi, bara ef við Íslendingar sem eigum svo mikinn pening bærum nú gæfu til að eyða honum í meiri uppbyggingu hér heima heldur en að vera að spandera þessu alltaf í útlöndum.“

Björn Ingólfsson hefur skræð endurminningar Sveins sem komu út í bók fyrir skemmstu. En hvernig viðtökur hefur hún fengið hjá vinum og sveitungum hans? „Það þorir enginn að segja annað en þetta sé bara alveg ágæt bók. En ég hef svo sem engar áhyggjur af viðtökunum, ég þekki margt fólk, alla vega svona fjóra eða fimm og þeir hljóta að álpast til að kaupa hana.“

lse@frettabladid.is

TRYGGÐATRÖLL · STEINAR BERG OG BRIAN PILKINGTON

Einstök meðal barnabóka

Hugljúft og fallett ævintýri þar sem segir frá samskiptum tröllastúlunnar Drífu og bóndasonarins Bergsteins.

„Steinar Berg hefur skrifað yndislega tröllasögu.“

Svanhildur Hólm / Stöð 2

„Frábær hugmynd! Yndislegar myndir! Flott hvernig sögunni er fléttað saman við kennileiti sem hægt er að sjá og snerta.“

Margrét Blöndal / Rás 2

Bókin kemur út á íslensku og ensku.





Size Communication

Vélarnar okkar undirbúa jarðveginn.

Tæknin sem leggur grunninn að framtíðinni.

Sameiginleg verkþekking manna og kvenna sem vinna að sameiginlegu markmiði gerir tæknilega framþróun mögulega. Á www.doosaninfracore.com getur þú aflað þér upplýsinga um breiða línu Doosan vinnuvéla.

Doosan Infracore byggir framtíðina á 111 ára reynslu.

“Power Up for Tomorrow”




Doosan Infracore
Construction Equipment



www.doosaneurope.com

Svona erum við

> Meðalgengi bandaríkjadollars á ári í íslenskum krónum



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: VIRKJUN SJÁVARFALLA Á ÍSLANDI

Breiðafjörðurinn er friðaður

Stefnt er að því að koma upp sjávarfalla-virkjun í Breiðafirði og er verið að rannsaka möguleikana á því. Slík virkjun þýkir helst koma til greina í röstinni í Hvammsfirði en í Breiðafirði virðist vera hægt að framleiða mikla raforku með lágum framleiðslukostnaði á umhverfisvænan og afturkræfan hátt. Fjárfestingin yrði minnst 90 milljarðar króna og myndi framleiðsla vera 11-13 þúsund gigavattstundir á ári.

Er hugmyndin um sjávarfallavirkjun ný af nálinni hér á landi? Nei, hún hefur komið fram áður. Brokjarbændur voru á sínum tíma með virkjun til eigin nota. Þá hefur íslenskur hagfræðingur til dæmis verið í samstarfi við Imperial College í London og kynnt hugmyndir að sjávarfallavirkjun, til dæmis undir Borgarfjarðarbrúnni og í Gilsfirði. Þær hugmyndir náðu ekki lengra.

Fyrirtækið Sjávarorka er nú að vinna að þessu í samstarfi við verkfræðistofur og Rarik.

Hvers konar sjávarfallavirkjanir koma til greina? Frakkar, Japanir og Portúgalar hafa gert tilraunir með ölduvirkjanir en Bretar hafa gert tilraunir með þrjár til fjórar tegundir, þar á meðal spaða neðansjár svipað og vindmylluspaða. Hagfræðingurinn í samstarfi við Imperial College hefur skoðað pípur neðansjár með vindtúrbinu á landi. Loftið knýr túrbinuna áfram þannig að sog myndast neðansjár. Einn af göllumum við þessa hugmynd er sú að laxinn myndi fara „rússibana“-ferð í gegnum pípuna.



unur á dýralífið. Sjávargróður gæti valdið vandredum.

Er það sams konar virkjun og er til umræðu í Breiðafirði? Nei, hugmyndin er að nota svokallaða Gorlov-hverfla í Breiðafirði, virkja alfarið neðansjár og dreift um svæðið. Virkjunin er þá sett saman úr 100 prömmum sem hver hefur 41 rafal. Rafalarnir hvíla á pramma sem hægt er að sökkva og ná upp aftur til viðgerða. **Hvað með umhverfisáhrif?** Breiðafjörður er friðaður og því getur verið erfitt að fá samþykki fyrir virkjun hans. Ekkert er vítað um áhrif virkjunar á dýralífið. Sjávargróður gæti valdið vandredum.

SPURT & SVARAÐ

ÍSLENDINGAR EKKI NÓGU GÓÐIR Í NÁTTÚRUFRAEÐUM

Vantar góða kennara

Kunnátta íslenskra unglinga í náttúrufræðum er undir meðallagi, samkvæmt niðurstöðum hins alþjóðlega PISA-prófs OECD. Rúnar S. Þorvaldsson er formaður Félags raungreinakennara í framhaldsskólum.



RÚNAR S. ÞORVALDSSON
Formaður Félags raungreinakennara

Er þetta áhyggjuefni?
„Allt veldur þetta áhyggjum en ég hef svo sem enga töfralaun. Vanda málið á rætur sínar að rekja til grunnskólanna. Kerfið vinnur gegn þessum greinum.“
Hvernig vinnur kerfið gegn náttúrufræðigreinunum?
„Nemendur sem veljast inn í Kennaraháskóla Íslands eru fyrst og fremst af félagsfræðibrautum framhaldsskóla, leyfi ég mér að fullyrða, og sumir af málabrautum. Afar fáir fara af náttúrufræðibrautum í kennaranám. Það veldur því að það eru tiltölulega fáir kennarar að kenna þessi fög sem hafa til þess tilbæra menntun.“

Varað við of miklum væntingum

Vonast er til að á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hefst á Balí í Indónesíu í dag, verði leiðin vörðuð að samningum um arftaka Kyoto-bókunnarinnar. Þó er varað við of miklum væntingum.

Í Kyoto-bókuninni við loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1997 var kveðið á um bindandi töluleg markmið um minni losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Heildarmarkmiðið var sett á að á árabílinu 2008-2012 yrði losun frá þróuðustu ríkjum heims minnst fimm prósent minni en hún var viðmiðunarárið 1990.

Veikleiki Kyoto-bókunnarinnar var að nokkur ríki sem losa mest staðfestu hana aldrei, og munar þar mestu um Bandaríkin. Þá var ekki kveðið á um hömlur á losun frá þróunarríkjum, en í þeim hópi eru Kína og Indland, sem með hraðri hagþróun auka losun sína gríðarlega ár frá ári.

Nýtt samningsumboð

Margir vonast því til að á fundinum á Balí – sem er 13. aðildarríkjafundur loftslagssamnings SP frá því hann var gerður í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1992 – verði samþykkt umboð til nýrra viðtækra samningaviðræðna með þátttöku

allra aðildarríkja SP, og tilgreind helztu viðfangsefni framtíðarsamkomulags.

Þeir sem vel til þekkja vara við of miklum væntingum til Balí-fundarins. Þótt á indónesísku orlofs-ejuna safnist saman fimmtán til tuttugu þúsund stjórnmálamenn, embættismenn, sérfræðingar, hagsmunapotrar, aðgerðasinnar og blaðamenn frá yfir 170 löndum, sem sýnir og sannar að loftslagsmálin eru altént álitin mikilvæg í höfuðborgum heimsins, þá eru hagsmunir og markmið ríkja og ríkjahópa einfaldlega það ólík að ekki er við mikið meiru að búast en þvældri málamiðlunaryfirlýsingu um hvert stefna skuli.

Eitt og annað skapar ráðstefnunni þó hagfelldan ramma, ekki síst stjórnskipti í Ástralíu. Steven Rudd, leiðtogi ástralska Verkamannaflokksins sem tekur við ríkisstjórnarforystunni í dag um leið og ráðstefnan hefst, hyggst undirrita Kyoto-bókuna. Það hafði fyrirrennari hans í embætti, John Howard, staðfastlega neitað að gera og var þar með einn síðasti bandamaður Bandaríkjustjórnar í andstöðu við bindandi skuldbindingar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Reynir á dulmálslýni


„Þjálfarar dulmálstulkar,“ eins og vikuritið The Economist orðar það í fréttaskýringu, munu rýna í orðalag lokaályktunar Balí-fundarins til

SÉRFRÆÐINGAR SP KALLA EFTIR AÐGERÐUM GEGN HLÝNUN

Í nýtrágenginni skýrslu Sérfræðingafundar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, sem verður meðal grunngagna loftslagsráðstefnunnar á Balí, er kallað eftir tafarlaustum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo að halda megi hlýnun innan 2°C


LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (GHL) Í HEIMINUM (gigatonn af CO₂)

Hámarkslosun til að jafnvægisstyrkur GHL verði:



HÆKKUN HITASTIGS

Hlutfall GHL í lofti (ppm)




Landbúnaður: Bættar aðferðir til geymslu kolefnis í jarðvegi, minni losun metans frá hrisgrjónarækt og húsdýrum

AÐGERÐIR GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM

Hægt er að draga úr losun með ýmsum aðferðum

- Iðnaður:** Losunahömlur, endurvinnsla
- Orkunvinsla:** Aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa og kjarnorku, fõngun og geymsla koltvísrings
- Skógrækt:** Vernda regnskóga, auka skógrækt
- Heimili:** Orkusparandi húshitun og raflysing
- Samgöngur:** Betri nýtni eldsneytis, lifrænt eldsneyti, raf- og tvinnvélar, reiðhjól



Heimild: IPCC © GRAPHIC NEWS

að meta hvort hann hafi skilað árangri. Þeir eru sagðir fyrst munu líta eftir því hvort kveðið verði á um einhvers konar langtímaskuldbindingu fyrir öll 192 aðildarríki loftslagssáttmálans um viðbrögð við vandanum, sem feli í sér einhvers konar markmið, svo sem að halda hlýnun innan vissra marka eða að þak verði sett á útblástur eða jafnvægisstyrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti. Þá muni þeir athuga hvort þróuðu ríkin taki á sig frekari skuldbindingar til að draga úr losun. Evrópusambandið hefur nú þegar einsett sér að heildarlosun aðildarríkja þess verði minnst tuttugu prósentum minni árið 2020 en hún var árið 1990. Þar til bandarísk stjórnmöld breyta um stefnu þurfa frekari fyrirheit um minni losun að berast frá öðrum ríkjum löndum, svo sem Ástralíu og Japan.

Í þriðja lagi verður árangur metinn eftir því hvernig staðið verður að því að fá þróunarlönd til þátttöku í hinu hnattræna átaki gegn loftslagsbreytingunum. Þau munu ekki taka á sig skuldbindingar um minni losun eins og ríku löndin.

Verndun skóga á dagskrá

Vonir standa til að Balí-fundarins verði minnst fyrir aðgerðir gegn skógareyðingu í hitabeltinu. Regnskógarnir afkasta langmestu af þeirri síun koltvísyrings úr andrúmsloftinu sem gróður jarðar annar og eyðing þeirra er talin

valda um fimmtungi árlegrar aukningar koltvísyringslosunar í heiminum. Skógrík þróunarlönd hafa ekki haft neinn hagrænan hvata til að hlífa skógi fyrir eyðingu (í flestum tilvikum er hann látinn víkja fyrir akuryrkju og iðnaði). Því hafa slík lönd nú tekið sig saman um að fara fram á greiðslu fyrir að hlífa skógi við því að vera höggvinn.

Slíkum hugmyndum hefur verið misjafnlega tekið, enda vandásamt að setja á fót kerfi sem greiðir fólk fyrir að gera ekki eitthvað. En þar sem verndun regnskóganna er óhjákvæmilegur liður í hinna hnattrænu baráttu gegn gróðurhúsáhrifunum verða þessar hugmyndir ræddar af fullri alvöru.

Í ljósi þess hve hinn sígræni skógur hitabeltisins er margfalt afkastameiri koltvísyringsa en kyrkingslegur skóggróður norðurhjarans má setja þessar hugmyndir í sambengi við Kolviðarverkefnið hér á landi, sem gengur jú út á að fólk bæti fyrir „kolefnisfótspor“ sitt með því að styrkja skógrækt. Slík kolefnisjöfnun væri mun skilvirkari ef fé sem til hennar er varið færi í verndun hitabeltisskógar.



Fær fjölskylda þín endurgreiðslu?

SPRON Fjölskylduvild

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

75 ára



FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Við erum Mazda



Þú fullkomnar útlitið með Mazda6 Inclusive



Veldu sportlegan Mazda6 Inclusive með sex diska BOSE hljómkkerfi og sjö hátölurum, 16" álfelgum og Xenon ljósum. Berðu saman bíla. Berðu saman verð og gæði. Vertu Mazda. Komdu í Brimborg í dag.

Verð 2.790.000 kr.
Mazda6 Inclusive 4 dyra 2,0 lítra
147 hð sjálfskiptur CO2 losun 205 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km*


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Pioneer
MED FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER hátalarasett,
DVD spilari og magnari**

Listaverð kr: 148.500,-
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 109 900,-



Einnig fáanlegt í svörtu



FJÖLDI
TILBOÐA



ORMSSO

1. DESEMBER S.L. VORU
EIRÍKUR OG JÓN ORMSSYN
BRÆÐURNIR

FRAMSÝNI OG METNAÐUR
FYRSTA DEGI OG HEFUR ST
GERT ÞAÐ AÐ EINKU

AF ÞESSU TÍLEFNI ERU GL
Í VERSLUNUM

SAMSUNG

ÞÝÐIR SNILLD!



HD
ready

Frábær upplifun

42" PLASMA sjónvarpstæki

Samsung PS42Q96HDX

- Tilbúið í HD útsendingar
- Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
- Upplausn 1024x768
- 13 bita myndvinnsla
- Kontrast 1:15.000
- Birta 1300 cd/m2
- 3 HDMI tengi

Listaverð kr: 219.900,-

AFMÆLISVERÐ:

Kr. 189.900,-



OLYMPUS

OLYMPUS FE-270
Stafræn myndavél

AFMÆLISVERÐ:

Kr. 13.900,-



QONIX

QONIX PRA-2000

Útvarp - frábær hljómgæði

AFMÆLISVERÐ:

Kr. 5.990,-



20% AFSLÁTTUR
af ýmsum vörum



home art

Í ORMSSON SMÁRALIND



CELESTRON

Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki

AFMÆLISVERÐ:

Kr. 9.900,-



OLYMPUS

OLYMPUS DPC-I
8X21 Sjónauki

AFMÆLISVERÐ:

Kr. 4.900,-



ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



N 85 ÁRA

LÍÐIN 85 ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ
IR STOFNUÐU FYRIRTÆKIÐ
ORMSSON.

BRÆÐRANNA RÉÐI FÖR FRÁ
ARFSFÓLK FYRIRTÆKISINS
NARORÐUM SÍNUM.

GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ
ORMSSON.



Emile Henry
Flame



FRÁBÆR FRÖNSK
LEIRVARA

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF ÖLLUM EMILE HENRY TEFAL OG BRABANTIA VÖRUM

AFMÆLISTILBOÐUM LÍKUR Í DAG, MÁNUDAG

Gerið frábær kaup á gæðavöru!

TEFAL®

JAMIE OLIVER
KANN AÐ META
GÆÐI



TEFAL®

privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI



TEFAL®
TEFAL STRAUJÁRN

KYNNIÐ
YKKUR
ÚRVALIÐ!



TEFAL®
KLASSÍSKAR
OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR
- úr stáli



HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA



brabantia®
solid company



brabantia®
solid company
BRABANTIA STRAUBORD
- skemmtilegt úrval



AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
AFMÆLISVERÐ:
Kr. 89.900,- Stál · Kr. 79.900,- Hvít

ORMSSON

GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA Í MIKLU ÚRVALI



Kristna trú á ekki að boða í opinberum skólum.

Trúaruppeldi

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Umburðarlyndi og siðgæðisvitund verður ekki til í tómarúmi. Við þurfum að ræða gildi okkar og fræðast um sjónarmið annarra til að þroska með okkur lífsviðhorf sem við byggjum ákvarðanir okkar á. Þetta mótunarfæri byrjar strax á unga aldri og er margbreytilegt. Auðvitað hafa foreldrar mikil áhrif á börn sín enda traust alla jafna mikið þar á milli. En stofnanir hins opinbera, sem hafa freklega tekið að sér stórt hlutverk í uppeldi ungs fólks, gegna einnig stóru hlutverki.

Það er jákvætt sem fram kemur í nýju frumvarpi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að ekki verði lengur talað um að starfshættir skóla móttist af kristilegu siðgæði. Er þess í stað vísað til jafnréttis, ábyrgðar, umhyggju, sáttfýsi og virðingar fyrir manngildum. Nauðsynlegt er að taka tillit til hvers einasta einstaklings í hinu opinbera skólakerfi.

Trúfrelsið snýst ekki bara um rétt manna til að iðka sína trú. Það snýst líka um rétt fólks til að vera laust undan trúboði annarra kjósi það svo. Í raun má segja að brotið sé á þeim rétti í dag. Vissulega er hverjum Íslendingi frjálst að greiða sóknargjöld til þess trúfélags sem hann kýs eða sleppa því, en þá renna greiðslur til Háskóla Íslands. Hins vegar greiða allir skattgreiðendur, hverrar trúar sem þeir eru, laun presta þjóðkirkjunnar. Hægt er að líta á það sem brot á mannréttindum.

Mannréttindi snúast ekki um meirihluta eða minnihluta eins og sumir virðast halda. Mannréttindi eru bundin við hvern og einn einstakling og eru algild. Þó að meirihluti Íslensku þjóðarinnar aðhyllist kristna trú er ekki hægt að neyða alla til að taka þátt í boðun hennar. Í mannréttindakafla stjórnskrárárninnar felst einmitt vörn minnihlutans gegn ofríki meirihlutans.

Biskup Íslands sagði í kvöldfréttum Sjónvarpsins fyrir helgi að hörð atлага væri nú gerð að áhrifum kristni og kirkju í skólum landsins. Andstæðingar trúarinnar væru duglegir og foreldrar sem aðhylltust kristna trú ættu að láta í sér heyra og láta ekki hrekja sig út.

Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar, benti réttilega á að þetta væri ekki spurning um magn eða fjölda. Þetta er spurning um rétt hvers og eins einstaklings. Hvorki Siðmennt né aðrir, sem hafa bent á stöðu þjóðkirkjunnar innan menntastofnana, vilja trúna út. Trúarbragðafræðsla á rétt á sér í skólum eins og önnur fræðsla. Þannig lærum við að þekkja viðhorf og lífsgildi annarra. Dauðhrensun á trúarbrögðum er ekki lausnin. Þá er hægt að fræðast um jólin og páskana eins og hátíðir annarra trúarbragða en kristinnar.

Trúaruppeldi á hins vegar að vera á höndum foreldra en ekki skólanna. Það á ekki að setja börn og forráðamenn þeirra í erfiða stöðu þegar velja skal hvort barnið taki þátt í trúarlegu starfi eða ekki. Utan skólatíma hafa foreldrar val um að sækja fjölbreytta dagskrá þjóðkirkjunnar með börnum sínum. Æskulýðsstarf kirkjunnar er öflugt og þar starfa fjölmargir frábærir prestar sem hafa mikið fram að færa.

Það er rétt að flestir Íslendingar tilheyra þjóðkirkjunni. Starf kirkjunnar er síst minna mikilvægt í dag en áður. Boðskapur trúarinnar fær fólk til að staldra við og íhuga gildi sín. Sá boðskapur á erindi við börn með milligöngu foreldra en ekki opinbera stofnana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Hóskuldur Daði Magnússon (dagurmál).
 FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3971.



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósumum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins



FRÁ DEGI TIL DAGS

Páttur kvenna

Svo virðist sem Egill Helgason sé farinn að taka mark á þeirri gagnrýni sem hann hefur fengið frá feministum síðustu vikur, að minnsta kosti ef marka má gestaval og umræðufni í Silfri Egils í gær. Meðal gesta voru þingkonurnar Kolbrún Halldórsdóttir og Guðfinna Bjarnadóttir sem og Margrét Pála Ólafsdóttir höfundur Hjallastefnunnar. Ekki voru aðeins óvenju margar konur viðmælendur í þættinum í gær heldur var líka eytt óvenju löngum tíma í spjall um stöðu kvenna, kynhlutverkin og svo mætti lengi telja.

En ekki hægri manna?

Agli tókst þó að ergja að minnsta kosti einn. Sá heitir Andrés Magnússon, sem kvartar á bloggssíðu sinni yfir því að Egill hafi sniðgengið heilan þjóðfélagshóp í þætti sínum. „Hvernig stendur á því að ekki var einn einasti viðmælandi þarna, hægri megin við miðju?“ spyr hann. Í þættinum var þó eins og áður segir flokks-systir hans úr Sjálfstæðisflokknum, Guðfinna Bjarnadóttir, og einnig Jón Magnússon, sem seint verður talinn vinstrisinnaður. Andrés drægur raunar í land í athugasemdakerfinu. Jón Magnússon sé hægri maður, þó ekki mikill. En alls ekki Guðfinna.

Hettupeysumaður í háskóla

Jón Örn Guðbjartsson, fyrrverandi fréttamaður Stöðvar 2, hefur verið ráðinn sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands. Aðalsmerki Jóns á skjánum var brún hettupeysa sem skryðdi hann jafnan í útsendingu, við misjafnar undirtektir. Peysan var þó víðs fjarri við vígslu Háskólatorgs á laugardag þar sem Jón Örn arkaði prúðbúinn um nýtt gólfíð.

kristjan@frettabladid.is /stigur@frettabladid.is

Stjórnarandstaðan

Einn af öðrum hafa þeir horfið úr starfi með vansæmd, nýkónarnir í stjórn Bush sem öttu Bandaríkjamönnum út í hernaðarforaðið í Irak sem hvorki er hægt að sigra né tapa heldur bara sökkva, hægt og örugglega. Það eina rétta sem Donald Rumsfeld slampaðist á að gera á endemisferli sínum sem varnarmálaráðherra var að láta kveðja heim herinn héðan af Íslandi – þó vissulega megi finna til með því fólki sem mátti fara héðan og til Irak – það var farið að varða við þjóðaröryggi að tengjast um of þeim hatróðmum öflum sem ráðið hafa ferð í Bandaríkjunum seinustu árin. Og meðreiðarsveinarnir eru flestir horfnir líka fyrr en þeir ætluðu sér, nú síðast John Howard í Ástralíu. Eiginlega eru þeir bara einir eftir, Dick Cheney og George Bush yngri – og Björn Bjarnason.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Stjórn málaástandið

röðum gildra bænda sem harðneit-uðu að styðja þetta samstarf við bæjradikalana. Og á sínum tíma klofnaði flokkurinn þegar Gunnar Thoroddsen hjó á undarlega rammnúnn hnut sem forysta flokksins hafði flækt sig í.

Engum dylst að hávær öfl innan flokksins eru andvíg núverandi stjórnarsamstarfi. Einkum virðist þetta eiga við um fólk þar í sveit sem gert hefur Davíð Oddsson að leiðtoga lífs síns og er óánæggt með hlut hans í landstjórninni, en eins og kunnugt er þá biðu hans sömu stjórn málaeg örlög og annarra þeirra sem gerðust af leiðitamiklerkastjórninni í Washington. Í þeirri sveit hefur Morgunblaðið verið mest áberandi – eða öllu heldur dálkarnir sem gáfaðir menn telja skrifaða af ritstjóra blaðsins og mun þá einkum rýnt í z-notkun, sem er einmitt bókstafur sem hafir sérlega vel fylgismönnum Davíðs. Morgunblaðið er stundum eins og flokksmálagn án flokks.

En við þessu er náttúrlega ekkert að segja. Eigendur blaðsins virða eflaust þá stefnu að fetta ekki fingur út í stjórn málaáskrif þess og við sjáum merki um að Mogginn er kannski fyrst og fremst málagn starfsmanna sinna, gamalla og nýrra: einn vitnisburðurinn var á dögnum þegar Jónas Hallgrímsson átti 200 ára afmæli og blaðið birti

leiðara þar sem þjóðinni voru færðar þær fréttir að Matthías Johannessen væri þjóðskáld, og svo var vitnað í ljóð eftir hann svo að ekki þurfti frekari vitnanna við um það hver arftakinn væri.

Blaðið fer með öðrum orðum sínar eigin leiðir. Og allt gott um það. Það talar máli þeirra sem andvígir eru stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Og hefur löngum fylgt að málum þeim armi flokksins sem nefna mátti Íslandsdeild Repúblikanaflokksins.

Til of mikils mælst?

Ætli Björn Bjarnason megi ekki teljast leiðtogi þess félagskappar? Nú hefur hann sem ráðherra kjósið að gera opinberlega lítið úr þeim mikla áfanga að raunveruleg leit fór fram í flugvél þar sem grunur hefur leikið á að hafi flutt fanga fyrir bandarísk yfirvöld, en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hafði lýst yfir eindregnum vilja til þess að slík leit færi fram og ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu hafði rætt um þessi mál við undirmenn dómsmálaráðherra. Björn þvertokur fyrir að leitað hafi verið að fönngum og er á honum að skilja að rækileg leit – eins og þarna fór fram þar sem farið var fram á að opnuð yrðu ýmis hölf – hafi verið alsíða. Hvað sem því tali líður hljóta Bandaríkjamenn nú að hafa fengið ótvíræð skilaboð um að millilendingar hér á landi í fangaflugi verði ekki líðið.

Sumsé stjórnarandstaðan. Þótt sjálfstæðismenn tali stundum um glundroða í röðum vinstri manna þá hafa þeir sjálfir vissa hefð fyrir slíku. En er til of mikils mælst af flokknum að hann hafi stjórnarandstæðingana sína utan stjórnar?

Seinheppinn Kristinn

UMRÆÐAN

Breytingar á þingsköpum

Hér er mikill ys og þys út af litlu tilefni,“ sagði Kristinn H. Gunnarson, formaður þingflokks Frjálslynda flokksins, við umræður á Alþingi um ný þingskapaflög sem gera ráð fyrir því að horfið verði frá ótakmarkaðri umræðu við aðra og þriðju umræðu um lagafrumvörp. Fyrir sitt leyti hafði þingflokkur VG minnt á að á undanföllum tveimur áratugum hefði einvörðungu orðið verulega löng umræða um EES-samninginn, sem ýmsir töldu að stæðist ekki stjórnskrá Íslands, Kárahnjúkavirkjun, Vatnalögin, einkarekinn upplýsingagrunn um heilsufarsupplýsingar, einka-væðingu Landsímans og hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Einhverju kann ég að gleyma en mergurinn málsins er sá að þetta eru ekki mörg mál. Þetta eru hins vegar hitamál okkar samtíðar.

Var löng umræða um þessi mál til ills? Á Kristni H. Gunnarssynni var að skilja að hún hefði verið til einskis. Allavega umræðan um Ríkisútvarpið, sem verið hefði „síðasta málþóf sem hér fór fram... og þá gafst stjórnarandstaðan upp í því málþófi. Hún gafst upp á þriðja degi.“ Þarna reynist Kristinn H. Gunnarsson nokkuð seinheppinn. Staðreyndin er sú að stjórnarfrumvarp um breytingar á rekstrarformi



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ríkisútvarpsins kom fram í þriggja á síðasta kjörtímabili, fyrst um sameignarfélag, þá um hlutafélag og að lokum um opinbert hlutafélag. Það var samdóma álit allra að stöðugt tók málið framförum. Hvers vegna gerðist þetta? Vegna andstöðu á þingi, langrar og ítarlegrar umræðu.

Í rauninni er rangt að kalla allar slíkar umræður málþóf. Stuðningur við langar umræður hefur komið úr óvæntum áttum, til dæmis frá Ómari R. Valdimarssyni, um langt skeið upplýsingafulltrúa Alcoa. Hann segir á bloggi sínu að það sé beinlínis hættulegt lýðræðinu að stytta ræðutíma á Alþingi.

„Með því að koma í veg fyrir að þingmenn geti staðið fyrir málþófi er verið að kippa einni stoð undan lýðræðinu. Af hverju? Jú, því að það er stundum sem þingmönnum tekst að vekja athygli á málum með málþófi, sem annars myndu rúlla í gegnum þingið nokkurn veginn athugasemdalaust. Með málþófi eru þingmenn líklegri til þess að vekja athygli fjölmiðla á málum, sem síðan kveikja í almenningi. Sé almenningur einhverju ákveðnu máli mótfallinn, eftir að hafa fengið kynningu á því í gegnum fjölmiðla og hugsanlega með því að afla sér frekari upplýsinga í gegnum t.d. netið, er líklegt að fólk láti óánægju sína í ljós með þeim hætti að þingheimur taki eftir. Aldrei þessu vant styð ég því VG.“ Það er nefnilega það.

Höfundur er formaður þingflokks VG.

BORIÐ Á HÚSGÖGNIN

Til þess að húsgögnin haldist falleg er mikilvægt að hugsa vel um þau.

HEIMILI 2



GOTT Í SKÓINN

Jólasveinarnir fara bráðum að tína til byggða og börnin flest farin að hlakka til þess.

JÓL 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

G. PÁLSSON EHF.

Símar 462 – 2272 og 896 - 0423



Mjöll hefur gaman af því að hafa fjölskyldu og vini hjá sér og vill því að sé pláss fyrir alla í stofunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stofan er staðurinn

Mjöll Hólm lætur fara vel um sig í stofunni heima þar sem hún slakar á, sameinar fjölskylduna og heldur fjörugar veislur.

„Mér líður langbest í sjónvarpssófanum því ég elska að horfa á kvikmyndir og gott sjónvarpsefni og þá helst íslenskt,“ segir söngkonan Mjöll Hólm, sem var að gefa út nýjan disk sem ber heitið Tónleikar og er upptaka af tónleikum hennar í Kaffileikhúsinu. „Já, og svo horfi ég auðvitað mikið á tónleika,“ segir hún brosandí. Á disknum er að finna mikið af gömlum og góðum lögum en Mjöll segist vera hrifin af því sem er gamalt og gott. „Ég er mjög hrifin af gömlum hlutum en hef líka gaman af því að blanda saman gömlu og nýju. Annars þykir mér mikilvægast að heimilið sé notalegt,“ segir Mjöll. Hún segist vera afar heima-

kær og njóta þess í skammdeginu að draga úr ljósum og kveikja á kertum. „Já, ég er mikill kúrari og finnst notalegt að vera heima í sófanum í skammdeginu, sérstaklega þegar vindar blása,“ segir Mjöll. Húsið sem Mjöll býr í er gamall sumarhústaður í Kópavoginum.

Fyrir nokkrum árum byggðu hún og maður hennar Júlíus Jónasson við húsið og stækkuðu það um helming. „Við færðum borðstofuna yfir í nýbygginguna þannig að meira pláss myndaðist í stofunni, en ég vildi hafa hana stóra.“

Í stofunni hjá Mjöll er nóg af sófum og stólum, enda hefur hún gaman af því að hafa fjölskyldu og vini hjá sér. „Stofan er aðalstaðurinn og ég vil að þar sé pláss fyrir alla, án þess að það sé þröng á þingi. Hér eru oft líflig fjölskylduboð og þá er auðvelt að ýta öllu til hliðar svo hægt sé að dansa.“

MABEF

Málaratrönur



M-09

Kr 20.557.-



M-02

Kr 114.218.-



M-13

Kr 11.707.-

Listalagerinn.

JARNGLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsbord
- Rúmgafnar
- Rúm í ýmsum stærðum og gerðum

HÚSGAGNA - LAGERSALA

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr

Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr

Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr

Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Klakabox fást í ýmsum formum og gaman getur verið að útbúa klaka sem eru til dæmis hjartalaga, stjörnur eða jafnvel eins og Ísland í laginu. Það er um að gera að leika sér með þetta og útbúa til dæmis jólalega klaka fyrir hátíðarnar.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Salerni með hæglokandi setu kr. 9.900.-

BADHEIMAR

Skútuvoגי 4 - s. 525 0800
Baðdeild Álfaborgar



Margrét á ýmis góð ráð varðandi viðhald húsgagna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Húsgögnunum haldið við

Gaman er að eiga falleg húsgögn í stofuna en til þess að þau haldist þannig er mikilvægt að hugsa vel um þau. Margrét Sigfúsdóttir hússtjórnarkennari gaf okkur nokkur góð ráð um viðhald húsgagna.

Mikilvægt er að hugsa vel um viðarhúsgögn og þarf ýmist að bera reglulega á þau eða bóna. „Ef það er tekk og óvarinn viður skiptir mestu máli að bera á hann víðeigandi olíu. Olían er borin á óvarinn við og hversu oft fer bara eftir því hvað húsgagnið er mikið notað. Tekkolía er notuð á tekk og stundum þarf maður að nota hreina línolíu. En ef það eru lökk-uð húsgögn er notað mublubón eins og til dæmis Bívax og þá má alls ekki nota tekkolíu, hún er eingöngu á tekkið og við sem er óvarinn,“ segir Margrét og bætir við: „Þá er borið á og þurrkað vel af á eftir með hreinum klút svo viðurinn verði ekki fitugur. Það er

mjög mikilvægt þegar búið er að nota olíutuskuna og bera olíu á með henni að þvo úr henni eða henda henni út í tunnu því það getur orðið sjálfstíveikja. Ekki

geyma olíutuskur inni í íbúðum eða skápum. Þess vegna er passað upp á það á bensínstöðvum og smurstöðvum að setja þetta allt ofan í sérstaka fötu og þetta er sett út á hverju kvöldi hjá þeim. Það hitnar svo í þessu og þess vegna er þetta öryggisatriði.“

Stundum koma vatns-hringir eftir glös á viðarborð og eru þess háttar skemmdir afar óskemmtilegar. „Til að forðast hringi eftir glös á borðinu er mikilvægt að venja sig á að hafa glasamottur því að ef hringir myndast á póleruð húsgögn er engin leið að ná þeim af en það er

hægt að ná þeim af tekkhúsgögnunum með því að nota stálull númer 00 og nudda blettinn með tekkolíu. Þessi stálull er mjög fín og hún rispar ekki og skemmir því ekki viðinn. Hún fæst bara í byggingavörverslunum, þetta er ekki Brillo eða svoleiðis,“ útskýrir Margrét ákveðin. Það er því mun einfaldara að verða sér úti um nokkrar glasamottur en að skipta um heilu húsgögnin.

Oft eru leðurhúsgögn í stofum landsmanna og þrátt fyrir að leðrið sé sterkt og endingargott er nauðsynlegt að dytta að því öðru hverju svo það haldist fallegt. „Leðrið er þrifið með vatni eða mildri sápu og jafnvel uppþvottalegi. Fyrst er þrifið með blautum klút og svo þurrkað yfir með þurrum á eftir. Það má alls ekki nota sterkar sápur þar sem þær geta skemmt leðrið. Því næst er leðuráburður borinn á leðrið og er það oftast gert einu sinni til tvisvar á ári. Svo er það bara blettahreinsir á önnur húsgögn. Fólk lendir oft í því ef það bleytir of mikið að það myndast vatnsblettur og þá er bara nuddað úr með rökum klút og hreinu vatni og passa að þurrka vel,“ segir Margrét, sem hefur ráð undir rífi hverju.

hrefna@frettabladid.is

Ljósakrossar

Á leiði í garðinn lýsa allt að 30 daga samfleytt.

sími 530 1700 / www.rp.is

Reykjalundur Dælur ehf.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Í BÍTIÐ

alla virka daga kl. 7

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Fleiri tækninýjungar handan við hornið

Hlutirnir þróast hratt í tækniheiminum og nú má búast við ennþá þynnri flatskjám en við sjáum í dag.

Forvitnilegt er að vita hvaða tækninýjungar eru handan við hornið og hvort flatskjáirnir í dag gætu þegar verið að úreldast. Á hinum ýmsu vefsíðum eru grúskarar að velta nýrri tækni fyrir sér. Talsverður spenningur er í kringum svokallaða OLED-skjái en þeir eru samsettir úr lífrænum díóðum og geta orðið örþunnir; aðeins nokkrir millimetrar. Jafnvel yrði hægt að horfa á tvær mismunandi myndir á skjánum, þá frá sitthvorri hlið, og hugsanlega rúlla honum upp og stinga í vasann.

„Stóru fyrirtækin eru eitthvað byrjuð að framleiða örþunna töluskjái í tilraunastarfsemi en það er erfitt að segja til um hvenær sú tækni fer að skila sér í verslanirnar og við sjáum í rauninni engin merki um það ennþá,“ segir Guðni Ásbjörnsson, deildarstjóri yfir sjónvarps- og hljómflutningsdeild Elkó. Hann bætir því við að svona þróunarvinna taki langan tíma að koma fram á almennan markað þannig að fólk sé ennþá alveg óhætt að fjárfesta í þeirri tækni sem boðið er upp á í dag.

„Framleiðsla á túbúsjónvörpunum hefur mikið til verið hætt og salan á flatskjám hefur verið að aukast jafnt og þétt. Fólk er að endurnýja hjá sér sjónvörpin og skipta þeim gömlu út fyrir það nýjasta og það eru annars vegar plasma-skjái eða LCD-skjái sem boðið er upp á í dag,“ segir Guðni. Tæknin að baki LCD-skjánum er fljótandi kristalmassi sem flúorljósi er hleypt í gegnum en í plasma-skjánum er náttúrulegt gas og fosfór. Muninn á þessum tveim segir Guðni liggja í myndgæðunum og



Guðni Ásbjörnsson telur einhverja bið á að örþunnir skjáir komi á markaðinn.

að myndgæðin í plasmaskjánum minni meira á þá mynd og liti sem voru í gömlu túbúsjónvörpunum. „Það er þá eitthvað sem fólk kannast við og finnst eðlilegri litir,“ segir Guðni en bætir við að annars séu mjög skiptar skoðanir um hvað sé betra. „LCD-skjáiirnir bjóða upp á mikla skerpu í mynd og lengri líftíma og koma í fleiri stærðum

þannig að þeir hafa verið vinsælir í önnur herbergi en stofuna, til dæmis í eldhúsið.“ Stutt er síðan flatskjásjónvörp voru mjög dýr lúxusvara en hraðar tækniframfarir hafa ýtt túbúsjónvörpunum alveg út af markaðnum og verð á flatskjánum hefur lækkað hratt svo þeir eru komnir inn á flest heimili.

heiða@frettabladi.is

ELDSTÆÐI ÁN REYKS

YLUR

fyrir heimilið

Bæjarlind 2
201 Kópavogur
S: 564-5700
WWW.YLUR.IS

safretti **blomus** conmoto

Paula

Mary

Hermes

Barbara

SÓFASETT

Mikið úrval

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRDI SÍMI 565 4100

NÝTT

ENSKI BOLTINN

ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA

www.visir.is/enски

Í SAMSTARFI VIÐ

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

jólin koma ^{allt}

Aðventuljósinn má setja upp þar sem aðventan er gengin í garð. Því er um að gera að grafa upp aðventuljósið eða verða sér úti um eitt slíkt ef það er ekki til.



AMNESTY INTERNATIONAL

Iðandi upplestur á aðventu

Upplestur og tónlist í Iðukaffi á annarri hæð í Iðuhúsinu við Lækjargötu

10. desember kl. 20

Í tilefni af alþjóðlega mannréttindadeginum 10. desember stendur Amnesty International fyrir upptöku þar sem Tatu Kantomaa leikur á harmonikku og lesið verður upp úr bókunum *Hermaður gerir við grammófón*, *Frjáls*, *Velkominn til Bagdad*, *Um langan veg* og *Í felulitum við friðargæslu í Bosnía með breska hernum*.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir



Samkvæmt kaloriureglum inniheldur sá matur sem þú borðar þegar enginn sér til engar kaloríur.

Gjafmildir jólasveinar

Nú nálgast koma jólasveinanna óðum og eru mörg börn farin að bíða í ofvæni eftir því að sjá hverju þeir muni lauma í skóna þeirra.

Hin síðari ár hefur rausnarskapur jólasveinanna aukist til muna og virðist góðærið ná alla leið upp til fjalla. Ekki er óalgengt að fineríð hreinlega flæði upp úr litlum barnaskónum þó að það sé reyndar misjafnt efir því hver viðkomu- staðurinn er. Það ættu jólasveinar ef til vill að hafa hugfast og muna að mandarína og súkkulaðimoli geta allt eins glatt lítil hjörtu.



Nú fer að stytast í komu jólasveinanna.

Engar kaloríur

Margir hafa áhyggjur af kaloríunum sem þeir innbyrða yfir jól og áramót en nú er hægt að gleðjast á ný. Þessar skemmtilegu kaloriureglur hafa gengið manna á milli með tölvupósti undanfarnar vikur og er alveg tilvalið að hafa þær til hliðsjónar í kaloriúáttinu yfir hátíðarnar.

1. Maturinn sem þú borðar þegar enginn sér til hefur engar kaloríur.
2. Þegar þú borðar með öðrum eru einungis kaloríur í matnum sem þú borðar umfram þá.
Eftir fundinn fékk ég samninginn sendan og þá varð leyndin ljós. Að visu er markmið matsins að skilgreina og lýsa hugmyndafræði, markmiðum og útfærslu Vinaleiðar, varpa ljósi á kosti hennar og galla og benda á leiðir til umbóta. Úttektin beinist sérstaklega að viðhorfum hagsmunaaðila skólasamfélagsins. En leiðin að þessu marki er allsérstök.

Skýrslur og skriflegar upplýsingar frá starfsmönnum og stjórnendum Vinaleiðar voru skoðaðar. Rétt var við starfsmenn Vinaleiðar, foreldra, kennara og nemendur – en greinilega aðeins þá foreldra og nemendur sem sáu ekkert athugasemdi við Vinaleiðina, „notendurna“. Drögum að skýrslu SRR var svo skilað

til verkefnastjórnar Vinaleiðar og fékk hún tvær vikur til að gera efnislegar athugasemdir!

Úttektin átti m.a. að beinast að viðhorfum foreldra, en ekki var rétt við foreldra sem frábiðu sér Vinleið, slíkir eru ekki „aðilar að málinu“ né „notendur Vinaleiðar“. Markmið og hugmyndafræði er væntanlega metin út frá fagurgala prestanna um aðstoð við börn í vanda en kristniðssviðsvinklinum ekki hampað að sama skapi. Gallarnir verða eflaust þeir helstir að einhverjir óyndismenn eru með leiðindi, ekki að mismunun nemenda vegna trúarbragða stangast á við grunnskólalög, trúboð á við Aðalnámskrá, að brotið er á rétti foreldra til að ala upp börn sín samkvæmt eigin sannfæringu o.s.frv.

Tillögur um umbætur snúast líklega um hugmyndir aðstandenda Vinaleiðar um hvernig auka má umfang hennar en ekki hugmyndir gagnrýnenda, sem benda á að réttara væri að fagmenn, hlutlausir í trúmálum, sinntu ungmennum í skólum.

Skýrslan verður tilbúin á næstu dögum.

Höfundur er sálfræðingur.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rákappéttir/6 kg		

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30%

AFSLÁTTUR

EIRVÍK

-há-gæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Mengun í Reykjavík

UMRÆÐAN

Umferðaröryggi

Undanfarnar vikur og mánuði hefur mengun í höfuðborginni verið mikið umræðuefni. Ástæður þessarar mengunar eru vissulega nokkrar, til dæmis brennsla olíufegna á farartækjum. Ljóst er að næsta áratuginn verða olíufni ráðandi eldsneyti á bifreiðar og vinnuvélar. Minnka mætti þessa mengun stórlega með ýmsum ráðum, skulu hér nefnd nokkur sem snúa að gatnakerfinu og farartækjum:

- Lengja aðreinar/fráreinar umtalsvert, því þar sem fjölfarin gatnamót eru má sjá tugi bifreiða bíða alla daga vikunnar. Bílvélar menga tiltölulega mest í hæga-gangi!

- Hætta notkun ökuljósa bifreiða að degi til. Það kostar allnokkra orku að hafa ljósin kveikt. Enda er ljósanotkun að degi til ekki í öllum löndum Evrópu.

- Flutningar að og frá landsbyggðinni fari fram með skipum eins og hægt er, það mundi draga úr þungaflutningum á þjóðvegum landsins og drægi þar með úr slyshættu, með minnkandi umferð.

- Frítt í almenningssvagna á stór-Reykjavíkursvæðinu. Það gæti dregið úr mengun og fækkað slysum vegna minni umferðar.

- Fjarlægja allar „graseyjar“ sem og „netgirðingar“ á milli akreina. En setja eina akrein í staðinn.

- Hætta notkun negldra vetrardekkja.

- Opnunar- og lokunartími allra skóla og stofnana dreifist, til að jafna umferð sem mest yfir daginn.

- Draga úr einkanotkun stórra bíla (jeppa og pallbíla) á stór-Reykjavíkursvæðinu, með áróðri og/eða umferðarmerkjum

- Breyta tollum á bifreiðum svo áhugi aukist fyrir smábílum (t.d. aldrifsbílum) því engin þörf er fyrir negld vetrardekk á slíka bíla

- Auka áhuga fólks fyrir því að eiga og reka díslbíla

- Stuðla að notkun reiðhjóla og gera notkun þeirri öruggari, með bættum hjólabrautum.

- Breyta umferðarljósum eftir því hvort straumurinn liggur í átt að miðbæ eða frá honum. Ef ekki væru graseyjar eða netgirðingar eins og er í dag væri hægt að láta



BJARNI SNÆBJÖRNSSON

vera þrjár akreinar í átt að miðbæ og tvær frá honum á morgnana, og seinnipartinn væru þá þrjár akreinar frá miðbæ og tvær akreinar í átt til miðbæjar. Enn fremur mætti samhæfa ljós á lengri akstursleiðum, sem mundi draga úr aksturshraða og bið á öllum ljósum á leiðinni.

- Þessu væri meðal annars stýrt með umferðarljósum sem væru staðsett yfir akreinum. Með þessari breytingu gengi umferðin léttar, framúrakstur mundi minnka og mengun minnka.

- Fjölga þarf umferðarmyndavélum stórlega svo til umferðarbrjóta náist. Í framhaldi af því þarf að hækka sektir í takt við alvarleika brotsins, eða gera ökutæki viðkomandi upptæk.

Ljóst er að umferð á stærstu gatnamótum verður ekki í lagi, nema með mislægum gatnamótum. Þau kæmu næstum í veg fyrir umferðarslys á þeim gatnamótum, og draga mundi umtalsvert úr mengun vegna tafalausrar umferðar. Þetta er dýr framkvæmd, en slysin eru líka dýr.

Einhvern veginn finnst mér að smíði umferðarbrúa taki allt of langan tíma, enda hver og ein handsmíðuð á staðnum.

Hvernig væri að líta til annarra landa eins og t.d. Spánar. Þar virðast flestar umferðarbrýr vera staðlaðar. Undirstöður eru súlur og burðarbitar úr strengjasteypu eins og súlurnar. Það væri þarft verk að einhver snillingur hannaði brúarhluti sem væru síðan til á lager.

Og þegar greftri væri lokið og púðar undir brúarsúlurnar væru tilbúnir, væri hægt að raða forsteyptum einingum saman. Meirihlutinn af fyrstu þrettán atriðum þarf ekki að vera óhóflega dýr, en mundi bæta umferðarástandið og draga úr mengun í höfuðborginni.

Margt hefur verið vel gert í þessum málum, þetta er bara hugleiðing mín sem hættur er akstri í borginni eftir sextán ár. En ljóst er að einhvers staðar þarf að byrja.

Höfundur er búfræðingur og fyrrverandi starfsmaður Vinnu-efirlitsins.

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3



- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

TURNUPPFÆRSLA 1



- AMD X2 DualCore 4000 +
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB Ati Radeon X1250

29.950

TURNUPPFÆRSLA 4



- Intel Core 2 Duo E6750
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB GeForce 8600GT

67.950

UPPFÆRSLA B



Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.

15.950

20" ACER GAMERS



Frábær 20" Acer skjár með Crystalbrite tækni, 1680x1050 upplausn, 1000:1 í skerpu og 2 ms

27.950

AMD SLI MÓÐURBORD



Öflugt móðurborð frá MSI fyrir AMD örgörva, nForce 570SLI, 4x DDR2 800, 6x SATAII raid, 10x USB2, HD hljóðkort

9.450

CORSAIR 1GB MINNI



Hágæða vinnsluminni frá Corsair með 1GB DDR2 667MHz, PC2-5300 listiðarabrygð

2.750

XILENCE AFLGJAFI



Öflugur 550watta Xilence aflgafi með hljóðláttri 120MM vífta, ATX ver. 2.2

5.950

8600GT SKJÁKORT



Geforce 8600GT frá Pixelview með 600MHz core, 256MB DDR3 1400MHz minni, DVI, TV out ofl.

9.950

500GB MARGMIÐLUNARSPILARI



ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

22.950

ACER ASPIRE 7520G - 40



- 1.9GHz AMD Turion 64 X2
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

acer

109.950

CANON IP4500



Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon 11.750

CANON LIDE 90



48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Litill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

Canon 9.950

PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI



Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni

@tt.is

BLEK Í MIKLU ÚRVALI



Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara

@tt.is

2GB MINNISLYKILL



Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

1.950

SENNHEISER HD 202



Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól frábær hljómur frábært verð

2.750

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Þetta myndir eru höfðar af myndavél og myndavél

THOR JENSEN STÓRÚTGERÐARMÁÐUR

„En kæmi það fyrir á kyrrlátum stundum heima fyrir að mér þætti miða seint áfram, ég hafa unnið fyrir gýg og væri að því kominn að missa trúna á framtíðina þurfti ég ekki annað en að heyra og sjá hvílíkt trúnaðartraust kona mín bar til mín í öllu. Þá dreifðust allir skuggar og áhyggjur, þá óx mér bæði þrek og kjarkur.“

Thor Jensen var fæddur 3. desember árið 1863.



tímamót

tímatot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 3. DESEMBER 1984

Eitt mesta mengunarslys sögunnar

Pennan dag árið 1984 varð stórt mengunarslys í Bhopal á Indlandi. Leki varð í skordýraeiturverksmiðju bandaríska iðnfyrirtækisins Union Carbide. Efnið sem lak út er skylt blásýru og afleiðingarnar urðu þær að tvö þúsund manns dóu strax en 600 þúsund urðu fyrir skaða og af þeim hafa mörg þúsund dáið síðan.

Mjög skorti á nauðsynlegar varúðarráðstafanir verksmiðjunni. Ekki var brugðist við þegar lekinn hófst og starfsfólkið var vanbúið slíkri ógn. Heilbrigðisstarfsfólki í Bhopal hafði ekki verið kennt að bregðast við svona aðstæðum, hvað þá almennum íbúum. Hugsanlega hefðu margir bjargast með því einu að halda rökum klúti fyrir vitin.

Indverska stjórnin fór í skaðabótamál við Union Carbide og samdi að lokum um 470 milljóna dala bætur. Vegna þess fjölda sem varð fyrir skaða kom sárálitíð í hlut hvers og eins. Indverska stjórnkerfið er svífaseint og þekkt að



EFNAMENGUNIN HEFUR HAFT MIKIL ÁHRIF Á ÍBÚA BHPAL.

spillingu. Það hefur ekki greitt út nema hluta bótanna.

Union Carbide hætti starfræslu verksmiðjunnar en lauk aldrei við hreinsun á svæðinu og stöðugt lekur eitur og óþverri úr verksmiðjurústum.

MERKISATBURÐIR

- 1739 Steinn Jónsson Hólabiskup deyr.
- 1818 Illinois verður 21. ríki Bandaríkjanna.
- 1857 Hvirfilbylur brýtur niður bæjarhúsi í Kollsvík við Patreksfjörð. Kona og tvö börn farast.
- 1907 Mary Pickford og Cecil B. DeMille leika saman á Broadway.
- 1944 Borgarastríð brýst út í Grikklandi eftir að Þjóðverjar hörfa þaðan.
- 1967 Læknirinn Christian Barnard framkvæmir fyrstu hjartaígræðsluna í heiminum. Það var gert á sjúkrahúsi í Suður-Afríku. Hjartaþeginn dó átján dögum síðar.

AFMÆLI



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON JARÐEÐLISFRÆÐINGUR er 59 ára.



DARYL HANNAH KVIKMYNDALEIKKONA er 47 ára.



Í PELAMERKURSKÓLA Nemendur 10. bekkjar skólans tóku við fyrstu eintökunum af bókinni um Jónas úr hendi forseta Íslands.

Allir fengu Jónas

Hin nýútkomna bók Böðvars Guðmundssonar skálds um ævi og störf Jónasar Hallgrímssonar hefur nú hlotnast öllum nemendum landsins í 10. bekk. Það var Menningarfélagið Hraun í Óxnadal sem ákvað að færa þeim bókina að gjöf og gerði það með fulltingi og tilstuðlan sparisjóðanna Byrs og SPRON. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti nemendum Pelamerkurskóla í Hörgárbyggð fyrstu eintökin við hátíðlega athöfn. Nemendur höfðu sjálfir veg og vanda af undirbúningi heimsóknar forsetans í skólann.



Á PÖLLUM RÁÐHÚSSINS Nú munu heyrnarskerkir njóta þess betur en áður að sitja þar.

Tónmöskvi í borgarstjórn

Borgarráð samþykkti nýlega að setja upp svokallaðan tónmökva í fundarsal borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur til að auðvelda heyrnarskertrum að hlýða á samræður í borgarstjórn. Það mun verða fyrsta opinbera byggingin með þann útbúnað.

Tónmökvi er einfalt mögnunartæki sem eykur möguleika heyrnarskertra til að fylgjast með umræðum í opnu rými. Hann sendir frá sér hljóð með rafsegulbylgjum í innbyggðan móttakara í heyrnartækjum sem merkt eru með T.

Allt að tíu prósent þjóðarinnar búa við heyrnarskerðingu og talið er að um helmingur þess hóps noti heyrnartæki. Það þýðir að þúsundir Reykjavíkinga geta haft gagn af tónmökva. Hugmyndin að uppsetningu tónmökva kemur frá Heyrnarhjálp, sem kynnti borgarstjóra þennan möguleika á sjötíu ára afmæli félagsins. Heyrnarhjálp verður Ráðhúsinu innan handar við innflutning tækisins. Það er einfalt í uppsetningu og kostar í kringum 100 þúsund krónur. Vonandi fylgja fleiri opinberar byggingar í kjölfar Reykjavíkurborgar og laga hljóm-tæki sín að þörfum þeirra sem hafa skerta heyrn.



Í LYFJAFRÆÐISAFNINU Á SELTJARNARNESI Unnur og Sigríður innan um gömul áhöld til lyfjagerðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS: SJÖTÍU OG FIMM ÁRA

Danir í meirihluta í upphafi

Það er í viðbyggingu við hið forna fjós landlæknisins á Nesi á Seltjarnarnesi sem formaður og framkvæmdastjóri Lyfjafraeðingafélags Íslands eru króaðir af til að fræðast af þeim um sögu félagsins. Þeir eru báðir kvenkyns. Unnur Björgvinsdóttir er formaður og Sigríður Siemsen framkvæmdastjóri. Gömul meðalaglös, kútar og krúsir, eru ásamt ýmsum áhöldum til meðalagerðar á stórmerku minjasafni félagsins í fjósinu við Nesstofu og í viðbyggingunni er skrifstofa félagsins og þar með vinnustaður Sigríðar.

Tílfni viðtalsins er 75 ára afmæli Lyfjafraeðingafélags Íslands nú á miðvikudaginn 5. desember. Unnur og Sigríður segja hafa verið tekið forskot á sæluna og haldið myndarlega upp á það á Hótel Sögu hinn 17. nóvember á árlegum lyfjagægi. „Það var mjög vel sótt hátíð,“ segir Sigríður og nefnir að Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur hafi þar verið með skemmtilegt erindi um sögu félagsins er bar titilinn Ekki vekja næturvörðinn að óþörfu. „Það lýsti öðrum aðstæðum en við þekkjum í dag,“ segir hún.

Sigríður otar líka nýlegu félagatali að blaðamanni því fremst í því eru greinar-góðar upplýsingar um söguna. Þar kemur fram að félagið hét upphaflega Lyfjafraeðingafélag Íslands og stofnfélagar voru átta. Danir voru í meirihluta eða fimm talsins en Íslendingar aðeins þrír. Allir störfuðu í apótekum á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim tíma voru fjögur apótek starfrækt í Reykjavík, eitt í Hafnarfirði og níu á landsbyggðinni. Baráttumál félagsins til að byrja með voru stöðlun forskrifta milli apóteka og aukin samvinna þeirra almennt, svo

sem vaktafyrirkomulag og fleira. Nú, á 75. afmælisári félagsins, eru félagarnir rúmlega 400 og starfa víða í þjóðfélaginu. „Það er ekki nema einn þriðji félagsmanna í apótekum núna,“ segir Unnur. „Aðrir starfa í Actavis, hjá Íslenskri erfðagreiningu, á sjúkrahúsum, rannsóknarstofu Háskóla Íslands og víðar.

Þetta er í raun sundurleitt stétt. Það er kannski helsta breytingin á þessum 75 árum. „Hún segir líka starf lyfjafraeðinganna innan apótekanna hafa breyst mikið því nú komi öll lyf tilbúin þangað nema sýklalyfjamixtúrur. Í staðinn sjái þeir meira um upplýsingagjöf en fyrr. „Í nýrri apótekum er reynt að hafa lyfjafraeðingana sýnilegri en áður. Samt ekki svo að almenningur sjái hvaða lyf hann skaffar hverjum og einum,“ tekur hún fram.

Spurð um félagsstarfið svarar Sigríður því til að félagið sé bæði stéttarfélag og fagfélag. Það sjái um kjarasamninga fyrir félagsmenn en haldi líka fræðslufundi og gefi út fræðsluefni.

Einnig sé dagur lyfjafraeðinnar haldinn á hverju ári og afmælishátíð á fimm ára fresti. Farið sé á alþjóðlegar ráðstefnur og stundum skipulagðar hópferðir í kringum þær. Sumarhús félagsins í Grímsnesi sé vel nýtt árið um kring og tvær íbúðir á Spáni standi félagsmönnum til boða á niðurgreiddu verði.



ÁVAXTAPRESSA ER MEÐAL MINJA SAFNSINS.

gun@frettabladid.is

VERÐTRYGGING!! Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON



JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA



Mest selda leikjatölva veraldar

ORMSSON ER UMBOÐSAÐILI FYRIR NINTENDO Á ÍSLANDI

Mergjað leikjaúrval!

Wii Super Mario Galaxy var nýlega valinn „Besti leikur allra tíma“ *



ORMSSON

*www.gamerankings.com

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



STUÐ MILLI STRÍÐA Vökum að eilífu

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR BÍÐUR SPENNT EFTIR UNDRALYFI



Vísindamenn eru vísast ekki langt frá því að fullþróa pillu sem gerir okkur kleift að vaka sólarhringum saman án þess að finna fyrir minnsta votti af þreytu. Þessar fréttir hljóta að teljast mikið gleðiefni fyrir vinnualka, læknanema og hermenn um heim allan. Nú er bara að bíða í ofvæni eftir þessari ótrúlegu framför sem kemur til með að hleypa okkur inn á næsta tilverustig mannkyns.

Að hugsa sér hve ljúft það væri að geta sinnt sínum hugðarefnum allan sólarhringinn án þess að þreytast. Svo ekki sé minnst á að

þjóðarframleiðslan færi fram úr björtustu vonum þar sem við gætum unnið mikið meira. Eflaust fylgja ástandinu einhverjir ókostir, en það er ekki hlaupið að því að koma auga á þá. Líkast til yrðum við oftar svöng en við erum nú, sem er vissulega erggjandi, en það hlýtur senn að vera til pillu við því líka.

Reyndar má benda á að vísindin vita ekki enn fyllilega hvers vegna við þurfum á svefni að halda. Eitt af fáu sem er ljóst varðandi svefn er að hann er svo mikil frumþörf að hann tekur af okkur völdin jafnvel þegar við vitum að hann verður okkar bani. Til eru mýmörg dæmi um fólk sem látist hefur af völdum svefnis; nóg er að tína til öikumenn, flugmenn og skipbrots-

menn í lífsháska.

Svefn getur sem sagt drepíð og því ber að fagna ef fánleg verður pillu sem getur forðað okkur frá því að sofna undir stýri. Helsti kostur pillunnar hlýtur þó að vera að hún fjarlægir óþægindin sem óþjákvæmilega af því hljóta að halda sér vakandi lengi. Þessi óþægindi voru á sínum tíma staðfest á vísindalegan hátt af hugröskum bandarískum menntaskólanema sem kallaðist Randy Gardner. Randy tók sig til á sjöunda áratug síðustu aldar og hélt sér vakandi í 264 klukkustundir til þess eins að kanna áhrif þess á líðan sína. Að afrekinu loknu sagði hann að sér liði mjög illa. Svo sofnaði hann.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SANTAFE

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- Óflugt fjórhjóladrif með 50/50 driflæsing
- 6 Öryggisloftþúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu undir rúðupurkum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- 17" álfelgur
- Fáanlegur 7 manna


Santa Fe beinskiptur, bensín 188 hö
Verð kr. 3.740.000

Santa Fe sjálfskiptur, dísel 150 hö
Verð kr. 4.190.000

Veglegur sportjeppi

Santa Fe er með mikið rými og er því eins og sniðinn fyrir fólk með lifandi áhugamál. Sjálft farangursrýmið er 969 ltr og því þykir farangursrýmið einstaklega gott. Þá er þessi veglegi sportjeppi aðeins búinn fyrsta flokks þægindum og kraftmiklum jeppaeiginleikum og hefur sem dæmi 2 tonna dráttargetu. Komdu í reynsluakstur.

Santa Fe er bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga að mati Bandalagi Íslenskra Bílalaðamanna. Santa Fe er sönnun þess að Hyundai hefur gæðin.



Bíll á mynd: Hyundai Santa Fe beinskiptur, bensín 288 hö verð kr. 3.740.000



Með bílinn handa þér

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

**Kl. 19**

Rás 1 leikur tónleikahljóðritun frá Schubert-hátíðinni í Hróarskeldu í Danmörku í kvöld kl. 19. Hljóðritunin er á vegum Sambands evrópskra útvarpsstöðva.

menning

menning@frettabladid.is

Jónas gefur út og treður upp

Píanóleikarinn Jónas Ingimundarson heldur tónleika í Salnum í Kópavogi á miðvikudagskvöld kl. 20.

Tílefið er útgáfa á tveim geisladiskum þar sem Jónas leikur perlor eftir Chopin, Mozart, Schubert, Schumann, Händel og Brahms. Um nýjar hljóðritanir úr Salnum er að ræða sem Sveinn Kjartansson hjá Stafræna hljóðupptökufélaginu annaðist. Diskarnir verða til sölu á tónleikunum og verður hægt að krækja sér í áritun Jónasar að tónleikum loknum.

Á efnisskránni á miðvikudag verða þrjú öndvegisverk Beethovens: Tunglskinssónatan, Pathétique-sónatan og Appassionata op. 57.


Í tengslum við tónleikana sýnir Kristín Þorkelsdóttir myndlistarmaður teikningar og málverk sem hún hefur gert af pianist-anum á liðnu ári.

Jónas er einn af okkar þekktustu og

virtustu píanóleikurum. Hann hefur leikið inn á fjölda hljómplata og hljómdiska og hefur staðið fyrir öflugum tónlistarkynningarstarfi í tengslum við tónleikahald sitt. Jónas hefur fengið listamanna- og notið starfslauða listamanna og hlotið margvíslegar viðurkenningar, svo sem heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2001, þegar þau voru veitt í fyrsta sinn.

Jónas var sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1994 og Dannebrog-orðunni árið 1996. Jónas er tónlistarráðunatur Kópavogs og árið 2004 var hann valinn heiðurslistamaður bæjarins. Jónas nýtur heiðurslauna Alþingis.

Aðgangur að þessum fallegu tónleikum er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm hefir. Númeraðir aðgöngumiðar eru afhentir í miðasölu Salarins að Hamraborg 6 og gæti verið vissara fyrir áhugasama að tryggja sér miða sem fyrst.



JÓNAS INGI-MUNDARSON Hann er einn af okkar ástsælustu tónlistarmönnum.

Litarefni skipta sköpum

Fyrir tveimur árum síðan ætlaði allt um koll að keyra í heimi myndlistarinnar. Ástæðan var sú að 22 strigamálverk og 10 málverk á tréplötum eftir meistaranum Jackson Pollock fundust í geymslurými í Long Island í Bandaríkjunum. Verkin voru öll áður óþekkt og talin vera frá sérlega mikilvægu tímabili í sögu listamannsins þegar hann var að þróa sérstakan slöttustíl sinn á árunum 1946-1949.

En nú kárnar gamanið vegna þess að James Martin, efnaræðingur sem sérhæfir sig í aldri listaverka, hefur greint málninguna í verkunum og komist að þeirri niðurstöðu að viss efni í henni hafi ekki verið framleidd fyrr en eftir árið 1956, en það var dánarár listamannsins. Að auki segir Martin eina af tréplötunum tíu sem verkin eru máluð á vera frá áttunda áratugnum.



VERKIÐ NUMBER ONE EFTIR JACKSON POLLOCK Verkið er ekki eitt þeirra sem fjallað er um í fréttinni, en það sýnir vel sérstakan slöttustíl Pollocks.

Niðurstöður Martins hafa óhjákvæmilega mikil áhrif á gildi verkanna, en athygli hlýtur að vekja að það var Alex Matter, sjálfur fundarmaður og eigandi þeirra, sem fékk Martin til starfsins.

Matter kveðst hafa fundið verkinn þegar hann var að taka til í geymslu móður sinnar heitinnar.

Faðir hans, sem einnig er látinn, hafði verið náinn vinur og nágrenni Pollocks og því þótti líklegt að myndirnar væru ófalsaðar. Matter hefur frá upphafi staðfestlega neitað því að hann ætli sér að græða peninga á sölu verkanna. Fljótlega eftir fundinn komust þó sögusagnir á kreik um að hann væri þegar búinn að selja nokkrar myndir.

Lögmaður Matters vill ekki samþykkja niðurstöður Martins sem endanlegar og óbyggjandi. Lögmaðurinn vill meina að litarefni umdeildu gætu vel hafa verið til fyrir dauða Pollocks en að einkaleyfi hafi ekki fengist fyrir þeim fyrr en löngu seinna.

Raddir þeirra sem draga heiðarleika Matters í efa magnast stöðugt. Flestir, gagnrýnendur sem aðrir, eru þó sammála um að ef um falsanir sé að ræða séu þær stórkostlega vel gerðar.



KVENNAKÓR GARÐABÆJAR Hélt tónleika í Kaupmannahöfn í haust.

Íslensk og erlend jólalög

Hinir árlegu aðventutónleikar Kvennakórs Garðabæjar í Digraneskirkju fara fram í kvöld kl. 20. Gestir kórsins að þessu sinni eru þau Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona og gítarleikarinn Ragnar Örn Emils-son. Efnisskrá tónleikanna verður sérlega hátíðleg að vanda en einkennist jafnframt af fjölbreytni.

„Að þessu sinni eru eingöngu jólalög á efnisskránni hjá okkur, bæði íslensk og erlend,“ segir Ingibjörg Guðjónsdóttir, stjórnandi kórsins. „Hingað til höfum við haft jólatónlist í bland við aðra sigilda tónlist á aðventutónleikum okkar, en við ákváðum að láta hátíðarstemninguna ráða ríkjum þetta árið. Þrátt fyrir að lögin sem við flytjum á tónleikum séu mörg ólík innbyrðis sameinar hátíðarblærinn þau öll. Tónlistin er aðgengileg og sniðin til þess að koma fólki í jólskaði. Því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á tónleikum.“

Kórinn hefur ekki áður flutt djasstónlist á aðventutónleikum sínum og því er skemmtileg nýbreytni í því að fá færa djasstón-

listarmenn til að krydda flutninginn. Tónleikarnir hefjast á flutningi kórsins á sigildri jólatónlist, en eftir hlé taka þau Kristjana og Ragnar við og leika nokkur lög. Tónleikum lýkur á því að djassararnir og kórinn sameinast og flytja nokkur vel valin jólalög saman.

Kvennakór Garðabæjar hefur verið starfandi í átta ár og eru meðlimir hans fjörutíu talsins. Kórinn hefur verið afar virkur þessi átta ár og haldið fjölda tónleika hérlandis og erlendis. Til gamans má geta þess að kórinn er nýkominn heim úr vel heppnaðri tónleikaferð til Kaupmannahafnar. Ingibjörg segir fjöldamörg verkefni fram undan. „Okkur þykir skemmtilegt að feta nýjar brautir og því ætlum við að breyta til í tónleikahaldi okkar með vorinu. Við höfum fram að þessu yfirleitt einbeitt okkur að fremur blandaðri efnisskrá og fjölbreytileikinn hefur verið hálfgerð einkenni á tónleikum okkar. En í vor stefnum við að því að halda stóra tónleika með strengjasveit þar sem við flytjum eingöngu kirkjutónlist sem tengist föstunni,“ segir Ingibjörg að lokum.

Miðaverð er 2.000 kr. við innanganginn en 1.700 kr. fyrir lífeyrisþega. Ungmenni fimmtán ára og yngri fá frítt inn á tónleikana.

vigdis@frettabladid.is

GEFÐU HLÝJA JÓLAGJÖF Í ÁR



icebreaker

100% MERINO

Íslensku **ALPARNIR** FERÐAVERSLUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Styrkveiting Snorra

Í tilefni af 750. ártíð Snorra Sturlusonar árið 1991 ákvað ríkisstjórn Íslands að efna til styrkja sem kenndir yrðu við nafn hans. Styrkirnir skulu árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi.

Nýverið var úthlutað styrkjum fyrir árið 2008, en 40 umsóknir bárust frá 23 löndum. Þrjár fræðimenn hlutu styrki til þriggja mánaða hver.

Dr. Christopher Abram, lektor við University College í London, fékk styrk til að vinna að bók um norræna goðafræði og viðtökur á Eddunum á síðari öldum.

Dr. Jakob Morawiec, fræðimaður við Silesíu-háskóla í Katowice í Pól-

landi, fékk styrk til að vinna að þýðingu á Hallfræðar sögu vand-ræðaskálds á pólsku, skrifa fræðilegan inngang að þýðingunni og taka saman skýringar við söguna.

Dr. Hélène Tétrel, lektor við Bretanuháskólann í Brest í Frakklandi, fékk styrk til að vinna að þýðingu á Breta sögum á frönsku og rannsókn á viðtökum Historia Regum Britanniae í Norðvestur-Evrópu.

Í úthlutunarnefnd styrkjanna eiga sæti Úlfar Bragason rannsóknarprófessor, en hann er formaður nefndarinnar, Ásdís Egilsdóttir dósent og Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur.



SNORRI STURLUSON Styrkir kenndir við hann eru veittir árlega.

Flottar myndavélar. Flottari jólagjafir.

LOMO myndavélar eru frægar fyrir sérkennilegt útlit og öðruvísi myndir.



HOLGA

Kr. 7900



DIANA+

Kr. 7900



LOMO ACTION SAMPLER

Kr. 4900



LOMO POP4 - Tekur 9 myndir í einni

Kr. 4490



LOMO FISHEYE 2

Kr. 6900



LOMO SUPER SAMPLER

Kr. 7900

lomography

www.hanspetersen.is

» Laugavegur 178 105 Reykjavík Sími 412 1840
» Bankastræti 4 101 Reykjavík Sími 412 1810
» Kringlan 103 Reykjavík Sími 412 1830
» Smáralind 201 Kópavogur Sími 412 1870
» Fjörður 220 Hafnarfjörður Sími 412 1820



HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

> BOND BRANDARAKARL

Daniel Craig segir húmor ekki eiga mikið erindi í Bond-myndirnar. „Ég skil að stundum á myndni rétt á sér. Ég þoli bara ekki skrifaða brandara. Mér hefur aldrei líkað þannig vinna og mér finnst það ekki fyndið,” segir leikarinn.



fólk

folk@frettabladid.is

Reikningur af barnum sönnunargagn

Barreikningur Lindsay Lohan gæti orðið sönnunargagn í máli sem Raymundo Ortega hefur höfðað á hendur henni. Lohan keyrði aftan á bíl Ortega í Hollywood árið 2005 eftir að hafa snætt hádegismat á hinum geysivinsæla veitingastað The Ivy. Ortega heldur því fram að hún hafi neytt áfengis með matnum, og því verið undir áhrifum áfengis þegar árekssturinn átti sér stað.

Til að sanna þetta hyggst Ortega leggja fram reikning Lindsay frá The Ivy á umræddum degi. Samkvæmt vefsíðunni Tmz.com sýnir reikningurinn að matargestirnir fimm, þar með talin Lindsay Lohan, pöntuðu fjóra Ivy Gimlets, sterka vodkakokteila með myntu. Ortega vonast til að þetta nægi til að sanna sekt Lindsayar, en

það gæti þó reynst erfitt að sýna fram á að Lindsay hafi drukkið kokteilinn.

Lindsay hefur svarað lögsókninni með annarri lögsókn, og vill fá skaðabætur að andvirði 4,5 milljóna íslenskra króna frá Ortega. Málin tvö verða tekin fyrir í apríl á næsta ári.

DRAKK LINDSAY?

Raymundo Ortega heldur því fram að Lindsay Lohan hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún keyrði á bíl hans árið 2005.



Flugleiðafólk heimsótti ABC barnahjálp í Naíróbí

Flugleiðahópurinn sem ætlar að fljúga umhverfis hnöttinn á 26 dögum heimsótti ABC barnahjálpinna í Naíróbí í Keníu á ferð sinni.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á dögnum fékk Ícelandair það verkefni að fljúga með um níutíu manna hóp Kanadamanna umhverfis hnöttinn. Í áhöfninni eru tíu Íslendingar en Kanadamennirnir þurftu að borga jafngildi um tveggja milljóna króna fyrir sætið. Kenía var niundi áfangastaðurinn af tólf ef Ísland er talið með. Hægt er að fylgjast með ferðinni á slóðinni heimsfarar.blog.is en þar segir meðal annars um heimsóknina til barnanna í Naíróbí: „Þar var mjög vel tekið á móti okkur og eyddum við nokkrum tímum með börnunum. ABC í Keníu er með þrjú hús þar sem börnin búa. Þetta eru börn sem eru annað hvort munaðarlaus eða koma úr fátækrahverfunum í borginni. Þórunn Helgadóttir, sendi- og kynningarfulltrúi ABC barnahjálpar, sem sér um starfið hér, sagði okkur að 3,5 milljónir manna búa í þessum fátækrahverfum (slómmum) í Naíróbí og



ÁHUGASÖM UM FLUG Jakob Schweitz Þorsteinsson, flugvirki hjá Ícelandair, sagði börnunum ýmislegt um flugvélar.

eru þetta fjölmennustu fátækrahverfi í Afríku. Það var gaman að heimsækja Þórunni og börnin. Þau byrjuðu á því að spyrja okkur spjörum um flug og svo sungu þau og dönsuðu fyrir okkur. Við gáfum þeim svo smá styrk sem verður notaður til að kaupa bækur og annað sem vantar.“ - sók

GLEÐI OG GAMAN Krakkarnir sem njóta góðs af ABC barnahjálpinni brugðu á lek fyrir íslensku gestina.



Bratz

Sendu sms **BTC BMF** Á númerið **1900** og þú gætir unnið!

Vinningar eru DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

9 HVER VINNUR!

Kemur í verslanir 6. desember!

Ó, Herra Jóli hvað geri ég nú?

Jólasveinninn er í vandræðum og þarf hjálp frá Herra Jóla

YNDISLEG BÓK
HANDA LITLU
KRÍLUNUM
SEM BÍÐA
EFTIR
JÓLUNUM



ÞEGAR
ÝTT ER Á
TAKKANN
SPILAR
BÓKIN
JÓLALAG

JPU
JPU ÚTGAFA
www.forlagid.is



RIKAR AF BÖRNUM Kryddþiurnar eiga samanlagt sjö börn. Tvö þeirra eru með hlaupabólu.

Hlaupabóla herjar á Kryddþiubörn

Kryddþían Geri Halliwell neyddist til þess að skilja átján mánaða dóttur sína Bluebell eftir heima þegar hún hélt af stað í tónleikaferð sína um heiminn. „Cruz smitaði hana af hlaupabólu,” sagði Geri en sá er yngsti sonur Victoríu og Davids Beckham. „Hún er undirlögð greyð svo ég skildi hana eftir heima. Alla jafna væru þau hlaupandi um allt hérna.“

Geri segir að krakkarnir elski að leika sér saman. „Við leyfum krökkunum að hittast og leika sér. Romeo og Bluebell kemur líka mjög vel saman. Við vorum að æfa um daginn og allir krakkarnir okkar voru að leika sér á sviðinu á sama tíma. Það kom mér til að brosa.“ Kryddþiurnar eiga samtals

sjö börn. Victoria á synina Brooklyn, Romeo og Cruz, Geri á Bluebell, Emma á soninn Beau sem fæddist í ágúst síðastliðnum og Mel B. á tvær dætur, þær Phoenix Chi og Angel. Íþróttakryddið Mel C. er barnlaus enn sem komið er.

Mikill spennningur ríkir víða vegna fyrirhugaðrar tónleikaferðar stelpnanna en Victoria hefur lýst því yfir á blogginu sínu að koma sjúkraliða sé gæðamerki. „Þegar við förum einhverju sinni til Japans grét fólk. Ég er mjög hrifin af því. Það eru alvöru aðáendur sem gráta og líka þeir sem falla í yfirlíð. Það er alltaf gæðamerki þegar sjúkraliðarnir eru kallaðir til. Það sýnir að aðáendunum er alvara.“

Baðdagar í Vatnsvirkjanum ^{Ármúla}

Baðvörur með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans. Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!



Aveiro

Handlaug á vegg
55x45 og 60x45

Verð áður:
10.999,-
Tilboðsverð:
kr. 5.499,-
50% afsláttur



Alfa

Blöndunartæki
með lyftitappa

Verð áður:
13.999,-
Tilboðsverð:
kr. 9.799,-
30% afsláttur




Aveiro

Blöndunartæki
Tveggja handa

Verð áður:
10.999,-
Tilboðsverð:
kr. 5.499,-
50% afsláttur

Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár!



Skagen

Horn 88 x 88 - Glært öryggisgler

Verð áður:
94.999,-
Tilboðsverð:
kr. 66.499,-
30% afsláttur



Skagen

Rúnað horn 88 x 88 - Glært öryggisgler

Verð áður:
99.999,-
Tilboðsverð:
kr. 69.999,-
30% afsláttur



Aveiro

Salerni - í vegg og gólf

Verð áður:
33.300,-
Tilboðsverð:
kr. 19.980,-
40% afsláttur



Cati

Handlaug á borð og í borð

Verð áður:
10.999,-
Tilboðsverð:
kr. 7.699,-
30% afsláttur

Ferhyrndur sturtuhaus
Gúmmí 20 x 20



Verð áður:
15.999,-
Tilboðsverð:
kr. 7.999,-
50% afsláttur

Kringlóttur sturtuhaus
Gúmmí 20 x 20



Verð áður:
15.999,-
Tilboðsverð:
kr. 7.999,-
50% afsláttur

Kringlóttur sturtuhaus
Gúmmí 20 x 20



Verð áður:
15.999,-
Tilboðsverð:
kr. 7.999,-
50% afsláttur

Ferhyrndur sturtuhaus
Gúmmí 20 x 20



Verð áður:
15.999,-
Tilboðsverð:
kr. 7.999,-
50% afsláttur

Handbrúsa sturtuhaus
Ferhyrndur - Gúmmí



Verð áður:
3.999,-
Tilboðsverð:
kr. 1.999,-
50% afsláttur

Handbrúsa sturtuhaus
Kringlóttur - Gúmmí



Verð áður:
3.999,-
Tilboðsverð:
kr. 1.999,-
50% afsláttur



VATNSVIRKINN

Jenna opnar bar í hóruhúsi

Fyrrverandi klámstjarnan Jenna Jameson hyggst nú reyna fyrir sér á öðrum sviðum, en hún mun opna bar í gömlu vændishúsi í New York á næsta ári. Barinn, sem mun heita The General Store, er afrakstur samvinnu hennar og hönnuðarins Richie Rich, en hann verður til húsa í Kínahverfinu í New York, þar sem áður var starfrækt vændishús. Framan við barinn verður að finna verslun með hönnun Richie og fötum sem Jenna hyggst sjálf velja og kaupa inn.

Jenna vakti mikla athygli á árinu, þegar hún tilkynnti að hún hefði lagt klámmyndaleik á hilluna og lét í kjölfarið minnka á sér brjóstin. Jenna, sem er 32 ára gömul og þénar um þrjátíu milljónir dollara á ári, sagði sér hafa liðið illa með stærðina

á sílikonpúðum sínum. „Ég var feimin á ströndinni,“ sagði hún um fyrrverandi brjóstastærð. „Það fyrsta sem ég gerði eftir að ég kom heim úr aðgerðinni var að fara úr brjóstahaldaranum mínum. Ég átti ekki að gera það, en ég gerði það samt. Ég var svo hamingjusöm að ég grét. Það var eins og að horfa í spegil þegar ég var sautján ára,“ sagði klámmyndaleikkonan.



NÝ MID Fyrrverandi klámstjarnan Jenna Jameson rær á ný mið og hyggst opna bar í gömlu vændishúsi í New York á næsta ári.

SYNID I DIGITAL 3-D
SÍMÍ: 553 2075 - bara lúxus

ALFABAKKA	SELFOSSI
BEOWULF kl. 5:30 - 8 - 10:30	BEOWULF kl. 8
SYDNEY WHITE kl. 8 - 10:10	30 DAYS OF NIGHT kl. 10:20
AMERICAN GANGSTER kl. 5:30 - 8:30	WEDDING DAZE kl. 8
AMERICAN GANGSTER kl. 5:30 - 8:30	EASTERN PROMISES kl. 10
JESSE JAMES kl. 10:30	
30 DAYS OF NIGHT kl. 8 - 10:30	
MICHAEL CLAYTON kl. 8	
STARDUST kl. 5:30	
FORLEÐRAN kl. 8	
KRINGLUNNI	AKUREYRI
BEOWULF kl. 5:30 - 8 - 10:30	BEOWULF kl. 8 - 10:10
SYDNEY WHITE kl. 8 - 10:10	IN THE LAND OF WOMEN kl. 8
AMERICAN GANGSTER kl. 9	30 DAYS OF NIGHT kl. 10
ÞRÓTAHETJAN kl. 8 - 10	

KEFLAVÍK
BEOWULF kl. 8
AMERICAN GANGSTER kl. 8

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í TÓLAGJÖF

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ SÍMÍ: 553 2075 - bara lúxus

HITMAN
MR. WOODCOCK

RENTION
AMERICAN GANGSTER
MR. WOODCOCK

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	KL.	ALDUR
HITMAN	kl. 6, 8 og 10-POWER	16
RENTION	kl. 5.30, 8 og 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 10	16
MR. WOODCOCK	kl. 6 og 8	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midviki

NÝTT Í BÍÓ!

HITMAN
LEIGUMORDINGINN
Magnþúfur spennutryllir sem gerður er eftir hinum frábæru tölvuleikjum með Timothy Olyphant úr Die Hard 4.0 í fantaformi.

ACROSS THE UNIVERSE
ALHEIMSFERÐ
MÖGNUD MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF STÚTFULL AF ÆDISLEGRI BÍTLAÐLISTI!

DAN Í RAUN OG VERU
DAN IN REAL LIFE

RENTION

WEDDING DAZE
BRÚDKAUPSBIÐ

LÍF RÓSARINNA
LA VIE EN ROSE

ASTARSORG
ASTARSORG

LIONS FOR LAMBS
LIÓN FYRIR LÖMB

THIS IS ENGLAND
ÞETTA ER ENGLAND

SMÁRA BÍÓ SÍMÍ 564 0000

HITMAN	HITMAN LÚXUS	DAN IN REAL LIFE	WEDDING DAZE	BALLS OF FURY	JEVINTYRAEYJA IBBA 600 KR.	THE HEARTBREAK KID
kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	kl. 5:45 - 8 - 10:15	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	kl. 4 - 6	kl. 4	kl. 8 - 10:30
16	16	16	10	7		12

REGNBÖGINN SÍMÍ 551 9000

HITMAN	DAN IN REAL LIFE	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNA	LIONS FOR LAMBS	THIS IS ENGLAND
kl. 5:50 - 8 - 10:10	kl. 5:45 - 8 - 10:15	kl. 5:20 - 8 - 10:40	kl. 8 - 10	kl. 6
16	16	12	16	14

450 kr. í bíó!

ÍSKÓLABÍÓ SÍMÍ 530 1919

ACROSS THE UNIVERSE	RENTION	EASTERN PROMISES	VEBRAMÖT SÍÐUSTU SÝNL
kl. 5:20 - 8 - 10:40	kl. 5:30 - 8 - 10:30	kl. 5:30 - 8 - 10:20	kl. 5:40 - 8 - 10:20
12	16	16	14

REGNBÖGINN SÍMÍ 462 3500

HITMAN	DAN IN REAL LIFE	RENTION
kl. 6 - 8 - 10	kl. 6 - 8	kl. 10
16		16

Íslendingar sigursælir

Kaffihúsið Laundromat Café sigraði í sínum flokki í vinsældakosningunni Byens bedste. Dóra Takefusa og Dóra Dúna Sighvatsdóttir náðu ekki sigri í flokki menningarlegra frumkvöðla en fóru samt sem áður heim með verðlaun.

„Við erum náttúrulega glaðir, drengirnir,“ sagði Friðrik Weissappel, einn eigenda Laundromat Café, í viðtali við Fréttablaðið í gær. Þeir unnu fyrir besta dögurðinn. „Við unnum með glæsibrag,“ sagði Friðrik, en Laundromat skaut til dæmis hinu þekktu kaffihúsi Café Europa við Strikið ref fyrir rass.

Friðrik hafði upphaflega ætlað sér að bjóða starfsfólki sínu á verðlaunaafhendinguna sem fram fór á laugardagskvöldið. „Það var bara ekki hægt að fá miða, það var allt uppselt,“ sagði Friðrik hlæjandi. Hann fékk því ekki fréttir af niðurstöðum fyrr en á sunnudagsmorgni. „Dagurinn hófst á því að skála í kampavíni með starfsfólki á báðum stöðum okkar, og ég dreifði barmmerkjum sem ég var búinn að gera, ég var svo sigurviss. Á þeim stendur Byens bedste brunch – winner,“ segir Friðrik og hlær við.

Súrrealískt kvöld

Dóra Dúna Sighvatsdóttir og Dóra Takefusa voru tilnefndar í flokki



VANN MEÐ GLÆSIBRAG Friðrik Weissappel og aðrir aðstandendur Laundromat Café sigruðu í sínum flokki í vinsældakosningu Aok.dk.

SÚRREALÍSKT KVÖLD Dóra Takefusa og Dóra Dúna unnu ekki í sínum flokki en fóru þó heim með verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



menningarlegra frumkvöðla, en hlutu ekki titilinn eftirsóttá. „Við bjuggumst nú alveg við því,“ sagði Dóra Takefusa, en hún og Dóra Dúna voru viðstaddir afhendinguna.

Kosið er í fjörutíu flokkum, en að sögn Dóru eru bara veitt eiginleg verðlaun í tólf þeirra. „Síðasti flokkurinn var Besti klúbburinn, þar sem klúbburinn Vega vann,“ útskýrir Dóra. „Þau fóru upp á svið að taka við verðlaunum, og svo fórum við allt í einu að heyrja orðið Jolene aftur og aftur. Við skiljum ekki dönsku og vissum ekkert hvað var að gerast, en það fóru allir að klappa og flauta. Það

kom svo í ljós að þeir vildu gefa okkur verðlaunin,“ sagði Dóra hlæjandi, en hún kvaðst enn ekki hafa áttað sig almennilega.

„Þeir sögðu að við værum „the coolest club in town“ og að þeir elskuðu staðinn,“ bætti Dóra við. Eftir tilraun til að skila verðlaunagripnum fóru nöfnurnar bara með hann heim. „Þau vildu ekki taka við honum aftur. Þetta var mjög súrrealískt og skemmtilegt kvöld,“ sagði Dóra hlæjandi.

Jolene, bar Dóru og Dóru Dúnu, hefur nú verið lokað í bili, þar til hann flytur sig um sess. Enn er ekki vitað hvert það verður.

sunna@frettabladid.is

Óborganleg bók

Melinda Long
David Shannon

Sjóræningjar skipta ekki um bleiur

Þegar Fléttuskeggur og sjóræningjarnir hans ætluðu að grafa upp ránsfenginn sem þeir földu í bakgarði Jakobs Jeremíasar gátu þeir ekkert gert fyrr en þeir höfðu huggað Brynju Rán, litlu systur hans, sem vaknaði við lætin. Og í einum grænum hveli gerast kafeinninn og sjóræningjarnir hans ... barnapiur!

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

JÓLATILBOÐ

AVERY

Spine support
(Queen size 153x203)

kr. 98.500

JÓLATILBOÐ

Dúnsæng og kodd

fylgir öllum Comfort
Solutions heilsurúmum
á meðan byrgðir endast

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

JÓLATILBOÐ

AVERY

Spine support
(Twin XL 97x203)

kr. 74.900



JÓLATILBOÐ

AVERY

Spine support
(King size 193x203)

kr. 135.900



JÓLATILBOÐ

AVERY

Spine support
(Cal King size 183x213)

kr. 129.500



Til í mörgum litum

JÓLATILBOÐ

SVEFNSÓFI

CLOW (200x120)

kr. 64.000



Til í mörgum litum

JÓLATILBOÐ

SVEFNSÓFI

SOPHIA (190x120)

kr. 55.000



Til í mörgum litum

JÓLATILBOÐ

SVEFNSÓFI

T160

kr. 129.500



JÓLATILBOÐ

FRANCISCO

Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (90x200)

kr. 195.000



JÓLATILBOÐ

PABLO

Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (80x200)

kr. 117.500



JÓLATILBOÐ

S CAPE WALLHUGGER

með heilsudýnum
frá King Coil (97x203)

kr. 285.000

Bjúðum upp á vaxtaussar greiðslur í 6 mánuði á Wallhugger.

MYNDIRNAR Í AUGUSÍGINGUNNI ERU EKKI ALLTAF
MÁNAMENGAÐAR SEM EIGNA VÉL TILBOSSVERIÐ



AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Coil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kiropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



rekkjan

H E I L S U R Ú M

> Gömlu kempurnar úr leik

Bikarævintýri gömlu manna í Mosfellsbæ er á enda en Afturelding 2 féll úr leik í gær þegar Akureyri kom í heimsókn. Norðanmenn voru ekki meittir til að leika sér og gáfu gömlu mönnunum engin grið strax frá upphafi. Akureyri var komið með drjúga forystu fljótlega og lét hana aldrei af hendi þó svo Norðanmenn hafi heldur slakað á klónni. Þegar upp var staðið vann Akureyri með 19 marka mun, 20-39, og Akureyri því komið í undanúrslit Eimskipsbikarsins.



sport
sport@frettabladid.is

EIMSKIPSBIKAR KARLA: FRAM TEKUR Á MÓTI STJÖRNUNNI Í SAFAMÝRINI Í STÓRLEIK KVÖLDSINS

Einvígi hjá fyrrum miðjumönnum KA-liðsins

Átta liða úrslitum Eimskipsbikars karla lýkur í kvöld með tveim leikjum sem báðir hefjast klukkan 20. Þróttur úr Vogum tekur á móti Vikingi í Strandgötu en í Safamýri verður boðið upp á sannkallaðan stórleik hjá Fram og Stjörnunni. Þar mætast í fyrsta skipti í langan tíma Akureyringarnir og fyrrverandi samherjarnir hjá KA, Halldór Jóhann Sigfússon sem nú spilar með Fram og Heimir Örn Árnason hjá Stjörnunni.

„Það verður verulega gaman að mæta Heimri en við spilum saman í mörg ár fyrir norðan. Heimir er hörkuleikmaður og við berum mikla virðingu

hvor fyrir öðrum. Þegar út í leikinn er komið eru þetta bara slagsmál og það verður ekkert gefið eftir,“ sagði Halldór Jóhann, sem kom heim frá Þýskalandi á dögunum þar sem hann lék með Tusem Essen. „Það er alltaf sérstakt að mæta gömlum félögum og það kemst ekki í vana. Maður þykist alltaf þekkja inn á félagann og öfugt og það verður oft barn-ingur út af því. Svo er líka keppni á milli félaganna í svona leikjum og það er alltaf

gaman,“ sagði Halldór en hann er að flytja í næsta hús við hlíðina á Heimri á næstunni og þeir félagar eru þegar farnir að skipuleggja grillveislu næsta sumars. Heimir segist ekki bíða síður spenntur eftir því að mæta Halldóri. „Það leggst mjög vel í mig að mæta Dóra og það er alltaf gaman að mæta gömlum KA-félögum. Það er alltaf mjög sérstakt og maður fær aukakraft fyrir svona leiki. Svo er ég að vinna með tveim Frömurum þannig að það er alveg ljóst að ég verð meira en tilbúinn í þennan leik,“ sagði Heimir ákveðinn. „Ég var grimmur gegn þeim síðast en verð enn grimari núna. Það verður ekkert gefið eftir í þessum leik.“



ÚRSLIT

Eimskipsbikar karla:

Valur-Haukar 23-22 (12-11)
Mörk Vals (skot): Ernir Hrafn Arnarson 6 (13), Sigfús Páll Sigfússon 5 (6), Baldvin Þorsteinsson 5/2 (7/2), Fannar Friðgeirsson 3 (8), Elvar Friðriksson 2 (7), Ingvar Árnason 1 (1), Kristján Karlsson 1 (1), Arnór Gunnarsson (4).
Varín skot: Ólafur H. Gíslason 21 (43/2) 49%.
Mörk Hauka (skot): Arnar Jón Agnarsson 6 (12), Sigurbergur Sveinsson 4 (12), Andri Stefan 4 (12), Kári Kristjánsson 3 (4), Frey Brynjarsson 3 (6), Arnar Pétursson 1 (1), Halldór Ingólfsson 1/1 (2/1), Gísli Þórisson (3), Jón K. Björnsson (1/1).
Varín skot: Magnús Sigmundsson 10 (27/2) 37%, Gísli Guðmundsson 6 (12) 50%.

Afturelding 2 - Fram 20-39
N1-deild karla:

HK-ÍBV 36-22
Mörk HK (skot): Ragnar Hjaltested 10/4 (14/5), Ragnar Snær Njálsson 5/1 (6/1), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (4), Sigurgeir Árni Ægisson 3 (4), Gunnar Steinn Jónsson 3/1 (5/1), Sergei Petraytis 3 (5), Tomas Eitutis 3 (7), Árni Þórisson 2 (2), Agustas Strazdas 2 (3), Hákon Bridde 1 (1), Bjarki Már Gunnarsson 1 (2), Armar Sæþórsson (1).
Varín skot: Egíðijus Petckvicius 13/1 (28/2) 46%, Guðlaugur Tryggvi Karlsson 5 (12/1) 41%.
Hraðaupphlaup: 13 (Ragnar 4, Sigurgeir 3, Ragnar 3, Ólafur, Árni, Agustas)
Fiskuð víti: 7 (Arnar Þór 2, Tomas 2, Hákon, Árni, Agustas)
Utan valla: 6 mínútur
Mörk ÍBV (skot): Sergy Trotsenko 12/2 (27/2), Zilvinas Grieze 3 (6), Nikolaj Kulikov 2 (2), Leifur Jóhannsson 2 (6), Sindri Haraldsson 2 (8), Grétar Þór Eyþósson 1 (2/1), Hilmur Björnsson (1), Davíð Óskarsson (1).
Varín skot: Kolbeinn Arnarson 17/1 (50/6) 34%, Friðrik Sigmarsson (3/1) 0%.
Hraðaupphlaup: 3 (Nikolaj, Leifur, Grétar)
Fiskuð víti: 3 (Nikolaj 2, Brynjar)
Utan valla: 16 mínútur

Iceland Express-deild karla:

Grindavík-Snaefell 82-95
Stígahæstir hjá Grindavík: Þorleifur Ólafsson 21, Jonathan Griffin 15, Páll Axel Villbergsson 13.
Stígahæstir hjá Snaefelli: Hlynur Bæringsson 27, Sigurður Þorvaldsson 23, Justin Shouse 23.
Stjarnan-ÍR 82-97
Stígahæstir hjá Stjörnunni: Dimitar Karadzovski 23, Sævar Haraldsson 21, Calvin Roland 15.
Stígahæstir hjá ÍR: Hreggviður Magnússon 30, Sveinbjörn Claesen 21, Nate Brown 21
Hamar-KR 90-91
Stígah. hjá Hamri: George Byrd 38 (17 frá.), Roni Leimu 16, Marvín Valdímars. 13, Bojovic 11.
Stígah. hjá KR: Brynjar Björnsson 18, Avi Fogel 18, Joshua Helm 16, Zdravevski 14, Pálmi 10.
Skallagrímur-Njarðvík 90-82
Stígah. hjá Skalla.: Zekovic 27, Fall 23, Flake 20.
Stígah. hjá Njar.: Brenton 20, Jóhann Ólafs 12.



Í HELJARGREIPUM Haukamaðurinn Andri Stefán komst lítt áleiðis gegn Valsvörninni í gær. Hann er hér í klóm Elvars Friðrikssonar og Ernir Hrafn Arnarsonar.

Varnarsigur Valsmanna

Valur bókaði sæti í undanúrslitum Eimskipsbikarsins eftir sigur á Haukum, 23-22. Þó svo að Haukar næðu að stöðva hraðaupphlaup Vals og hægja á leiknum kom allt fyrir ekki því Valur vann á vörn, markvörslu og skynsamri sókn.

HANDBOLTI Það var mikið látið með að Valsmenn yrðu að keyra upp hraðann til að leggja Hauka í bikarnum. Það tókst þeim aldrei í gær en Valsmenn létu það ekki á sig fá og spiluðu fína vörn með Ólaf Hauk í fantaformi fyrir aftan. Þessi fína vörn og markvarsla, ásamt ákaflega þolinmóðum og skynsömum sóknarleik, lagði grunn að góðum sigri Hlíðarenda-liðsins gegn toppliði N1-deildarinnar.

Fyrri hálfleikur var nokkuð sveiflukenndur. Valur leiddi framan af, svo náðu Haukar þriggja marka forskoti en Valur kom til baka á ný og leiddi með einu marki í leikhléi, 12-11. Valsmenn byrjuðu síðari hálfleikinn af

miklum krafti og komust í 14-11.

Í stöðunni 17-16 setti Aron, þjálfari Hauka, Gísli Guðmundsson í markið og sú skipting svínvirkaði því Gísli varð eins og bersker um leið og hann kom í markið og Haukar náðu forystunni, 17-18. Þeir fóru í kjölfarið ákaflega illa að ráði sínu í sóknarleiknum og Valur náði yfirhöndinni á nýjan leik.

Lokamínútur leiksins voru æsispennandi en Sigfús Páll, sem átti mjög góðan leik fyrir Valsmenn, skoraði lykilmarkið er hann kom Val í 22-20 þegar mínúta var eftir. Það bil náðu Haukar ekki að brúa og Valur kominn í undanúrslit.

„Þetta var alvöru bikarleikur og mjög sterkt hjá okkur að koma til

baka eftir að hafa lent undir 17-18,“ sagði Baldvin Þorsteinsson Valsari eftir leikinn. „Haukarnir voru snöggir aftur og náðu að draga úr hraðanum hjá okkur. Varnarleikurinn var góður eins og oft áður í vetur. Þegar vörnir er svona færanlega þétt þá vinnur okkur enginn.“

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var að vonum niðurlátur eftir leikinn.

„Þetta er gríðarlega svekkjandi því mér fannst við hafa getað klárað þennan leik. Það sem gerir útslagið að mínu mati er að við klúðrum allt of mörgum dauðafærum og það má einfaldlega ekki í svona jöfnum og spennandi leik,“ sagði Aron. **henry@frettabladid.is**



GRIMMIR ÍR-ingar gáfu ekkert eftir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild karla: Sigur hjá ÍR

KÖRFUBOLTI Góður síðasti fjórðungur hjá ÍR-ingum skilaði þeim mikilvægum stigum í botnbaráttunni í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær. Þeir unnu þá Stjörnunni í Ásgarði með fimmtán stiga mun, 82-97.

Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari ÍR, var mjög ánægður með leik sinna manna. „Við spilum góða vörn nánast allan leikinn og fráköstin voru mun betri og fleiri en þau hafa verið. Það var bara gott lið sem spilaði í ÍR búningnum í dag.“ Nate Brown sem er kominn aftur til ÍR skoraði 21 stig í leiknum. **- tom**

N1-deild karla:

Létt hjá HK

HANDBOLTI ÍBV, sem vann sinn fyrsta sigur um daginn, var númeri of lítið fyrir HK. Ragnar Hjaltested skoraði tíu mörk fyrir HK-líðið sem bar öruggan sigur úr bítum, 36-22.

„Þetta kannski virtist auðvelt en maður þarf alltaf að halda fullri einbeitingu í þessari deild því öll lið geta refsað,“ sagði Migilius Astrauskas, þjálfari HK, eftir leikinn.

Kolbeinn Arnarson, markvörður ÍBV, var að vanda í lítt öfundsverðu hlutverki en stóð sig með mikilli þryði og varði sautján skot. „Við gerum of mikið af heimskulegum mistökum og fáum allt of mikið af brottvísunum,“ sagði Kolbeinn. **- tom**

Snaefell hristi af sér slæmt gengi síðustu vikna í Grindavík í gær:

Frækinn sigur Snaefells gegn Grindavík

KÖRFUBOLTI Snaefell gerði góða ferð suður með sjó þegar liðið sigraði Grindavík 82-95 í gær.

Leikurinn byrjaði mjög fjórlega og voru Snaefellingar greinilega meittir til að selja sig dýrt. Hlynur Bæringsson skoraði fyrstu stig leiksins og uppfrá þeim stigum voru gestirnir allsráðandi á vellinum. Grindvíkingar virtust engan veginn tilbúnir í leikinn og voru þeir nokkuð lengi að komast í gang. Staðan eftir fyrsta leikhliða var 23-28 fyrir gestina.

Snaefell var enn í blástjórasetinu í upphafi annars leikhliða og svo virtist sem heimamenn væru ekki líklegir til að ógna þeim að ráði. Annað kom þó á daginn því Grindvíkingar tóku góða rispu sem varð til þess að Snaefell tók leikhlé og munurinn aðeins tvö stig, 32-34.

Þorleifur Ólafsson átti svo tilþríf leiksins þegar hann jafnaði



HEITUR Sigurður Þorvaldsson átti mjög finan leik gegn Grindavík í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

leikinn með trukkatroðslu og það kveikti heldur betur í heimamönnum. Leikurinn var svo í jánnum allt til hálfleiks og staðan 51-51.



Eimskipsbikarinn í handbolta karla í dag!

VALUR – HAUKAR
kl. 16.00
í Vodafone-höllinni

AFTURELDING 2 – AKUREYRI
kl. 16.00
að Varmá

Þú skorar með okkur! Eimskip

EURO 2008
Austria Switzerland

adidas

OFFICIAL SPONSOR

adidas

EURO PASS

adidas

OFFICIAL MATCH BALL

OFFICIAL MATCH BALL OF THE UEFA EURO 2008™

EURO 2008™

DON'T THINK OF IT AS A FOOTBALL. THINK OF IT AS A TEAM MATE.

INTRODUCING THE ALL-NEW EUROPASS WITH BRAND NEW DESIGN. MORE TEXTURE, MORE CONTROL, MORE GOALS.

Impossible is Nothing

adidas.com/football



Nýi EM boltinn frá adidas er kominn í verslanir!

Fáðu þér eintak í gjafapakkingu og eigðu möguleika á því að vera boltakrakki á EM.

Útsöluastaðir: adidas Concept Store; Útílif; Jói Útherji; Músík og Sport; Ozone; Sportver.



GLEÐI Íslensku stelpurnar fögnuðu mikið í gær. MYND/HLYNUR SIGMARSSON/HANDBOLTI

Kvinnalandsliðið lagði Hvít-Rússa í lokaleik sínum:

Mjög stoltur af liðinu

HANDBOLTI Íslenska kvinnalandsliðið lauk leik í undankeppni fyrir EM 2008 sem fram fer í Lít-háen með miklum glæsibrag er það lagði gríðarsterkt lið Hvít-Rússa, 31-30, í gær. Íslensku stelpurnar töpuðu fyrsta leik sínum í riðlinum fyrir heimamönnum en unnu hina fjóra leikina og komust örugglega áfram.

Fram undan hjá liðinu eru umspilsleikir næsta vor um þátttökurétt í sjálfri úrslitakeppni sem fram fer í Makedóníu í desember.

„Það er búinn að vera frábær

stígandi í þessu hjá okkur. Ég hafði trú á að við kæmumst áfram en þetta góður árangur er ofar vonum og við náum toppnum með þessum sigri. Þarna eru tíu leikmenn vel yfir 180 sentimetra en við eigum einn slíkan leikmann,“ sagði himinlifandi landsliðsþjálfari, Júlíus Jónsson, en Raket Dögg Bragadóttir var markahæst með níu mörk.

„Ég er mjög stoltur af liðinu og ég er í raun með nýtt landslið í höndunum og meðalaldurinn í þessum hópi er ekki nema 21 ár.“

- hbg

Markaveisla hjá Liverpool

Liverpool heldur áfram að raða inn mörkum en liðið skoraði fjögur mörk þegar Bolton kom í heimsókn á Anfield. Tottenham tapaði síðan óvænt á heimavelli fyrir Birmingham í skrautlegum leik þar sem mikið gekk á.

FÓTBOLTI Liverpool skaut í þriðja sæti ensku úrvalsdeildarinnar með öruggum sigri á Bolton, 4-0, á Anfield. Liverpool er nú búinn að vinna fimm leiki í röð og í þeim leikjum hefur liðið skorað 21 mark. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, gat ekki verið annað en sáttur eftir leikinn.

„Liðið er að spila vel þessa dagana. Við erum að skapa okkur fjölda færa og hefðum hæglega getað skorað fleiri mörk hér í dag,“ sagði Benitez en Sami Hyypiä, Steven Gerrard, Fernando Torres og Ryan Babel sáu um markaskorunina fyrir Liverpool í gær.

„Það er mikilvægt að mörkin dreifist á leikmenn. Það er auðveldara að stöðva lið þar sem sami maðurinn skorar nánast öll mörkin. Við erum að gera andstöðingum okkar mjög erfitt fyrir. Við erum í góðu formi og sjálfstraustið er ákaflega gott þessa dagana og vonandi verður það eins gott síðari hluta tímabilsins. Ég tel að við getum enn bætt okkar leik. Við höfum marga leikmenn og það er gott að eiga alltaf óþreytta menn til taks,“ sagði Benitez, sem hefur verið óhræddur við að dreifa álaginu í vetur við mismiklar vinsældir.

Gary Megson, stjóri Bolton, sagði erfitt að kyngja tapinu, sem kemur viku eftir að liðið lagði Manchester United.

„Það er erfitt að útskýra þetta en tapið hefur náð okkur niður á jörðina. Svo mikið er víst. Við spiluum ekki vel og börðumst ekki



LÍF OG FIÐR Leikmenn Liverpool skemmtu sér konunglega í gær er þeir rúlluðu Bolton upp. Þeir fagna hér einu af mörkunum sínum fjórum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

eins og gegn United. Það var allt annað lið sem mætti til leiks hér í dag,“ sagði Megson svekktur.

Alex McLeish fékk óskabyrjun í sínum fyrsta leik sem stjóri Birmingham þegar hans menn komu til baka og unnu Tottenham á White Hart Lane. Gary McSheffrey kom Birmingham yfir en Robbie Keane skoraði þá tvívegis og kom Spurs yfir. Cameron Jerome jafnaði fyrir Birmingham og Sebastian

Larsson skoraði sigurmarkið með glæsilegu skoti á lokamínútu leiksins.

„Það var mjög svekkjandi að lenda undir í síðari hálfleik. Við sýndum samt frábæran karakter með því að koma til baka. Þetta var mitt fyrsta mark í úrvalsdeildinni og ég hefði vart getað valið betri tíma til að skora,“ sagði hetja Birmingham, Sebastian Larsson.

henry@frettabladid.is

FRUMSÝND 30. NÓVEMBER

HITMAN
SJÁÐU MYNDINA OG SPILAÐU LEIKINN!

SENDU SMS JA HMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVÖ, HITMAN LEIKIR, DVD MYNDIR, VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA!

9 HVER VINNINGUR!

SMÁRRÁÐ BIÓ REGNBOGINN

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáráðind. Köpavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Dregið var í riðla fyrir Evrópukeppnina í gær:

C-riðill er dauðariðillinn

FÓTBOLTI Loftið var lævi blandið þegar dregið var í riðla fyrir EM sem fram fer næsta sumar í

Austurríki og Sviss. Óhætt er að segja að C-riðill sé sannkallaður dauðariðill en í honum eru Ítalía, Frakkland, Holland og Rúmenía.

Tvö efstu liðin í hverjum riðli fara áfram en Frakkland og Ítalía, sem spiluðu úrslitaleik í síðustu heimsmeistarakeppni, mætast í lokaumferðinni. Opunarleikurinn er leikur Svisslendinga og Tékkna í Basel 7. júní.

- hbg

RIÐLARNIR Í EM

A-riðill:

Sviss
Tékkland
Portúgal
Tyrkland

B-riðill:

Austurríki
Króatía
Þýskaland
Pólland

C-riðill:

Holland
Ítalía
Rúmenía
Frakkland

D-riðill:

Grikkland
Svíþjóð
Spánn
Rússland



ÞEIR MUNU BERJAST Þjálfarar liðanna í C-riðli halda hér á Evrópubikarnum.

NORDIC PHOTOS/GETTY



KAKÁ Kysir hér verðlaunagripinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Knattspyrnumaður Evrópu:

Kaká bestur

FÓTBOLTI Verst geymda leyndarmálið í knattspyrnuheiminum var afhjúpað í gær þegar Brasilíumaðurinn Kaká, sem hefur farið á kostum með Evrópumeisturum AC Milan, var valinn besti knattspyrnumaður Evrópu. „Verðlaunin eru mjög sérstök fyrir mig og fullkomna frábært ár,“ sagði Brasilíumaðurinn.

Cristiano Ronaldo hjá Man. Utí varð annar og Lionel Messi hjá Barcelona varð þriðji.

- hbg



JÓLADAGATAL ICELANDAIR OG ÍSLANDS Í DAG

70 flugmiðar í jólapottinum.

Á hverjum degi fram að jólum sendum við heppinn áhorfanda út í heim. Þú gætir unnið ferð til London, Parísar, New York eða einhvers annars af 24 áfangastöðum Ícelandair.

Fylgstu með Íslandi í dag og hver veit nema þú sért á leiðinni út í heim.



Uppáhaldsdagblað þjóðarinnar – takk fyrir okkur



77% velja Fréttablaðið sem miðil að sínu skapi

71% velja Morgunblaðið, 51% velja 24 stundir

Fréttablaðið

Morgunblaðið

24 stundir

Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinar-góðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsmæðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

Allt sem þú þarft – alla daga



> John Cusack

Í flestum myndum Johns má finna tilvísun í einhverja af eftirlætishljóm-sveitunum hans; The Clash, The Ramones eða The Specials. Í High Fidelity, Say Anything og Must Love Dogs, sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld, klæðist hann til dæmis stuttermabol með nafni einhvern af hljómsveitunum.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER STOLTUR AF GÍSLA EINARSSYNI

Hann er vinsæll og veit af því

Það verður ekki framhjá því lítið að umræðan um jafnréttismál hefur löngum verið á lágu plani. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að umræðan er leidd af konum og málefnið er nokkuð sem karlmenn nenna ekki að tala um. Hvern skal undra? Kvenfrelsi er, af þeim konum sem láta hæst, metið í því hversu margar konur sitja í stjórnunum fyrirtækja. Hvítvoðungar úr bleiku og bláu í kynlausu liti er annað. Orðið ráðherra er ekki heldur nothæft lengur (bloggarar hvetja til að orðinu þingsköp verði breytt í þingtittlingur).

Vígvöllurinn er þó raunverulega heima í stofu. Þetta vitum við karlar sem ennþá mótmaelum þegar konur heimta að við setjumst niður til að pissa. Ef ofstækiskonur eru að leita sér að óvini, og einhverju til að breyta á annað borð, þá er hann að finna hjá sjónvarpsstöðvunum. Dagskrárstjórar, sem allir eru karlmenn, vinna að því leynt og ljóst að dáleiða kvenmenn þessa lands með „stelpufni“, svo

strákarnir komist út úr húsi til að funda (en þar skipuleggja karlar næstu leiki í refsákáinni gegn konum). Þetta sást til dæmis vel á laugardagskvöldi. Á meðan konur þessa lands sátu andstuttar yfir Gísla Einarssyni í Laugardagslögnum var ekkert í þættinum sem höfðaði til karlmanna. Hefði ekki verið hugmynd að hafa fallega stúlku með þrýstinn barm á sviðinu, til mótvægis við Gísla? Ég var á fundi og missti af öllu saman, en fjölmargar konur hafa komið að máli við mig og hrósað Gísla fyrir framgönguna. Fataval hans hafi undirstrikað karlmennsku hans á smekklegan hátt, auk þess sem hann bætti upp litleysi kvenstjórnanda þáttarins. Allt var þetta auðvitað með ráðum gert. Karlmenn vita það en konur er sama. Þær vilja fá skammtinn sinn; Gíslafíxið sitt. Á meðan funda karlarnir og taka ákvarðanir sem breyta heiminum. Eins og til dæmis um litaval á fatnaði hvítvoðunga. Hvaða ákvröðun ætli konur hefðu tekið ef þær hefðu eitthvað um fataval barna að segja?



EKKI MISSA AF



20.00 *Memoirs of a Geisha* stöð 2 bíó



20.15 *Extreme Makeover: Home Edition* stöð 2



22.00 *C.S.I.: New York* Skjár einn



22.30 *Damages* sirkus



22.45 *Slúður sjónvarpið*

SJÓNVARPIÐ

- 15.55** Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 16.35** Leidarljós
- 17.20** Tákn málsfréttir
- 17.30** Hanna Montana
- 17.55** Myndasafnið
- 17.56** Gurra grís
- 18.00** Fæturnir á Fanney
- 18.12** Halli og risaeðlufatan
- 18.20** Út og suður
- 18.45** Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veður
- 19.35** Kastljós
- 20.05** Aldamótabörn (2:3) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.
- 21.10** Glæpahneigð (30:45) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.20** Sportið Í þættinum verður farið yfir viðburði helgarinnar í íþróttahúsinum.
- 22.45** Slúður (12:13) Bláðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímaríti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttimar úr heimi fræga fólksins. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.35** Spaugstofan
- 00.05** Bráðavaktin (20:23)
- 00.50** Kastljós
- 01.20** Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.40** *The Big Bounce*
- 08.00** *Must Love Dogs*
- 10.00** *Chasing Liberty*
- 12.00** *Memoirs of a Geisha*
- 14.20** *The Big Bounce*
- 16.00** *Must Love Dogs*
- 18.00** *Chasing Liberty*
- 20.00** *Memoirs of a Geisha* Rómantísk Óskarsverðlaunamynd um unga konu sem seld var í ánaud á barnsaldri. Henni er gert að sjá um þrif á vinsælu geisjuhúsi.
- 22.20** *Silent Cry*
- 00.00** *The Manchurian Candidate*
- 02.05** *Gang Tapes*



- 07.00** *Barnatími Stöðvar 2* Stubbarnir, Jesús og Jósefína, Kalli kanína og félagar.
- 08.10** *Oprah*
- 08.55** Í finu formi
- 09.10** *The Bold and the Beautiful*
- 09.30** *Wings of Love* (76.120)
- 10.15** *Commander In Chief* (3.18)
- 11.15** *Veggfóður* (4.20)
- 12.00** Hádegisfréttir
- 12.45** Nágrannar
- 13.10** *Sisters* (15.22)
- 13.55** *Love Don't Cost a Thing*
- 15.55** *S Club 7* (e)
- 16.20** *Barnatími Stöðvar 2*
- 17.28** *The Bold and the Beautiful*
- 17.53** Nágrannar
- 18.18** *Ísland í dag og veður*
- 18.30** Fréttir
- 19.25** *The Simpsons* (15.22) (e)
- 19.50** Friends
- 20.15** *Extreme Makeover. Home Edition* (25:32) Þriðja þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover. Home Edition. 2006.
- 21.00** *Side Order of Life* (8.13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega myndin framhaldsbáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Ally McBeal. 2007.
- 21.45** *Crossing Jordan* (4.17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennubáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh og féлага hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. 2006. Bönnuð börnum.
- 22.30** *Studio 60* (19.22) Bandarískur framhaldsbáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki.
- 23.15** *Double Dare* Margverðlaunuð heimildamynd um tvær áhættuleikkonur sem berjast við að ná á toppinn í Hollywood. Fjöldi stórstjarna kemur fram í myndinni, þar á meðal Steven Spielberg, Quentin Tarantino og Zoe Ball. 2004.
- 00.35** NCIS (13.24)
- 01.20** Most Haunted
- 02.05** *Love Don't Cost a Thing*
- 03.45** *Dogtown and Z-Boys*
- 05.20** Fréttir og Ísland í dag
- 06.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SYN besta sætið

- 07.00** *Spænski boltinn* (Betis - Atl. Madrid) Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 17.40** *Spænski boltinn* (Espanyol - Barcelona) Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 19.20** *NFL deildin* (Dallas - Green Bay) Útsending frá leik Dallas og Green Bay í NFL deildinni.
- 21.20** *Þýski handboltinn* (Þýski handboltinn - Highlights) Öll helstu tilbrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
- 22.00** *Spænsku mörkin* (Spænsku mörkin) Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafélagið Sýnar kryfja öll umdeildustu atvik ásamt Heimi Guðjónssyni.
- 22.45** *Heimsmótaröðin í póker* (World Series of Poker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilari heimansins að spílaborðinu og keppa um miklar fjárhæðir.
- 23.40** *Spænski boltinn* (Betis - Atl. Madrid) Útsending frá leik í spænska boltanum.

SYN2

- 07.00** *Liverpool - Bolton* Útsending frá leik Liverpool og Bolton sem fór fram sunnudaginn 2. desember.
- 16.05** *Reading - Middlesbrough* Útsending frá leik Reading og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 1. desember.
- 17.45** *English Premier League 2007/08* Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
- 18.45** *1001 Goals* Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.
- 19.50** *Man. Utd. - Fulham* Bein útsending frá leik Man. Utd og Fulham.
- 21.50** *English Premier League 2007/08* Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
- 22.50** *Coca Cola-mörkin*
- 23.20** *Man. Utd. - Fulham* Útsending frá leik Man. Utd og Fulham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram mánudaginn 3. desember.

SKJÁREINN

- 08.00** *Dr. Phil* (e)
- 08.45** *Vörutorg*
- 09.45** *Óstöðvandi tónlist*
- 16.15** *Vörutorg*
- 17.15** *Allt í drasli* (e)
- 17.45** *Rules of Engagement* (e)
- 18.15** *Dr. Phil*
- 19.00** *30 Rock* (e)
- 19.30** *Giada's Everyday Italian* (e)
- 20.00** *Friday Night Lights* (16:22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaíðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Það er mikil spennan í loftinu þegar svörtu leikmennirnir í liðinu neita að spila nema McGill verði rekinn fyrir ummæli sín. Matt reynir ákæft að fá Julie til að taka sig aftur í sátt en hún er á hættulegri braut með nýju vinkonunni.
- 21.00** *Heroes* (5:24) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Peter er á Írlandi og reynir að forðast fortíðina en kemst að því að dularfull kona er tilbúin til að drepa til að finna hann. Matt og nýr félagi hans fljúga til Filadelfíu til að finna martraðamanninn en komast fljótt að það er við ofurefli að etja.
- 22.00** *C.S.I.: New York* (14:24) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og féлага hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Klæðskiptingur er myrtur á karlaklósetti á flottu hóteli og rannsóknardeildin kemst að því að fórnarlambið hafði lent í útistöð-um við þingmann skömmu áður.
- 23.00** *The Drew Carey Show* - NÝTT Bandarískir gamanþættir um hið sérkennilega möppudýr og flugvallarokkara Drew Carey.
- 23.30** *Californication* (e)
- 00.05** *Masters of Horror* (e)
- 01.05** *NÁTTHRAFNAÐ*
- 01.06** *C.S.I.*
- 01.50** *Ripley's Believe it or not!*
- 02.35** *Trailer Park Boys*
- 03.00** *Vörutorg*
- 04.00** *Óstöðvandi tónlist*

SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 12.15** *Samantekt helstu fréttá vikunnar* á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.
- OMEGA**
Dagskrá allan sólarhringinn.

Sigurveggarar
Verðlaunasjónvörp í flokki LCD og plasma tækja

199.900-
SAMSUNG 40" LCD

Frábært tæki sem fékk nýlega hin eftirsóttu EISA verðlaun.

189.900-
Panasonic 42" plasma

Glæsilegt tæki af nýjstu kynslóðinni sem fékk nýlega hin eftirsóttu EISA verðlaun.

Kíktu við í verslun okkar og svalaðu þorstanum með iskaldri Coke í gleri á meðan þú skoðar nýjstu sjónvörpin!

svaR) tækni
WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.40

Side Order of Life

Side Order of Life er rómantískur og glettilega myndin framhaldsbáttur í anda Grey's Anatomy og Ally McBeal. Jenny er á þrítugsaldri þegar hún vaknar upp við vondan draum. Hún hefur aldrei lífað lífinu til fulls og þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf. Í kvöld kemst Jenny að því að hennar fyrrverandi er farinn að hitta aðra stúlku og hún tekst á við afbrýðisemina með því að fara á stefnumót með mun eldri manni.



ALDAMÓTABÖRN

Sjónvarpið kl. 20.05

Breskur heimildarmyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra. Í öðrum þætti er fjallað um þörfina fyrir að falla inn í hópinn eða skera sig úr. Öll viljum við líta á okkur sem sjálfstæða einstaklinga en sumir hafa meiri ánægju af því en aðrir að skera sig úr. Það getur komið sér vel að falla inn í hópinn, en vandamál geta líka fylgt því að elta alltaf aðra.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Bak við stjörnumar
- 15.03 Útlarpssagan: Skáldað í skörðin
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjörnuvíkingur
- 21.20 Kvika
- 22.15 Áfsprengi
- 23.10 Upp og ofan
- 00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (70.260)

16.30 Hollyoaks (71.260)

17.00 Totally Frank

18.15 Smallville (21.22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er príðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Leyfð öllum aldurshópum.

19.00 Hollyoaks (70.260)

19.30 Hollyoaks (71.260)

20.00 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. 2005.

21.15 Smallville (21.22) (e)

22.00 Næturvaktin (12.13) Ný íslensk þáttaröð með Jóni Gnari og Péttri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum.

22.30 Damages (9.13) Glænýr og hörkuspennandi lögræðibáttur með stórkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinni á toppinn. 2007. Bönnuð börnum.

23.15 Prison Break (4.22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Panama og hafa nú verið lokaðir inni í skelfilegasta fangelsi Panama og þótt víðar væri leitað. Það þýðir að eins eitt; hefja þarf nýja flóttatilraun 2007. Bönnuð börnum.

00.00 Sjáðu

00.25 Johnny Zero (4.13)

01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

11.30 Dad's Army 12.00 My Family 12.30 My Hero 13.00 Bargain Hunt 13.30 Bargain Hunt 14.00 Dalziel and Pascoe 15.00 What not to Wear 15.30 Antiques Roadshow 16.30 Model Gardens 17.00 My Family 17.30 My Hero 18.00 Teen Angels 19.00 Popcorn 20.00 Waterloo Road 21.00 Blackadder the Third 21.30 Red Dwarf III 22.00 Popcorn 23.00 Dad's Army 23.30 Waterloo Road 0.30 My Family 1.00 My Hero 1.30 EastEnders 2.00 Popcorn 3.00 Bargain Hunt 3.30 Bargain Hunt 4.00 Trading Up 4.30 Balamory

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 21 Söndag 11.50 Aftenshowet 12.15 OBS 12.20 Guide til veirs 12.50 DR1 Dokumentaren - Ravnsøtre 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste 15.30 Robotboy 15.45 Troldspejlet 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Svinget 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren Ryge - Manden og ømen 19.00 Michael Palin i det nye Europa 20.00 TV Avisen 20.25 Horsost 20.50 Sportnyt 21.00 Efter Thomas 22.35 OBS 22.40 Seinfeld 23.05 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

NRK 1

11.10 Kjempekrabbenes invasjon 11.40 Grosvold 12.20 Åpen himmel: Engler i advent 12.50 Med hjertet på rette staden 13.40 Urter 14.00 Newton 14.30 Erstatterne 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 KatjaKaj og BenteBent 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Berre ein gris 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Jane Eyre 21.30 Store studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsejef Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturnytt 0.35 Sport jukeboks 2.00 Country jukeboks

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.45 Karriär 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.25 Min förskola 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Hjämkontoret 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Föreställningar 20.30 Kobra 21.00 En pappas kamp 22.00 Rapport 22.10 Kulturmyheterna 22.20 Babben & co 23.20 Vita huset 0.05 Sändningar från SVT24



Nýir tveggja hraða* Ferrari smábílar







Aðeins 250 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell eldsneyti eða 100 krónur ef keyptir eru 20 lítrar af Shell V-Power

Byrjaðu strax að safna!

*Afhugið að Formula 1 smábílinn er með eins hraða, stíglausan mótur

Vörumerki Shell eru notað af Skjalungi með leyfi Shell Brands International AG.

POWERED BY
Shell
V-Power

Made to move





„Þegar ég er við skrifir finnast mér betra að hafa þögn, en annars finnast mér ágætt að hafa tónlist í bakgrunninum. Ég er með fullt af tónlist í fartölvunni sem ég hlusta gjarnan á og núna er popphljómsveit frá Japan sem heitir Halcali í miklu uppáhaldi.“

Paul Nikolov, varaþingmaður Vinstri grænna.

Leoncie lokar og læsir ólöglegri vefsíðu

„Einhverjir óprúttir náungar notuðu bæði lögin mín, sögu mína og myndir og bjuggu til heimasíðu með mínu nafni,“ segir Leoncie í samtali við Fréttablaðið en hún kveðst hafa látið bresku lögregluna loka síðunni myspace.com/leoncie. Þar mátti heyrja lög með indversku prinsessunni og myndir af „vinum“ hennar sem voru annað hvort berir að ofan eða með yfirvaraskegg. Fréttablaðið athugaði hvort þetta væri raunin og í ljós kom að umræddri vefsíðu hafði verið lokað.

Leoncie segir að heimasíðan hafi farið í loftið skömmu eftir að hún fluttist til Bretlands fyrir tveimur árum en þar býr hún í Essex eins og komið hefur fram í

Fréttablaðinu. Hún segist hafa reynt árangurslaust að fá yfirvöld á Íslandi í lið með sér en þegar það hafi ekki gengið hafi bresku lögregluþjónarnir komið henni til bjargar með góðum árangri. „Ég er með lögfræðinga í málinu og þeir ætla að fara yfir þetta og sjá hvað þeir geta gert,“ segir Leoncie en höfundarrétturinn er verndaður samkvæmt lögum. „Af hverju hugsar fólk ekki bara um sjálft sig í staðinn fyrir að þykjast vera einhverjir aðrir?“ bætir hún við. - fgg



STOLIÐ FRÁ LEONCIE Indverska prinsessan er ekki þar ánægð með My Space-síðuna og hefur látið loka henni.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. merki 6. klaki 8. þrí 9. skilaboð 11. hreyfing 12. messing 14. misþjóða 16. halló 17. for 18. spíra 20. tveir eins 21. eignarfornafn.

LÓÐRÉTT

1. fangi 3. borðaði 4. umhverfis 5. óhróður 7. lítilsvert málefni 10. arinn 13. háma 15. auma 16. rámur 19. bardagi.

armá, 16. há, 19. at.
nið, 7. samæði, 10. síð, 13. úða, 15.
LÓÐRÉTT: 1. gísl, 3. át, 4. kringum, 5. hæ, 17. aur, 18. dala, 20. mm, 21. sítt.
LAUSN LÁRÉTT: 2. ták, 6. ís, 8. tíf, 9. sms, 11. íð, 12. látun, 14. móðga, 16.

STÖÐ 2: FJÓRAR LEIKNAR ÞÁTTARAÐIR NÆSTA SJÓNVARPSVETUR


Sakamálaæðið yfir í sjónvarp

Þau Sigurjón Kjartansson, Margrét Örnólfsdóttir, María Reyndal og Kristinn Þórðarson munu öll koma að gerð nýrrar leikinnar spennuþáttraraðar sem verður tekin til sýningar á Stöð 2 sjónvarpsveturinn 2008 til 2009. Þetta staðfestir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Sigurjón mun stýra handritsgerðinni og vera auk þess meðframleiðandi en hann er einnig einn af aðalmönnum á bak við Pressu sem verður frumsýnd í þessum mánuði. Pálmi segir að enn eigi þó fleiri eftir að bætast í þennan úrvalshóp handritshöfunda.

Að sögn Pálma verða mun fleiri þættir í nýju þáttaröðinni en í Pressunni, þar sem þeir eru alls sex talsins. Hann vildi þó lítið gefa upp um efni þáttaröðarinnar en sagði að miklar vonir væru bundnar við Pressu og því væri verið að veðja á þann hest. Pressa gerist á harðsvírðu dagblaði en baksíðu nýju þáttaröðarinnar er enn leyndarmál.

Sakamálaæðið sem hefur tröllriðið íslenskum bókamarkaði virðist því vera að færa sig yfir í sjónvarpið. RÚV ætlar eftir áramót að frumsýna Mannaveiðar sem byggð er á bók Viktors Arnar Ingólfssonar, Afturelding, og er auk þess með sakamálaþáttaröð í bígerð eftir bókum Örnar Evarssonar. Allt stefnir því í metár á næsta ári hvað leikið efni varðar og Stöð 2 ætlar að leggja sitt af mörkum. Þegar hefur verið tilkynnt um sjálfstætt framhald Næturvaktarinnar sem hefur slegið í gegn hjá íslenskum sjónvarpsáhorfendum og Pálmi lofar að fleira sé á teikniborðinu. Stöð 2 sé stórhuga á þessu sviði. „Við ætlum okkur að vera með fjórar leiknar þáttaraðir á næsta sjónvarpsvetri,“ lýsir Pálmi yfir.

Að sögn sjónvarpsstjórans er verið að leggja drög að nýjum



HÖFUNDAR NÝJU ÞÁTTARAÐARINNAR

Þau Sigurjón Kjartansson, María Reyndal og Margrét Örnólfsdóttir verða meðal þeirra sem skrifa handritið að nýrri spennuþáttaröð.

gamanþáttum sem verða í ætt við Stelpurnar en þó á nýjum forsendum. Enn er þó á huldu hvornig hún verður og vildi Pálmi lítið tjá

sig um það en viðurkenndi að þetta væri ákaflega spennandi hugmynd.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson heldur til í New York þessa dagana. Hann segir frá því á bloggi sínu að hann hafi rekist á konu að nafni Ronna B. Wallace en henni leist vel á mynd Ólafs, Queen Raquela,

sem fjallar um stelpuþráka á Filippseyjum. Ronna þessi reyndist vera alfróð um kvikmyndabransann enda framleiddi hún meðal annars Tarantino-myndina Reservoir Dogs á sínum tíma og gaf hún Ólafi nokkur góð ráð.



Prálátur orðrómur hefur verið uppi um samband Magna Ásgeirssonar og Dítönu, sem keppti um hylli sveitarinnar Supernova í Rock Star-þáttunum sem allir muna. Nú síðast birtist tengili á mynd af þeim söngfuglum-

um saman á hokkileik á tenglasíðunni vinsælu b2.is, sem samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ku vera rúmlega árs gömul. Magni hefur þó ekkert gefið út á orðróminn og lætur kjafta-sögur ekkert á sig fá frekar en fyrri daginn.

Istorrent-málið virðist ekki hafa slegið niðurhalsglaða Íslendinga út af laginu, en nýja síðan **The Viking Bay** fer nú vaxandi dag frá degi. Notendum fjölgaði um um það bil þúsund manns um helgina, og voru riflega fimm þúsund skráðir notendur á síðunni í gær. Samkvæmt upplýsingum á henni eru fjögur þúsund þeirra karlmenn, núll gáfaðir notendur og núll vitlausir. Heitið vísar í torrentsíðuna The Pirate Bay, sem gefur sig út fyrir að vera sú stærsta af því tagi. Hvort vikingarnir hafa áform um að velgja sjóræningjum undir uggum skal ósagt látið.



SVAVAR LÚTHERSSON Á bág með að trúá því að nafnabreytingin sé tilviljun.

Auglýsingasími

512
50
50



- Mest lesið

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Tilviljun að Ragnar varð að Svavari

„Ég á afar bág með að trúá því að þetta sé tilviljun,“ segir Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent ehf., sem staðið hefur í ströngu undanfarnar vikur vegna lögbanns sem sett var á deiliskráarsíðu hans, torrent.is. Eftir því hefur verið tekið að auglýsing á vegum Microsoft sem sýnd er í helstu kvikmyndahúsum borgarinnar hefur tekið breytingum frá því sem áður var.

Umrædd auglýsing er í teiknimyndasögustil og segir frá manni sem ákveður að sækja sér óneft forrit með krókaleiðum í gegnum internetið. Vinnufélagi mannsins, nefndur Ragnar í upprunalegu auglýsingunni, skorar á hann að hansa lög og reglur og sækja forritið á netið án þess að greiða fyrir það. Sú ákvörðun reynist afdrifarík því stolna forritið hefur í för með sér alls kyns vírusa sem lama tölvukerfið á skrifstofunni. Boðskapur auglýsingarinnar er einfaldur – að sjóræningjastarfsemi á netinu hafi alvarlegar afleiðingar.

Í nýrri útgáfu auglýsingarinnar ber svo við að vinnufélaginn vandi heitir ekki lengur Ragnar heldur Svavar – og er því orðinn nafni tíðrædds Svavars Lútherssonar hjá Istorrent. Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir að ástæðan fyrir því



LÖGBRÍÐURINN Svona lítur Svavar, áður nefndur Ragnar, út í auglýsingu Microsoft.

að nafninu var breytt sé sú að stór samstarfsaðili fyrirtækisins hér á landi, einstaklingur sem ber nafnið Ragnar, hafi ýjað að því að hann vildi breyta nafninu. „Við ákváðum því að breyta nafninu og það er hrein tilviljun að nafnið Svavar var valið,“ segir Halldór. Hann kveðst ekki muna hvort auglýsingunni var breytt fyrir eða eftir lögbannið sem sett var á Istorrent en ítrekar að enginn ásetningur liggi að baki nafnabreytingunni. „Ég bendi á að okkur var boðið að taka þátt í málshöfðuninni með SMÁÍS gegn Istorrent en tókum þá ákvörðun að gera það ekki,“ segir Halldór.

Svavar segist ekki ætla að gripa til neinna ráðstafana vegna auglýsingarinnar. „Það yrði hæpið að fara í meidýrðamál þar sem erfitt er að sýna fram á að það sé átt við mig. Ég læt það í hendur almennings að dæma um hvort þetta sé tilviljun eður ei.“ - vig

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



Infac byssuskápur.

Öruggur og viðurkenndur skápur fyrir 7 byssur. Læsanlegt innra hólf fyrir skotfæri og verðmæti.

Verð aðeins 35.900.



Atlas snjóþrúgur.

Sterkbygðar þrúgur fyrir íslenskar aðstæður. 2 göngustafir og taska fylgir.

Verð aðeins 19.980.



ProLogic skotveiðijakki.

Vatnsheldur, hlýr jakki með góðri útöndun. Löng reynsla við íslenskar aðstæður.

Verð aðeins 23.900



ProLogic smekkbuxur.

Vatnsheldar og hlýjar buxur með góðri útöndun.

Verð aðeins 17.900.



ProLogic gönguskór.

Hlýir og vatnsheldir skór með útöndun. MAX4 felumynstur.

Verð aðeins frá 9.995



ProLogic skotveiðihanskar.

Hlýir og vatnsheldir hanskar með góðri útöndun. Max4 felumynstur.

Verð aðeins 2.995.



Ameristep felubirgi.

Eitt mest keypta felubirgið undanfarin ár.

Frábært verð. Aðeins 16.880.



Gerviandasett.

12 gerviendur í góðum netpoka. Blyteinar og bond fylgja.

Verð aðeins 10.980 fyrir allt þetta.



Sierra tvihenduset.

12,6 eða 14 feta tvihenda í 4 hlutum frá Sierra. Gott tvihenduhjól ásamt skotlínu og kastkennslu á DVD fylgir. Vinsæll og góður tvihendupakki.

Jólatilboð aðeins 37.900.



Sage fluguveiðipakki.

FLi eða Launch. 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og Rio flugulína.

Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á hólk.

Verð aðeins frá 34.900.



Nýtt! NRS flotveiðivesti.

Sérhönnuð flot vesti fyrir veiðimenn.

Örugg vesti í alla veiði.

Verð aðeins 12.980



Danvise.

Vinsælasti fluguhnýtingavæsin á markaðnum.

Verð aðeins 7,980. (plata á mynd er aukabúnaður). Einnig fluguhnýtingasett og fluguhnýtingakennsla á DVD.



Veiðiflugur Íslands.

Biblíu fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.

Verð aðeins 3.995



Ron Thompson næstisbakpoki

Tilvalinn í tjaldvagninn, fellihýsið, útileguna og veiðitúrinn.

Verð aðeins 4.995.



Zpey tvihendan.

Byltingarkennda tvihendan sem allir eru að tala um. Kastkennsla fylgir hverri stöng.

Verð aðeins 89.900.



Wish. Íslenska fluguveiðihjólíð.

Falleg hönnun, vönduð smíð.

Verð aðeins frá 39.900

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -



SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -



VEIÐIHORNID

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Föromenn í góðæri

Við, Jón Kalman Stefánsson, Kristín Svava Tómasdóttir, Pétur Blöndal, Vigdís Grímsdóttir og yfirritaður, erum fimm á ferð um Norðausturland í Landkrúser frá bílaleigu sem heitir Hertz. Á kvöldin lesum við upp fyrir áheyrendur, fólk sem tekur það fram yfir aðra afþreyingu að fá að sjá og heyra íslenska rithöfundu. Á hverjum stað biða okkur hlýjar móttökur hjá fólki sem þykir vænt um bækur. Við erum föromenn bókaþjóðar.

Á LEIÐINI milli staða ræðum við mannlíf og atvinnuástand á svæðinu, og við ræðum líka okkar líf, atvinnu og afkomu. Þeir rithöfundar sem eru svo passlegir að finna náð fyrir augum úthlutunarnefndar starfslauna fá um 230 þúsund krónur á mánuði. Þeir sem njóta heiðurslauna frá Alþingi fá 125 þúsund krónur á mánuði. Fyrir hvert selt eintak af bók sem kostar um fjögur þúsund krónur fær höfundurinn um 500 kall. Þúsund seld eintök gera þá hálf milljón. Ljóðskáld og barnabókahöfundar sem skrifa ódýrari bækur fá auðvitað minna sem því nemur.

STUNDUM þegar ég hitti sjómenn, bændur, bankastjóra eða stjórnáamenn segja þeir mér í trúnaði að helst hefðu þeir viljað verða rithöfundar og skáld og lifa lífinu í unaðssemdu fagurra lista, djúpra hugsana og áhyggjulausri heiðrjúgu hugans. Það finnst mér dásamlegt að heyra og sannfærir mig um að innst inni langar okkur flestöll til að vera góðar manneskjur.

SJÁLFUR kann ég ekki við að vera svona nærgöngull og spyr sjómenninn ekki hvort honum sé ljúft að láta hafölduna vaggja sér og finna saltan ilm sjávarins. Ég spyr bóndann ekki að því hvort honum þygi lömb falleg. Bankastjórnann spyr ég ekki að því hvort konan á fimmpúsundkallinum höfði til hans kynferðislega og stjórnáamanninn spyr ég ekki að því hvort gáfulegra sé að hafa hvítvoðunga í bleiku eða bláu.

FYRIR að rúnta um fjöll og dali á Landkrúsernum fáum við fimmmenningarnir ókeypis mat og húsaskjól og 15 þúsund kall á mann fyrir hvert upplestrar-kvöld. Mórallinn í þessari ferðasögu er að listin er löng en lífið stutt, jafnvel í bullandi góðæri.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 3. desember, 337. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.50 13.17	15.45
Akureyri	10.58 13.02	15.05

Heimild: Almanak Háskólans



NÚ ER TÆKIFÆRIÐ


ALLIR SEM KAUPA SMÁBÍLANA NOTE OG MICRA FRAM TIL 15. DESEMBER FÁ VETRARDEKK Í KAUPBÆTI



sjálfskiptur **1.690.000 kr.** **VERÐ MEB VETRARDEKKJUM**




sjálfskiptur Visia **1.890.000 kr.** **VERÐ MEB VETRARDEKKJUM**



Frábær þjónusta á nýju verkstæði

Á nýju þjónustuverkstæði Ingvars Helgasonar starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.



Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16